



KVÍKA

Ársreikningur samstæðu

31. desember 2021

Efnisyfirlit

	Blaðsíða
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	1
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur samstæðunnar	9
Yfirlit yfir heildarafkomu samstæðunnar	10
Efnahagsreikningur samstæðunnar	11
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar	12
Yfirlit yfir sjóðstreymi samstæðunnar	14
Skýringar við samstæðuársreikning	15
- Almennar upplýsingar	16
- Starfsþættir	20
- Rekstrarreikningur	21
- Efnahagsreikningur	25
- Áhættustýring	37
- Fjáreignir og fjárskuldir	54
- Aðrar upplýsingar	59
- Helstu reikningsskilaaðferðir	62
Viðaukar - óendurskoðaðir	
Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf. 2021	79
Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.	84

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. („Kvika“ eða „bankinn“) fyrir árið 2021 samanstendur af Kviku og dótturfélögum bankans („samstæðan“).

Samstæðan starfrækir fjóra starfspætti, sem eru tryggingar, eignastýring, viðskiptabankasvið og fjárfestingabankasvið. Samstæðan veitir fyrirtækjum, fjárfestum og einstaklingum alhliða fjárfestingabanka-, trygginga- og eignastýringarþjónustu auk sérbankaþjónustu. Samstæðan var með 528 milljarða af eignum í stýringu í árslok 2021 samanborið við 527 milljarða í árslok 2020. Skýra má hina tiltölulega lágu aukningu ársins á eignum í stýringu með lítum á stórum, lokuðum sjóðum, sem vegur á móti aukningu eigna í stýringu hjá sjóðum og einkabanka. Bankinn er skráður á aðallista Nasdaq OMX Ísland.

Samruni við TM hf. og Lykil fjármögnun hf.

Í mars 2021 gekk, hinn áður tilkynnti, þríhliða samruni við TM hf. („TM“) og Lykil fjármögnun hf. („Lykill“) í gegn og er því, frá lok mars 2021, tryggingastarfsemi hluti af rekstri samstæðunnar í gegnum dótturfélagið TM tryggingar hf. Hluthafar TM fengu, í staðinn fyrir hluti sína í TM, 2.509.934.076 hluti í Kviku. Greitt var með útgáfu nýs hlutafjár í lok mars 2021. Í samræmi við IFRS 3, sameiningar fyrirtækja, hefur kaupverði TM og Lykils verið úthlutað á aðgreinanlegar eignir og yfirteknar skuldir. Samkvæmt niðurstöðu kaupverðsútdelingar er færð viðskiptavild við samrunann sem nemur 21 milljarði króna. Vísað er til skýringar 3 varðandi frekari upplýsingar um samrunann.

Í kjölfar samrunans hefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands („FME“) tilgreint samstæðuna sem fjármálasamsteypu á fjármálasviði eins og hún er skilgreind í 3. gr. laga nr. 61/2017 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Skilgreiningin hefur í för með sér að eiginfjárfra samstæðunnar er nú reiknuð sem gjaldþolshlutfall fjármálasamsteypu. Gjaldþol segir til um getu samstæðunnar til að taka á sig áföll, og gefur þar með til kynna fjárhagslegan styrk hennar.

Kaup á Netgíró hf. og Aur app ehf.

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2021 lauk samstæðan við kaup á Netgíró hf. („Netgíró“) og Aur app ehf. („Aur“). Netgíró býður upp á „kaupa núna, greiða seinna“ þjónustu og Aur er leiðandi fjártækni-félag. Bæði félögin búa yfir stórum hóp viðskiptavina og eru kaupin í takti við stefnu Kviku að nýta tæknilausnir til að nútímavæða fjármálaþjónustu. Vísað er til skýringar 3 varðandi frekari upplýsingar um samrunana.

Rekstur á árinu 2021

Hagnaður ársins var 10.487 m.kr. (2020: 2.339 m.kr.), sem samsvarar arðsemi vegins efnislegs eigin fjár upp á 34,7% , miðað við eigið fé í upphafi árs, leiðrétt fyrir breytingum á hlutafé og viðskiptum með eigin bréf. COVID-19 faraldurinn heldur áfram að hafa áhrif, ekki síst hvað varðar flóknar rekstraraðstæður. Hinsvegar hefur faraldurinn ekki haft mikil áhrif á starfsemi samstæðunnar og tekjuskapandi einingar. Hreinar rekstrartekjur samstæðunnar á árinu námu 21.997 m.kr. (2020: 8.666 m.kr.). Hreinar vaxtatekjur námu 4.646 m.kr. (2020: 1.800 m.kr.). Hreinar þóknartekjur námu 6.828 m.kr. (2020: 5.956 m.kr.). Hrein iðgjöld og tjón námu 4.247 m.kr. (ekki hluti af rekstri samstæðunnar á árinu 2020). Aðrar rekstrartekjur námu 6.276 m.kr. (2020: 910 m.kr.). Rekstrarkostnaður ársins nam 11.635 m.kr. (2020: 5.724 m.kr.). Fjárhæðir í rekstrarreikningi ársins innihalda ekki starfsemi TM, Lykils né Aurs á fyrsta ársfjórðungi þar sem samrunarnir áttu sér stað í lok mars. Ennfremur, þá innihalda þær ekki rekstur Netgíró í janúar þar sem sá samruni átti sér stað í lok janúar.

Samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé samstæðunnar í árslok 78.368 m.kr. (31.12.2020: 19.208 m.kr.) og heildareignir námu 246.240 m.kr. (31.12.2020: 123.196 m.kr.).

Gjaldþolshlutfall samstæðunnar 31.12.2021 var 1,57, og nemur lögbundið lágmark 1,0. Engar samanburðarfjárhæðir eru til staðar þar sem þetta er fyrsta árið sem samstæðunni ber að reikna gjaldþolshlutfall.

Stjórn bankans leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2022 vegna ársins 2021.

Horfur í starfsemi

Í kjölfar vel heppnaðs samruna við TM og Lykil, og kaupa á Aur og Netgíró, hefur fjárhagslegur styrkleiki Kviku aldrei verið meiri. Bankinn býr að öflugum efnahagsreikningi, fjölbreyttum starfspáttum og áhugaverðum vaxtartækifærum. Starfspættir samstæðunnar, tryggingar, eignastýring, viðskiptabankasvið og fjárfestingabankasvið, eru allir mjög arðsamir og með góðar rekstrarhorfur. Fyrirhuguð kaup á Ortus Secured Finance (OSF), munu síðan enn frekar auka fjölbreytni í tekjumyndun samstæðunnar. Væntingar eru því til þess að rekstur Kviku verði áfram stöðugur og arðbær á þessu ári, en rétt að taka fram að markaðsaðstæður árið 2021 voru óvenju góðar.

Eigna- og eiginfjárstaða okkar hefur eflst umtalsvert á undanförunum misserum og væntingar eru til þess að sú þróun haldi áfram. Það er forgangsmál að viðhalda áfram sterkri eiginfjár- og lausafjárstöðu og á þessu ári verður áhersla lögð á skuldabréfaútgáfu bankans, bæði hériendis og alþjóðlega, og innlánssöfnun á Íslandi. Eigið fé Kviku umfram kröfur eftirlitsaðila er óvenju mikið, en jafnframt styrkist eiginfjárstaðan stöðugt vegna umtalsverðrar hagnaðarmyndunar í rekstri. Eins og tilkynnt hefur verið, er gert ráð fyrir að hluti af þessu umframeiginfé muni vera skilað til hluthafa í formi arðgreiðsna og kaupa á eigin bréfum, en markmið samstæðunnar er jafnframt að viðhalda háum eiginfjárlutföllum. Það gerir samstæðunni kleyft að nýta innri sem ytri vaxtatekifæri á skynsamlegan hátt, þar sem horft verður til þess að auka tekjudreifingu og áhættudreifingu útlánabókar.

Á þessu ári verður nýting margvíslegra vaxtartækifæra í forgrunni. Í Bretlandi er stefnt að því að styðja á skynsamlegan hátt við vöxt OSF og auka arðsemi rekstrarins með hagfelldari fjármögnun í kjölfar kaupa Kviku. Væntingar standa til þess að vöxtur verði áfram mjög háur á sviði fjártækni þar sem áhersla verður lögð á að bjóða viðskiptavinum fjölbreytta þjónustu og vörufraðboð frá hinum ýmsu einingum samstæðunnar. Þá er það einnig markmið að TM muni styrkja stöðu sína á tryggingamarkaði og þá sérstaklega að auka hlutdeild félagsins í líf- og sjúkdómatryggingum.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Horfur í starfsumhverfinu

Íslenskt efnahagslíf hefur náð viðspyrnu og hefur verg landsframleiðsla aukist frá 6,5% samdrætti á árinu 2020 vegna Covid-19 farsóttarinnar. Verg landsframleiðsla á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2021 var hærrí en upphaflegar spár gerðu ráð fyrir og er búist við að hagvöxtur verði um 5% á árinu eða 1% hærrí en opinberar spár bentu til. Atvinnuleysi hefur lækkað og stefnir í að verði 5,0%, sambærilegt og fyrir Covid-19 farsóttina, þar sem tímabundnum stuðningsaðgerðum við vinnumarkaðinn hefur að mestu verið hætt. Vinnumarkaðurinn hefur sögulega verið sveigjanlegur og eftir því sem atvinnuleysi verður sambærilegt því sem það var fyrir farsóttina, ferðapjónustan eflist og bjartsýni neytenda eykst þá má gera ráð fyrir skorti á vinnuafli þegar framleiðsluslakinn hverfur. Verðbólga hefur verið vaxandi og náði hámarki í 5,7% á ársgrundvelli í lok árs 2021 og má aukninguna að mestu rekja til hækkandi hrávöruverðs á heimsvísu, kostnaðar við flutninga, íbúðaverðs og launakostnaðar. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði yfir 5,0% á árinu 2022 og eru spár um að hún fari ekki undir 4,0% fyrr en á árinu 2023 og er þar með talið með vænt 10% hækkun gengis krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum og kjarasamningsbundnar hækkunar launa á vinnumarkaði. Hrávöruútflutningur eins og sjávarafurðir og orka (framleiðsla áls) hefur tekið við sér vegna hækkandi hrávöruverðs og einnig hefur annar alþjóðlegur útflutningur (óháð náttúruauðlindum) búið að mikilli eftirspurn. Til skemmri tíma eru jákvæð merki um viðsnúning í ferðapjónustu sem búa mun við vöxt á næstu árum. Helstu óvissuþættir sem snúa að efnahagsbatanum er framþróun farsóttarinnar á alþjóðavísu þar sem Ísland er mjög háð alþjóðlegum viðskiptum.

Hlutfé og hluthafar

Útgefið hlutfé bankans var 4.907 m.kr. þann 31. desember 2021 (2020: 2.141 m.kr.). Í lok árs átti bankinn eigin bréf að nafnvirði 117 m.kr. (2020: 0 m.kr.). Eigin bréfin eru tilkomin vegna endurkaupaáætlunar. Hlutfé bankans var hækkað um 2.766 m.kr. að nafnvirði á árinu.

Fjöldi hluthafa í bankanum nam 2.820 í árslok 2021 (2020: 990), enginn átti meira en 10% af útgefnum hlutfé (2020: 0). Tíu stærstu hluthafar bankans eru sem hér segir:

Hluthafi	31.12.2021	31.12.2020
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	8,20%	7,57%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	6,28%	5,86%
Stoðir hf.	6,11%	8,24%
Gildi - lífeyrissjóður	4,61%	0,29%
Arion banki hf.	4,40%	2,18%
Birta lífeyrissjóður	4,33%	2,30%
Stapi lífeyrissjóður	3,08%	0,28%
Lífsvérk lífeyrissjóður	2,47%	2,89%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	2,14%	0,23%
Bóksal ehf.	2,02%	-
	43,63%	29,85%

Nánari upplýsingar um hluthafa er að finna í skýringu 73.

Áhættustýring

Áhættustýring hefur það að markmiði að stuðla að góðri og skilvirkri áhættumeningu innan samstæðunnar og auka skilning starfsfólks og stjórnenda á áhættutöku samstæðunnar, ásamt matsferli tengdu áhættu og eiginfjárstöðu. Lögð er áhersla á að fylgjast vel með nýjustu þróun og innleiðingu reglna er lúta að áhættustýringu, svo sem varðandi eiginfjár- og lausafjárstýringu. Samstæðan stendur frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu sem tengjast starfsemi hennar sem fjármálasamsteypa á fjármálasviði og stafa af daglegum rekstri. Virk áhættustýring felst í greiningu á áhættu, mælingum og aðgerðum til þess að takmarka áhættu ásamt vöktun áhættuþátta þvert á samstæðuna. Áhættustýringu samstæðunnar og helstu áhættuþátta er lýst í skýringum með ársreikningnum. Vísað er til skýringa 46-63 varðandi umfjöllun um helstu áhættuþætti.

Stjórnarhættir

Kviku ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Kvika hagar stjórnarhættum sínum í öllum meginatriðum í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í febrúar 2021. Eina frávikid felst í því að Kvika hefur ekki skipað tilnefningarnefnd eða ákveðið hvernig hún skuli skipuð, eins og nánar er fjallað um í viðauka við ársreikninginn sem innheldur stjórnarháttaryfirlýsingu. Bankinn hefur í tvígang hlotið viðurkenningu um stjórnarhætti sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarhættum í kjölfar stjórnarháttáúttektar byggðri á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gefa út, fyrst árið 2018 og aftur árið 2021. Viðurkenningin gildir til þriggja ára nema að verulegar breytingar verði á stjórn eða eignarhaldi bankans. Stjórn stefnir að því að láta framkvæma slíka úttekt reglulega og viðhalda framangreindri viðurkenningu.

Um kosningu stjórnarmanna bankans er fjallað í samþykktum hans og kys aðalfundur árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum. Það er stefna félagsins við stjórnarkjör að samsetning stjórnar félagsins sé með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem félagið stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Hlutfall hvors kyns í stjórn og meðal varamanna skal ekki vera lægra en 40%. Um kosningu gilda jafnframt ákveðið laga um hlutfélag nr. 2/1995 og laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samþykktum bankans má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum, enda sé þess getið í fundarboði að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar greiddra atkvæða svo og hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvæðum samþykktu bankans um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki allra þeirra hluthafa sem sæta eiga réttarskerðingu, sbr. 3. mgr. 94. gr. laga um hlutafélag nr. 2/1995.

Stjórn bankans leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að fylgt sé viðurkenndum tilmælum í þeim efnum. Stjórnin hefur sett ítarlegar reglur sem afmarka verksvið og verkefni stjórnar og forstjóra. Reglurnar ná m.a. til þátttöku stjórnarmanna í einstökum ákvörðunum, meðferð trúnaðarupplýsinga og upplýsingagjöf forstjóra til stjórnar. Allir stjórnarmenn eru óháðir bankanum og stórum hluthöfum hans og sitja engir starfsmenn bankans í stjórn hans. Bankinn leggur áherslu á jafnrétti kynjanna og eru tveir af fimm stjórnarmönnum konur.

Kvika hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika stjórnar, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda með tilliti til aldurs, kyns eða menntunarlegs og faglegs bakgrunns. Ástæður þess eru raktar ítarlega í stjórnarháttayfirlýsingu Kviku.

Stjórn ákvarðar starfskjör forstjóra. Stjórn hefur falið undirnefndum stjórnar tiltekin verkefni, þ.e. áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Í samræmi við samþykktir bankans eru a.m.k. þrjú meðlimir skipaðir í hverja nefnd, þar af eru að minnsta kosti tveir stjórnarmenn. Óheimilt er að tilnefna starfsmenn bankans í undirnefndir stjórnar. Meðlimir nefndanna skulu búa yfir nægjanlegri reynslu og þekkingu hvað varðar verkefni hvorrar nefndar samkvæmt viðeigandi lögum og reglum. Hver nefnd hefur sett sér starfsreglur sem stjórn bankans hefur staðfest.

Stjórn mótar áhættustefnu og áhættuvilja samstæðunnar með reglum um áhættustýringu fjármálasamsteypu Kviku banka hf. sem skilgreina áhættuþætti í rekstri samstæðunnar, þ.á.m. eðli þeirra og ásætlanlegt umfang.

Forstjóri bankans er ábyrgur gagnvart stjórn fyrir því að koma á virku innra eftirliti og áhættustýringu í tengslum við gerð samstæðuársreikningsins. Innra eftirlit og áhættustýring í tengslum við samstæðuársreikning eru skipulögð með það að markmiði að koma í veg fyrir verulega annmarka á reikningsskilunum. Stjórn Kviku og eftirlitseiningar bankans staðreyna reglulega virkni innra eftirlits og áhættustjórnunar.

Áhættunefnd er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja hans og hefur m.a. eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar. Endurskoðunarnefnd Kviku er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga bankans og óháði endurskoðenda bankans. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits auk innri og ytri endurskoðunar. Helstu þættir innra og ytra eftirlits og áhættustýringarkerfa í tengslum við reikningsskilaferlið eru raktir með ítarlegum hætti í stjórnarháttayfirlýsingu Kviku.

Nánari upplýsingar um stjórnarhætti bankans er að finna í viðauka við ársreikninginn sem innheldur stjórnarháttayfirlýsingu. Stjórnarháttayfirlýsinguna má einnig nálgast á heimasíðu hans, www.kvika.is.

Sjálfbærni og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ný stefna fyrir samstæðu Kviku var samþykkt á árinu 2021. Leiðarljós stefnunnar fela meðal annars í sér áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Þá er eitt af sjö aðalmarkmiðum Kviku á grundvelli stefnunnar að hafa raunveruleg og mælanleg áhrif á kolefnisspor Íslands og loftslagsmál almennt. Gildi Kviku er áfram langtímahugsun, ásamt einfaldleika og hugrekki, sem eru ný gildi samstæðunnar.

Fjallað er um ábyrga ákvarðanatöku í siðareglum Kviku sem endurspeglar gildi bankans og stefnu. Siðareglurnar eru samþykktar af stjórn Kviku og staðfestar af starfsfólki. Þá hefur bankinn sett siðareglur fyrir birgja og eru mikilvægir birgja beðnir um að staðfesta þær.

Bankinn hefur sett sér samfélagsstefnu sem fjallar um sameiginlega sýn og áherslur í samfélagsmálum, hvert Kvika stefnir, skyldur og skuldbindingar. Eigendastefnur Kviku kveða á um að sjálfbærni og samfélagsmál séu meðal annars samræmd innan samstæðunnar. Á árinu 2021 stofnaði Kvika nefnd um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni og nýja stöðu verkefnastjóra sjálfbærni. Nefndin og verkefnastjóri sjálfbærni fylgja eftir innleiðingu málaflokksins á samstæðugrunni.

Kvika tekur þátt í ýmsu samstarfi á sviði sjálfbærni og veitir margvíslega styrki til samfélagsins. Haustið 2020 varð Kvika aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (PRI) fyrir hönd samstæðunnar, og hefur síðan þá unnið að innleiðingu meginreglnanna inn í starfsemina.

Kvika er viðskiptabanki sem leggur áherslu á fjártæknilausnir. Með stafrænni tækni styður Kvika við umhverfið með einfaldari og vistvænni ferlum, vörum og þjónustu. Á meðal græns vöru- og þjónustuframboðs bankans á árinu 2021 má nefna græn bílalán Lykils fjármögnunar, sem er nú vörumerki á bankasviði Kviku, og græna framtíðarreikninga Auðar. Báðar vörur lúta skilmálum grænnar fjármálaumgjarðar Kviku. Þá fór Kvika í sína fyrstu grænu skuldabréfaútgáfu í desember 2021.

Í samræmi við ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 um ófjárhagslega upplýsingagjöf er fjallað um stöðu Kviku með tilliti til þróunar, umfangs og áhrifa Kviku, meðal annars í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál í yfirliti með skýrslu stjórnar í samstæðureikningi. Þar er einnig fjallað um stefnu bankans vegna mannréttindamála og hvernig spornað er við spillingu og mútum, sem og um aðra þætti sem felast í samfélagslegri ábyrgð Kviku, sbr. 4. mgr. 66. gr. d. ársreikningalaga. Vísað er til 2021 sjálfbærnisráðgjafar Kviku varðandi nánari umfjöllun um ófjárhagslega upplýsingar í starfsemi samstæðunnar.

Sjálfbærnisráðgjafar Kviku er gefin út í samræmi við útgáfu 2,0 af UFS mælikvörðum Nasdaq á Íslandi og með hliðsjón af stöðlum Global Reporting Initiative (GRI). Er um að ræða fyrstu skýrslu samstæðunnar í slíkri framsetningu. Sjálfbærnisráðgjafar má nálgast á vef bankans, www.kvika.is, en henni verður einnig skilað til ársreikningaskrár, sem hluti af ófjárhagslegri upplýsingagjöf samstæðu Kviku.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið innleiddir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur, eftir því sem við á, í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr 162/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Samkvæmt bestu vitneskju okkar gefur ársreikningur samstæðunnar glögga mynd af eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu þann 31. desember 2021 og rekstrarafkomu hennar og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2021. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningur samstæðunnar og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem hún býr við.

Það er álit okkar að ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2021 auðkenndur sem „254900WR3I1Z9NPC7D84-2021-12-31-en.zip“ sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við gildandi reglur um sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (ESEF).

Stjórn og forstjóri hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2022.

Stjórn bankans

Sigurður Hannesson
Stjórnarformaður

Guðmundur Þórðarson
Varaformaður stjórnar

Helga Kristín Auðunsdóttir

Ingunn Svala Leifsdóttir

Guðjón Reynisson

Forstjóri

Marinó Örn Tryggvason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Kviku banka hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Kviku banka hf. fyrir árið 2021 sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og eftir því sem við á, viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnana.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar bankans í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kviku banka hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Kviku banka hf., eða þar sem við á, móðurfélagi þess eða dótturfélögum innan Evrópusambandsins, óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mestu þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi bankans árið 2021. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináhersla við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
<p>Kaup á félögum og samruni</p> <p>Þann 30. mars 2021 sameinaðist Kvika banki hf. og TM hf. Eins og kemur fram í skýringu 3 var kaupverðið 49,4 milljarðar. Við kaupverðsútteilingu var 5,0 milljörðum deilt á aðgreindar eignir og skuldir og því 21 milljarður sem skilgreint var sem viðskiptavild.</p> <p>Sameiningin var færð frá 30. mars 2021 í samstæðuársreikninginn og eitt af dótturfélögum TM hf. (TM tryggingar hf.) myndar hina nýju váttryggingarstarfsemi í starfsþáttaryfirliti samstæðunnar.</p> <p>Samruninn og kaupverðsútteilingin felur í sér flókið stjórnendamát í samræmi við IFRS 3, þar með talið að ákveða kaupanda og meta aðgreinanlegar eignir og skuldir.</p> <p>Byggt á flækjustigi sem þessu fylgir höfum við skilgreint kaup og samruna sem megináherslu í endurskoðun.</p>	<p>Í samræmi við áhættumat okkar höfum við farið yfir það innra eftirlit sem til staðar er varðandi reikningsskil fyrir kaup og samruna og farið yfir hvort helstu forsendur séu viðeigandi.</p> <p>Við höfum fengið verðmats sérfræðing hjá Deloitte til að fara yfir forsendur stjórnenda sem eru notaðar í verðmatslíkönum til að meta hvort til staðar séu aðgreinanlegar eignir og skuldir, þar á meðal:</p> <ul style="list-style-type: none"> Farið yfir forsendur sem notaðar eru við að meta virði aðgreinanlegra eigna og skulda og líftíma óefnislegra eigna. Prófað verðmatslíkanið þar með talið útreikning þess og aflað stuðningsgagna fyrir áætlað framtíðarsjóðstreymi, áætlanir og lykilsforsendur. Íhugað áhrif mögulegra breytinga á lykilsforsendur og framkvæmt næmniútreikninga til að mæla áhrif hugsanlegra breytinga á forsendum stjórnenda. <p>Við höfum einnig farið yfir skýringu 3 með samstæðuársreikningnum og hvort upplýsingarnar séu í samræmi við kröfur IFRS 3.</p>

Áritun óháðs endurskoðanda

Mat útlána og virðisrýrnun	
<p>Útlán til viðskiptavina samstæðunnar námu 72.925 milljónum í árslok og vænt útlánatap bankans nam 1.343 milljónum á móti lánum á afskrifuðu kostnaðarverði, óáðregnum lánum og ábyrgðum þann 31. desember 2021.</p> <p>Ákvörðun um mat á virðisrýrnun útlána er háð mati stjórnenda. Vegna mikilvægis matsins, umfangs þess og áhrifa á samstæðuársreikninginn teljum við mat á virðisrýrnun útlána vera megináherslu við endurskoðun okkar.</p> <p>Mikilvægustu forsendur eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þróun hagstærða sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap. • Greina tímanlega fyrirgreiðslur með verulega aukningu í útlánaáættu og virðisrýrðar fyrirgreiðslur. • Mat á tryggingum og forsendur sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap til að meta líkur á vanskilum og framtíðar sjóðstreymi útlána. • Mat stjórnenda á ákveðnum lánum þar sem talið er að líkanið nái ekki að meta þau með fullnægjandi hætti. <p>Frekari upplýsingar um vænt útlánatap er að finna í skýringum 23, 50 og 89 með samstæðuársreikningnum.</p>	<p>Við höfum lagt mat á virðisrýrnun útlána, óáðregin lán og ábyrgðir og metið aðferðarfræðina sem beitt er ásamt því að leggja mat á þær forsendur sem tilgreindar eru í lýsingu á megináherslunni, byggt á áhættumati okkar og þekkingu á fjármálafyrirtækjum.</p> <p>Við endurskoðum okkar lögðum við mat á hvort aðferðarfræði bankans sé í samræmi við IFRS 9.</p> <p>Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Prófun á lykilefirlitsþáttum vegna forsenda sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap. • Gagnaendurskoðun á virði trygginga með sérstaka áherslu á yfirskrifað mat stjórnenda á virði trygginga. • Farið yfir líkanið um líkur á vanskilum (PD líkan) frá CreditInfo og hvernig það hefur verið aðlagð til að endurspeglar vænt útlánatap bankans. • Við höfum lagt mat á hversu viðeigandi væntingar um þróun hagstærða eru með hliðsjón af lánasafni bankans og hvernig þeim var beitt við útreikning á væntu útlánatapi. <p>Við höfum farið yfir hvort skýringar í samstæðuársreikningi séu í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).</p>
Mat á tjónaskuld	
<p>Vátryggingaskuld samstæðunnar nam í árslok 2021, 22.434 milljónum króna. Þar af nam tjónaskuld 16.493 milljónum.</p> <p>Útreikningur á tjónaskuld er talin megináhersla í endurskoðuninni þar sem ákvarðanir um forsendur hennar, krefur stjórnendur um að leggja mat á framtíðarþróun.</p> <p>Aðferðarfræðin sem beitt er og breytingar í forsendum, geta haft veruleg áhrif á útreikning tjónaskuldar.</p> <p>Stjórnendur hafa greint frekar frá vátryggingarskuldinni í skýringum 33 og 104 í samstæðuáreikningum.</p>	<p>Í samræmi við áhættumat okkar höfum við farið yfir og lagt mat á tjónaskuld samstæðunnar og aðferðarfræðina sem beitt er og forsendur sem notaðar eru.</p> <p>Tryggingastærðfræðingar Deloitte lögðu mat á aðferðarfræði og forsendur við útreikninga á tjónaskuld og fólst skoðun okkar m.a. í eftirfarandi þáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Prófanir á helstu eftirlitsaðgerðum varðandi útreikningsmódelið, gagnasöfnun og greiningar og ákvörðun forsenda. • Framkvæmdum gagnaskoðanir og úrtaksprófanir á opnum tjónum og lögðum mat á hvort nægjanlega hafi verið fært í tjónaskuld í árslok. • Lögðum mat á hvort fyrstu áætlanir við tjónamat væru viðeigandi þegar frekari upplýsingar liggja ekki fyrir. • Meta aðferðarfræði og útreikning IBNR. • Yfirferð á afstemmingum milli kerfa sem útreikningur tjónaskuldarinnar byggir á. <p>Jafnframt höfum við farið yfir hvort skýringar í samstæðuársreikningum séu í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).</p>

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra, viðauka með stjórnarháttaryfirlýsingu og ófjárhagslegum upplýsingum.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki annars staðar fram í samstæðuársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og eftir því sem við á, viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnana. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kviku banka hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa bankann upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum hvort reikningsskilaáferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óháði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óháði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óháði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árslytareiknings, aðra staðfestingarvinnu og ráðgjöf varðandi skattaleg málefni. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óháði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Kviku banka hf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Áritun óháðs endurskoðanda

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (e. European Single Electronic Format - ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Kviku banka hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á það hvort samstæðuársreikningur Kviku banka fyrir árið 2021 með skráarheitið „254900WR311Z9NPC7D84-2021-12-31-en.zip“ hafi í meginatriðum verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format), ESEF reglur EU 2019/815 sem innihalda skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreiknings á XHTML formi og iXBRL merkingum samstæðuársreikningsins.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Í þeirri ábyrgð felst meðal annars að útbúa ársreikning á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins, EU 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format, ESEF reglur).

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu um hvort samstæðuársreikningurinn, byggt á þeim gögnum sem við höfum aflað, sé í öllum meginatriðum í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álit okkar. Eðli, tímasetning og umfang aðgerða sem valdar eru byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á áhættunni að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Kviku banka hf. fyrir árið 2021 með skráarheitið „254900WR311Z9NPC7D84-2021-12-31-en.zip“ hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu um sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (ESEF reglur).

Deloitte var kjörið endurskoðandi Kviku banka hf. á aðalfundi félagsins þann 21. apríl 2021. Deloitte hefur verið endurskoðandi Kviku banka hf. síðan á aðalfundi félagsins árið 2016.

Kópavogur, 24. febrúar 2022

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðunnar

Fyrir árið 2021

	Skýringar	2021	2020
Vaxtatekjur		7.084.596	3.719.984
Vaxtagjöld		(2.438.481)	(1.919.810)
Hreinar vaxtatekjur	5	4.646.115	1.800.174
Þóknatekjur		7.224.480	6.149.794
Þóknagjöld		(396.739)	(194.136)
Hreinar þóknatekjur	6	6.827.741	5.955.659
Eigin iðgjöld, að frádragnum hlut endurtryggjenda		11.808.210	0
Eigin tjón, að frádragnum hlut endurtryggjenda		(7.560.809)	0
Hrein iðgjöld og tjón	7	4.247.400	0
Hreinar fjárfestingatekjur	8	5.671.978	832.595
Hlutdeild í tapi hlutdeildarféлага, a.t.t. til tekjuskatts	26	(27.566)	(7.427)
Aðrar tekjur		631.391	85.048
Aðrar rekstrartekjur		6.275.803	910.215
Hreinar rekstrartekjur		21.997.059	8.666.048
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10-13	(11.634.885)	(5.723.554)
Hrein virðisbreyting	14	138.842	(317.468)
Endurmat skilyrtrar skuldbindingar		(97.548)	(286.058)
Endurmat fjárfestingaegna	27	83.095	0
Hagnaður fyrir skatta		10.486.563	2.338.969
Tekjuskattur	15	347.634	28.277
Sérstakur fjársýsluskattur	16	(35.454)	(16.613)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	17	(135.299)	(77.402)
Hagnaður ársins		10.663.444	2.273.231

	Skýringar	2021	2020
Tilheyrir hluthöfum Kviku banka hf.		10.734.181	2.348.621
Hlutdeild minnihluta	25	(70.737)	(75.390)
Hagnaður ársins		10.663.444	2.273.231
Hagnaður á hlut	18		
Hagnaður á hlut		2,62	1,10
Þynntur hagnaður á hlut		2,56	1,02

Skýringar á bls. 16 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

Yfirlit yfir heildarafkomu samstæðunnar

Fyrir árið 2021

	Skýringar	2021	2020
Hagnaður ársins		10.663.444	2.273.231
Gangvirðisbreyting fjáreigna sem færðar eru á gangvirði yfir heildarafkomu, eftir skatta		(108.180)	20.887
Innleystur hreinn hagnaður færður í gegnum rekstrarreikning, eftir skatta		11.522	948
Breyting á varasjóð vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði yfir heildarafkomu		(96.657)	21.834
Gengismunur vegna þýðingar á erlendum dótturfélögum		12.238	48.935
Önnur heildarafkoma sem síðar kann að vera færð yfir rekstur		(84.419)	70.769
Heildarafkoma ársins		10.579.025	2.344.000

	Skýringar	2021	2020
Tilheyrir hluthöfum Kviku banka hf.		10.649.762	2.419.390
Hlutdeild minnihluta		(70.737)	(75.390)
Heildarafkoma ársins		10.579.025	2.344.000

Skýringar á bls. 16 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

31. desember 2021

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	19	38.645.894	28.945.030
Verðbréf með föstum tekjum	20	40.046.651	28.785.033
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	21	22.683.295	5.072.830
Verðbréf til áhættuvarna	22	22.085.696	19.620.240
Útlán	23	71.587.646	29.322.972
Afleiður	24	2.734.216	389.671
Hlutdeildarfélag	26	67.000	42.240
Fjárfestingaeignir	27	1.100.000	1.016.905
Óefnislegar eignir	28	31.455.409	3.562.621
Rekstrarleiguaeignir	29	1.458.621	0
Varanlegir rekstrarfjármunir		405.695	162.373
Skatteign	15,30	3.177.763	835.816
Endurtryggingaeignir	33	749.383	0
Aðrar eignir	31	10.042.553	5.440.092
Eignir samtals		246.239.821	123.195.821
Skuldir			
Innlán	32	78.669.807	59.924.683
Vátryggingaskuld	33	22.434.447	0
Lántökur	34	17.261.048	26.424.340
Víxlaútgáfa	35	0	2.003.608
Skuldabréfaútgáfa	36	32.597.716	5.568.085
Víkjandi lán	37	3.371.766	2.077.225
Skortstöður í verðbréfum	38	1.323.631	1.520.547
Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna	39	1.280.868	731.987
Afleiður	24	3.008.401	1.750.346
Skattar ársins		347.068	341
Skattskuldbinding	30	899.942	236.186
Aðrar skuldir	40	6.677.507	3.750.472
Skuldir samtals		167.872.201	103.987.820
Eigið fé			
Hlutfé	41	4.790.139	2.141.002
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		50.316.002	4.290.521
Aðrir varasjóðir		9.613.793	5.014.902
Óráðstafað eigið fé		13.696.745	7.740.546
Eigið fé sem tilheyrir hluthöfum Kviku banka hf.		78.416.678	19.186.971
Hludeild minnihluta	25	(49.058)	21.030
Eigið fé samtals		78.367.620	19.208.001
Skuldir og eigið fé samtals		246.239.821	123.195.821

Skýringar á bls. 16 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar

Fyrir árið 2021

1. janúar 2021 til 31. desember 2021	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Aðrir varasjóðir					Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa samstæðunnar	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
				Kaup- réttir	Áskriftar- réttindi	Sérstakur varasjóður	Gangvirðis- breytingar	Þýðingar- munur					
Eigið fé 1. janúar 2021		2.141.002	4.290.521	0	149.462	3.103.697	27.293	54.520	1.679.930	7.740.546	19.186.971	21.030	19.208.001
Hagnaður ársins										10.734.181	10.734.181	(70.737)	10.663.444
Breyting á gangvirði fjáreigna í gegnum OCI							(108.180)				(108.180)		(108.180)
Innleystur hreinn gengishagnaður sem færður er yfir rekstur .. Þýðingarmunur erlendrar starfsemi							11.522				11.522		11.522
Gengismunur vegna þýðingar á erlendum dótturfélögum								11.589			11.589	649	12.238
Heildarafkoma ársins		0	0	0	0	0	(96.657)	11.589	0	10.734.181	10.649.113	(70.088)	10.579.025
Afkoma færð á bundið eigið fé									4.777.983	(4.777.983)	0		0
Leiðrétting frá fyrra ári							(5.459)				(5.459)		(5.459)
Viðskipti við eigendur bankans													
Hlutfjárukning		2.766.392	48.673.652								51.440.045	0	51.440.045
Eigin bréf yfirtekin við samruna		(6.400)	(126.720)								(133.120)		(133.120)
Eigin bréf keypt sem hluti af endurkaupaáætlun		(117.256)	(2.741.165)								(2.858.422)		(2.858.422)
Viðskipti með eigin bréf		6.400	126.720								133.120		133.120
Kaupréttir	72			4.430							4.430		4.430
Innlausn áskriftarréttinda	42		92.994		(92.994)						0		0
Eigið fé 31. desember 2021		4.790.139	50.316.002	4.430	56.468	3.103.697	(74.823)	66.109	6.457.912	13.696.745	78.416.678	(49.058)	78.367.620

Skýringar á bls. 16 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

Eiginfjárfirlit samstæðunnar

Fyrir árið 2020

1. janúar 2020 til 31. desember 2020	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Aðrir varasjóðir						Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa samstæðunnar	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
				Kaup- réttir	Áskriftar- réttindi	Sérstakur varasjóður	Gangvirðis- breytingar	Þýðingar- munur	Bundið eigið fé				
Eigið fé 1. janúar 2020		1.945.366	3.115.992	7.687	206.501	3.103.697	0	5.586	778.191	6.292.189	15.455.209	59.974	15.515.183
Hagnaður ársins										2.348.621	2.348.621	(75.390)	2.273.231
Breyting á gangvirði fjáreigna í gegnum OCI							20.887				20.887		20.887
Innlestur hreinn gengishagnaður sem færður er yfir rekstur .. Þýðingarmunur erlendrar starfsemi							948				948		948
Gengismunur vegna þýðingar á erlendum dótturfélögum								48.935			48.935		48.935
Heildarafkoma ársins		0	0	0	0	0	21.834	48.935	0	2.348.621	2.419.390	(75.390)	2.344.000
Afkoma færð á bundið eigið fé									901.739	(901.739)	0		0
Leiðrétting vegna skattáhrifa							5.459				5.459		5.459
Viðskipti við eigendur bankans													
Hlutfjárfáukning		195.637	1.108.806								1.304.443	36.446	1.340.889
Kaupréttir	72			2.471							2.471		2.471
Innlausn kaupréttanna			8.683	(10.158)						1.475	0		0
Innlausn áskriftarréttinda			57.038		(57.038)						0		0
Eigið fé 31. desember 2020		2.141.002	4.290.521	0	149.462	3.103.697	27.293	54.520	1.679.930	7.740.546	19.186.971	21.030	19.208.001

Skýringar á bls. 16 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

Yfirlit yfir sjóðstreymi samstæðunnar

Fyrir árið 2021

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2021	2020
Hagnaður ársins		10.663.444	2.273.231
Leiðrétt fyrir:			
Verðbætur og gengismunur		89.214	(1.458.673)
Hlutdeild í tapi hlutdeildarféлага, a.t.t. til tekjuskatts		27.566	7.427
Afskriftir og niðurfærslur		1.966.889	301.238
Hreinar vaxtatekjur		(4.646.115)	(1.800.174)
Hrein virðisbreyting		(138.842)	334.773
Tekjuskattur		(329.374)	(28.277)
Gangvirðisbreyting fjárfestingaeigna		(83.095)	0
Aðrir liðir		(71.925)	87.851
		7.477.762	(282.605)
Breytingar á:			
Verðbréf með föstum tekjum		3.833.960	(20.660.571)
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum		(5.042.426)	(1.413.622)
Verðbréf til áhættuvarna		(2.465.456)	4.654.529
Útlán		(2.802.876)	1.109.130
Afleiður - eignir		(763.439)	870.162
Rekstrarleigugæignir		946.974	0
Aðrar eignir		1.558.140	(500.618)
Innlán		18.479.161	8.255.394
Vátryggingaskuld		(276.730)	0
Skortstöður í verðbréfum		351.965	1.012.619
Afleiður - skuldir		1.215.432	468.005
Aðrar skuldir		(380.224)	538.821
		14.654.481	(5.666.153)
Fengnir vextir		6.555.029	3.440.541
Greiddir vextir		(1.905.378)	(1.653.626)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		26.781.893	(4.161.843)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í óefnislegum eignum	28	(458.271)	(354.053)
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum		(160.551)	0
Sala á varanlegum rekstrarfjármunum		0	169.536
Arður frá hlutdeildarfélögum		3.750	7.500
Fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum, án handbærs fjár		(845.239)	0
Hrein sala (fjárfesting) í hlutdeildarfélögum		0	363.000
Afborgun leigukrafna		19.915	28.430
Handbært fé (til) frá fjárfestingahreyfingum		(1.440.397)	214.413
Fjármögnunarahreyfingar			
Lántökur		(12.377.785)	5.672.370
Víxlaútgáfa		(5.291.000)	(1.941.697)
Víkjandi lán		(1.258.799)	0
Hlutfjárhækkun		1.994.343	1.361.462
Keypt eigin bréf		(2.858.421)	0
Lækkun á áskriftarréttindavarsjóð		0	(57.018)
Afborgun leiguskuldar		(299.701)	(197.076)
Handbært fé (til) frá fjármögnunarahreyfingum		(20.091.363)	4.838.040
Hrein hækkun á sjóði og innstæðum í Seðlabanka		5.250.133	890.610
Sjóður og innstæður í Seðlabanka í upphafi árs		28.945.030	26.818.231
Breyting á handbæru fé vegna kaupa á dótturfélagi		4.586.420	0
Áhrif gengisbreytinga á sjóð og innstæður hjá Seðlabanka		(135.688)	1.236.189
Sjóður og innstæður í Seðlabanka í árslok	19	38.645.894	28.945.030

Skýringar á bls. 16 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

Skýringar við samstæðuársreikning

Almennar upplýsingar	Blaðsíða	Áhættustýring (frh.)	Blaðsíða
1 Félagið	16	54 Vátryggingaáhætta	46
2 Grundvöllur reikningskilanna	16	55 Lausafjárahætta	46
3 Sameiningar fyrirtækja	17	56 Markaðsáhætta	49
		57 Vaxtaáhætta	49
Starfsþáttaupplýsingar		58 Vaxtaáhætta innan veltubókar	49
4 Starfsþáttafirlit	20	59 Vaxtaáhætta utan veltubókar	50
		60 Verðtryggingaráhætta	51
Rekstrarreikningur		61 Gjaldeyrissáhætta	51
5 Hreinar vaxtatekjur	21	62 Hlutabréfaáhætta	53
6 Hreinar þóknatekjur	21	63 Rekstraráhætta	53
7 Hrein iðgjöld og tjón	21		
8 Hreinar fjárfestingatekjur	22	Fjáreignir og fjárskuldir	
9 Gjaldeyrisingismunur	22	64 Reikningshaldsleg flokkun fjáreigna og fjárskulda	54
10 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	22	66 Fjáreignir og fjárskuldir metnar á gangvirði	56
11 Laun og launatengd gjöld	22	67 Fjáreignir og fjárskuldir ekki metnar á gangvirði	58
12 Starfskjör forstjóra og stjórnar	23		
13 Þóknarir til endurskoðenda	23	Aðrar upplýsingar	
14 Hrein virðisbreyting	24	68 Veðsettar eignir	59
15 Tekjuskattur	24	69 Tengdir aðilar	59
16 Sérstakur fjársýsluskattur	24	70 Starfskjarastefna	60
17 Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	24	71 Kaupaukakerfi	60
18 Hagnaður á hlut	24	72 Kaupréttargreiðslur	60
		73 Hluthafar bankans	61
		74 Atburðir eftir reikningskiladag	61
Efnahagsreikningur			
19 Sjóður og innstæður í Seðlabanka	25	Helstu reikningskilaaðferðir	62
20 Verðbréf með föstum tekjum	25		
21 Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	25		
22 Verðbréf til áhættuvarna	25		
23 Útlán	26		
24 Afleiður	26		
25 Félög í samstæðunni	26		
26 Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	27		
27 Fjárfestingaeignir	27		
28 Óefnislegar eignir	27		
29 Rekstrarleiguaeignir	28		
30 Frestuð skatteign og skattskuldbinding	29		
31 Aðrar eignir	29		
32 Innlán	29		
33 Vátryggingaskuld	30		
34 Lántökur	31		
35 Víxlaútgáfa	31		
36 Skuldabréfaútgáfa	31		
37 Víkjandi lán	32		
38 Skortstöður í verðbréfum	32		
39 Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna	32		
40 Aðrar skuldir	32		
41 Hlutfé	33		
42 Áskriftarréttindi	34		
43 Gjaldþolshlutfall fjármálasamsteypu	34		
44 Eiginfjárlutfall	35		
45 Gjaldþol vátryggingastarfsemi	36		
Áhættustýring			
46 Uppbygging áhættustýringar	37		
47 Áhættuvarnir	38		
48 Útlánaáhætta - samantekt	38		
49 Hámarksútlánaáhætta	39		
50 Útlánagæði fjáreigna	39		
51 Veðhlutfall	45		
52 Tryggingar vegna útlánaáhattu af afleiðum	45		
53 Stórar áhættuskuldbindingar	45		

Skýringar við samstæðuársreikning

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Kvika banki hf. (hér eftir vísað til sem Kvika eða bankinn) er íslenskt hlutafélag með höfuðstöðvar sínar í Katrínartúni 2, Reykjavík. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og hefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (FME) eftirlit með honum. Í lok mars 2021 gekk þríhliða samruni við TM hf. og Lykil fjármögnun hf. í gegn, frá þeim tímapunkti er trygginastarfsemi hluti af starfsemi samstæðunnar í gegnum dótturfélagið TM tryggingar hf.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið sem lauk 31. desember 2021 samanstendur af Kviku banka hf. og dótturfélögum hans (saman vísað til sem samstæðan). Bankinn starfrækir fjóra starfsþætti; eignastýringu, viðskiptabankasvið, tryggingar og fjárfestingabankasvið. Samstæðan veitir fyrirtækjum, fjárfestum og einstaklingum alhliða fjárfestingabanka, trygginga- og eignastýringarþjónustu auk sérbankaþjónustu.

Ársreikningur samstæðunnar var samþykktur af stjórn og forstjóra þann 24. febrúar 2022.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er jafnframt, eftir því sem við á, gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 162/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003. Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og þannig samþykktur af stjórn og áritaður af endurskoðendum bankans. Samstæðureikningurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku og ef misræmi er á milli útgáfa þá gildir enska útgáfan.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar byggir á kostnaðarverði að undanskildum:

- verðbréfum með föstum tekjum sem eru metin á gangvirði;
- hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum tekjum sem eru metin á gangvirði;
- verðbréfum til áhættuvarna sem eru metin á gangvirði;
- tilteknum útlánum til viðskiptavina sem eru metin á gangvirði;
- afleiðum sem eru metnar á gangvirði;
- fjárfestingaeignum sem eru metnar á gangvirði;
- tilteknum viðskiptakröfum sem eru metnar á gangvirði;
- kaupaukum sem eru metnir í samræmi við IFRS 2;
- skilyrt skuldbinding sem metin er á gangvirði;
- skortstöðum sem eru metnar á gangvirði; og
- váttryggingaskuld sem er metin í samræmi við IFRS 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill bankans. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Eignir og skuldir samstæðunnar í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum eru umreiknaðar yfir í íslenskar krónur miðað við gengisskráningu 31. desember 2021.

d. Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa metið hvort samstæðan hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er ársreikningur samstæðunnar gerður miðað við þá forsendu að samstæðan sé rekstrarhæf.

e. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings samstæðunnar er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Áætlanirnar og forsendur þeirra byggjast á sögulegum niðurstöðum og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir miðað við aðstæður, en útfra niðurstöðum þeirra er bókfært virði eigna og skulda sem er ekki skýrt samkvæmt öðrum heimildum ákvarðað.

Áætlanirnar og forsendur þeirra eru endurskoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem matið er endurskoðað ef endurskoðunin tekur aðeins til þess tímabils en á því tímabili og síðari tímabilum ef hún tekur til bæði núverandi og síðari tímabila.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir stjórnenda þar sem matsaðferðir hafa marktæk áhrif á skráðar fjárhæðir í samstæðuársreikningnum er að finna í skýringu 118.

f. Viðeigandi og mikilvægar skýringar fyrir lesandann

Í því skyni að auka upplýsingagildi samstæðuársreikningsins eru skýringarnar metnar á grundvelli mikilvægis þeirra og þýðingar fyrir lesandann. Þetta getur leitt til þess að upplýsingar, sem hafa verið metnar sem hvorki mikilvægar eða viðeigandi fyrir lesandann, eru ekki birtar meðal skýringa.

Þær óvenjulegu áskoranir sem fylgdu COVID-19 heimsfaraldrinum höfðu áhrif á bankann á árunum 2020 og 2021. Áhrif faraldursins eru best metin með því að skoða áhrif hans á útlánasafn bankans. Frekari upmfjöllun er að finna í skýringum 50 og 89.

Skýringar við samstæðuársreikning

3. Sameiningar fyrirtækja

a. Samruni Kviku banka, TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.

Í mars 2021 gekk þríhliða samruni Kviku banka hf. („Kvika“), TM hf. („TM“) og Lykils fjármögnunar hf. („Lykill“) í gegn. Við samrunann voru TM og Lykill leyst upp án skuldauppgjörs, félögin þrjú voru sameinuð og eru TM og Lykill hluti af bankanum 30. mars 2021 og dótturfélög þeirra hluti af samstæðureikningnum frá þeim degi. Starfsemi og rekstur TM og Lykils hefur verið sambætt við bankann og sameinað félag starfar undir nafninu Kvika banki hf. Á árunum 2020 og 2021 féll til viðskiptakostnaður hjá bankanum vegna samrunans að fjárhæð 40 m.kr. sem hefur verið gjaldfærður meðal rekstrarkostnaðar.

Viðskiptin falla vel að stefnu Kviku og gerir útlánasafn samstæðunnar dreifðara. Gert er ráð fyrir að kostnaðarsamlegð muni leiða til talsvert lægri fjármögnunarkostnaðar og lægri rekstrarkostnaðar vegna þeirrar starfsemi sem var hjá Lykli og TM. Varðandi frekari upplýsingar þá er vísað til kauphallartil kynninga og fjárfestakynninga sem Kvika hefur birt.

Endurgjald til fyrrum eigenda TM var í formi hlutabréfa í sameinuðu félagi í skiptum fyrir hlutabréf þeirra í TM. Hluthafar TM fengu í staðinn fyrir hluti sína í TM 2.509.934.076 hluti í Kviku. Greiðslan var gerð með útgáfu nýs hlutafjár í lok mars 2021. Gangvirði þeirra hlutabréfa sem Kvika gaf út byggði á skráðu verði hlutabréfa bankans þann 30. mars 2021, eða 19,7 per hlut. Kvika er yfirtökuaðilinn í samrunanum þar sem, meðal annars, meirihluti framkvæmdastjórnar samstæðunnar og stjórnarmanna samanstandur af stjórnendum og stjórnarmönnum frá Kviku.

Í samræmi við IFRS 3, sameiningar fyrirtækja, hefur kaupverði TM og Lykils verið úthlutað á aðgreinanlegar eignir og skuldir. Kaupverðsútteilingu er lokið og viðskiptavild við samrunann nemur 20.984 milljónum króna. Í eftirfarandi töflu eru dregnar saman upplýsingar um mat á skráðu virði eigna og skulda sem yfirteknar voru á yfirtökudegi, þann 30. mars 2021, sem og gangvirðisbreytingar sem voru gerðar í tengslum við kaupverðsútteilinguna.

Aðgreinanlegar yfirteknar eignar og skuldir	Bókfært virði á yfirtökudegi	Gangvirðis- breytingar	Samtals
Eignir			
Handbært fé	4.476.923		4.476.923
Verðbréf með föstum tekjum	15.649.175		15.649.175
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	12.899.937		12.899.937
Útlán	39.384.339		39.384.339
Rekstrarleigugægnir	1.784.025		1.784.025
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	93.883		93.883
Afleiður	1.581.106		1.581.106
Ófnislegar eignir	750.648	4.607.739	5.358.387
Varanlegir rekstrarfjármunir	793.195		793.195
Skatteign	1.088.721	937.495	2.026.216
Aðrar eignir	11.706.807		11.706.807
Samtals	90.208.760	5.545.234	95.753.994
Skuldir			
Lántökur	6.457.110	233.548	6.690.658
Víxlaútgáfa	3.253.058		3.253.058
Skuldabréfaútgáfa	24.241.920		24.241.920
Víkjandi lán	2.358.610		2.358.610
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	93.883		93.883
Afleiður	42.623		42.623
Skattskuldbinding	694.715	297.348	992.063
Vátryggingaskuld	27.169.612		27.169.612
Aðrar skuldir	2.449.848		2.449.848
Samtals	66.761.377	530.896	67.292.273
Samtals aðgreinanlegar hreinar eignir			28.461.721
Kaupverð			49.445.701
Viðskiptavild á yfirtökudegi			20.983.981

Fjárhæðir í rekstrarreikningi samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til og með 31. mars fela ekki í sér rekstur TM eða Lykils þar sem samruninn átti sér stað í lok mars. Ef samruninn hefði átt sér stað 1. janúar 2021 er áætlað að hreinar rekstrartekjur samstæðunnar hefðu verið 24.971 m.kr. og hagnaður samstæðunnar fyrir skatta hefði verið 12.004 m.kr.

Skýringar við samstæðuársreikning

3. Sameiningar fyrirtækja (frh.)

b. Kaup á Netgíró hf.

Í janúar 2021 keypti samstæðan 80% hlut í Netgíró hf. („Netgíró“) og er Netgíró hluti af samstæðunni og samstæðureikningnum frá lok janúar 2021. Samstæðan er nú eini eigandi Netgírós þar sem hún átti 20% í félaginu fyrir kaupin. 20% eignarhluturinn, sem samstæðan átti fyrir, var í lok árs 2020 bókfærður á gangvirði sem var í takti við kaupverðið á eftirstöðvunum. Endurgjald til fyrrum eigenda Netgírós var í formi reiðufjárgreiðslu að fjárhæð 325 m.kr. Á árunum 2020 og 2021 féll til viðskiptakostnaður hjá bankanum vegna samrunans að fjárhæð 16 m.kr. sem hefur verið gjaldfærður meðal rekstrarkostnaðar.

Netgíró býður upp á „kaupa núna, greiða seinna“ þjónustu. Viðskiptin falla vel að samsetningu samstæðunnar og eru í takti við stefnu Kviku að nýta tæknilausnir til að nútímavæða fjármálaþjónustu. Kaupin gerir samstæðunni einnig kleyft að gera útlánasafn sitt dreifðara og ná fram samlegð í gegnum bætt fjármögnunarkjör.

Í samræmi við IFRS 3, sameiningar fyrirtækja, hefur kaupverði Netgírós verið úthlutað á aðgreinanlegar eignir og skuldir. Kaupverðsútteilingu er lokið og viðskiptavild við samrunann nemur 221 milljónum króna. Í eftirfarandi töflu eru dregnar saman upplýsingar um mat á skráðu virði eigna og skulda sem yfirteknar voru á yfirtökudegi, þann 31. janúar 2021, sem og gangvirðisbreytingar sem voru gerðar í tengslum við kaupverðsútteilinguna.

Aðgreinanlegar yfirteknar eignar og skuldir	Bókfært virði á yfirtökudegi	Gangvirðis- breytingar	Samtals
Eignir			
Handbært fé	35.843		35.843
Útlán	2.655.867		2.655.867
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.335		4.335
Óefnislegar eignir	409.372	623.072	1.032.444
Skatteign	112.300		112.300
Aðrar eignir	285.884		285.884
Samtals	3.503.602	623.072	4.126.674
Skuldir			
Lántökur	3.320.809		3.320.809
Skattskuldbinding	0	133.911	133.911
Aðrar skuldir	486.644		486.644
Samtals	3.807.454	133.911	3.941.365
Samtals aðgreinanlegar hreinar eignir			185.309
Kaupverð			406.000
Viðskiptavild á yfirtökudegi			220.691

Í tengslum við kaupin þá fjármagnaði samstæðan endurkaup á sjóðstreymi lána sem félagið hafði selt frá sér. Framsetningin í töflunni hér að framan endurspeglar þetta.

Fjárhæðir í rekstrarreikningi samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til og með 31. janúar fela ekki í sér rekstur Netgírós þar sem samruninn átti sér stað í lok janúar. Ef samruninn hefði átt sér stað 1. janúar 2021 er áætlað að hreinar rekstrartekjur samstæðunnar hefðu verið 22.075 m.kr. og hagnaður samstæðunnar fyrir skatta hefði verið 10.492 m.kr.

Skýringar við samstæðuársreikning

3. Sameiningar fyrirtækja (frh.)

c. Kaup á Aur appi ehf.

Í mars 2021 keypti samstæðan Aur app ehf. („Aur“) og er Aur hluti af samstæðunni og samstæðureikningnum frá lok mars 2021. Endurgjald til fyrrum eigenda Aurs var í formi reiðufjárgreiðslu að fjárhæð 453 m.kr. Á árinu 2021 féll til viðskiptakostnaður hjá bankanum vegna samrunans að fjárhæð 8 m.kr. sem hefur verið gjaldfærður meðal rekstrarkostnaðar.

Aur er leiðandi fjártækni félag sem býr að stórum hóp viðskiptavina. Viðskiptin eru í takti við stefnu Kviku að nýta tæknilausnir til að nútímavæða fjármálaþjónustu.

Í samræmi við IFRS 3, sameiningar fyrirtækja, hefur kaupverði Aurs verið úthlutað á aðgreinanlegar eignir og skuldir. Kaupverðsútteilingu er lokið og viðskiptavild við samrunann nemur 109 milljónum króna. Í eftirfarandi töflu eru dregnar saman upplýsingar um mat á skráðu virði eigna og skulda sem yfirteknar voru á yfirtökudegi, þann 31. mars 2021, sem og gangvirðisbreytingar sem voru gerðar í tengslum við kaupverðsútteilinguna.

Aðgreinanlegar yfirteknar eignar og skuldir	Bókfært virði á yfirtökudegi	Gangvirðis- breytingar	Samtals
Eignir			
Handbært fé	75.302		75.302
Óefnislegar eignir	38.132	419.570	457.702
Skatteign	0	33.069	33.069
Aðrar eignir	3.925		3.925
Samtals	117.359	452.639	569.998
Skuldir			
Skattskuldbinding	0	83.914	83.914
Aðrar skuldir	142.263		142.263
Samtals	142.263	83.914	226.177
Samtals aðgreinanlegar hreinar eignir			343.821
Kaupverð			453.239
Viðskiptavild á yfirtökudegi			109.418

Fjárhæðir í rekstrarreikningi samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til og með 31. mars fela ekki í sér rekstur Aurs þar sem samruninn átti sér stað í lok mars. Ef samruninn hefði átt sér stað 1. janúar 2021 er áætlað að hreinar rekstrartekjur samstæðunnar hefðu verið 22.035 m.kr. og hagnaður samstæðunnar fyrir skatta hefði verið 10.497 m.kr.

Skýringar við samstæðuársreikning

Starfspættir

4. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlitið byggir á sömu grundvallarviðmiðum og uppbyggingu og innanhússuppgjör sem eru útbúin fyrir stjórnendur og stjórn. Frammistaða starfspáttanna er metin út frá afkomu fyrir kostnaðarúthlutun og skatt.

Starfspættir

Samstæðan breytti uppbyggingu innri upplýsingagjafar og skilgreiningu starfspáttanna í kjölfar samruna á árinu 2021. Samstæðan skilgreinir nú fjóra starfspætti: Tryggingar, Eignastýring, Viðskiptabankasvið og Fjárfestingabankasvið. Fjárhæðir vegna ársins 2021 endurspeglar núverandi starfspætti og hefur framsetningu samanburðarfjárhæða verið breytt til samræmis.

- Tryggingar
Samstæða TM trygginga býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða tryggingaþjónustu, þ.m.t. líftryggingar.
 - Eignastýring
Vörur og þjónusta í boði eru m.a. eignastýring, bæði innlendra og erlendra eigna, einkabankaþjónusta og séreignarlífeyrissparnaður. Stýring á fjölbreyttu úrvali af sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, fjárfestingarsjóðum og öðrum sérhæfðum sjóðum er einnig hluti af þessum starfspætti í gegnum starfsemi Kviku eignastýringar hf. og Gamma Capital Management hf.
 - Viðskiptabankasvið
Viðskiptabankasvið býður ýmisskonar bankaþjónustu og tengda ráðgjöf auk þess að veita sérhæfða útlánaþjónustu. Lykill, fjármögnunarleigustarfsemi samstæðunnar, sem og fjártæknihluti hennar, svo sem Auður, Aur og Netgíró, eru hluti af þessum starfspætti.
 - Fjárfestingabankasvið
Fjárfestingabankasvið samanstendur af starfsemi markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar og Kviku Securities Limited. Starfsemi bankans vegna viðskiptavaktar og fjárfestingar eru einnig hluti af þessum starfspætti, þrátt fyrir að vera hluti af fjármálasviði bankans.
- Stoðsvið samanstanda af starfsemi stoðsviða bankans, til að mynda áhættustýringar, fjármálasviðs, upplýsingatækni og rekstrarsviðs. Stoðsvið eru ekki sýnd sem sérstakir starfspættir og eru því þær upplýsingar sem eru settar fram ekki ígildi starfspáttar.

	Tryggingar	Eignastýring	Viðskipta- bankasvið	Fjárfestinga- bankasvið	Stoðsvið	Samtals
2021						
Hreinar vaxtatekjur	205.437	(654)	3.365.277	1.081.026	(4.971)	4.646.115
Hreinar þóknatekjur	(14.483)	3.700.385	857.867	2.233.452	50.520	6.827.741
Hrein iðgjöld og tjón	4.247.400	-	-	-	-	4.247.400
Hreinar fjárfestingatekjur	3.399.270	79.056	655.736	1.537.915	-	5.671.978
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi, a.t.t. til tekjuskatts	0	(2.184)	(27.881)	-	2.498	(27.566)
Aðrar tekjur (gjöld)	84.510	7.078	517.837	2.646	19.319	631.391
Hreinar rekstrartekjur	7.922.134	3.783.682	5.368.836	4.855.040	67.367	21.997.059
Laun og launatengd gjöld	(1.163.622)	(1.149.644)	(665.856)	(1.289.582)	(2.010.955)	(6.279.660)
Annar rekstrarkostnaður	(1.595.644)	(95.716)	(1.417.256)	(746.619)	(1.499.990)	(5.355.225)
Hrein virðisbreyting	(8.245)	-	149.572	-	(2.484)	138.842
Endurmat skilyrtrar skuldbindingar	-	(97.548)	-	-	-	(97.548)
Endurmat fjárfestingaeigna	-	-	83.095	-	-	83.095
Hagnaður (tap) fyrir kostnaðarúthlutun og skatta	5.154.623	2.440.773	3.518.391	2.818.839	(3.446.063)	10.486.563
Hreinar starfspáttatekjur frá ytri viðskiptavinum	7.922.134	3.794.627	6.156.740	4.055.845	67.713	21.997.059
Hreinar starfspáttatekjur frá öðrum starfspáttum	-	(10.945)	(787.904)	799.195	(346)	0
2020						
Hreinar vaxtatekjur	-	(58.208)	1.638.335	220.233	(186)	1.800.174
Hreinar þóknatekjur	-	3.467.718	639.258	1.852.277	(3.594)	5.955.659
Hrein iðgjöld og tjón	-	-	-	-	-	-
Hreinar fjárfestingatekjur	-	44.368	91.400	696.826	-	832.595
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi, a.t.t. til tekjuskatts	-	10.428	(17.855)	-	-	(7.427)
Aðrar tekjur (gjöld)	-	(4.942)	97.041	1.935	(8.986)	85.048
Hreinar rekstrartekjur	-	3.459.363	2.448.180	2.771.271	(12.766)	8.666.048
Laun og launatengd gjöld	-	(1.099.252)	(269.758)	(1.024.285)	(1.229.688)	(3.622.983)
Annar rekstrarkostnaður	-	(202.014)	(453.196)	(538.557)	(906.803)	(2.100.570)
Hrein virðisbreyting	-	(142.069)	(173.296)	(1.108)	(994)	(317.468)
Endurmat skilyrtrar skuldbindingar	-	(286.058)	-	-	-	(286.058)
Hagnaður (tap) fyrir kostnaðarúthlutun og skatta	-	1.729.970	1.551.929	1.207.321	(2.150.251)	2.338.969
Hreinar starfspáttatekjur frá ytri viðskiptavinum	-	3.459.369	2.440.427	2.701.519	64.734	8.666.048
Hreinar starfspáttatekjur frá öðrum starfspáttum	-	(6)	7.753	69.753	(77.500)	-

Skýringar við samstæðuársreikning

Rekstrarreikningur

5. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	98.077	394.169
Afleiður	1.358.756	735.015
Útlán	4.985.407	2.433.211
Verðbréf með föstum tekjum (FVOCI)	459.687	140.067
Aðrar vaxtatekjur	182.670	17.522
Samtals	7.084.596	3.719.984

Vaxtagjöld sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Innlán	688.525	763.176
Lántökur	325.855	647.679
Víxlaútgáfa	34.334	73.266
Skuldabréfaútgáfa	866.116	134.078
Víkjandi lán	385.960	206.285
Afleiður	10.557	6.175
Önnur vaxtagjöld*	127.136	89.150
Samtals	2.438.481	1.919.810

* Þar af 39 m.kr. (2020: 22 m.kr.) vegna leiguskuldbindinga.

112 m.kr. voru gjaldfærðar á árinu 2021 sem eins skiptis kostnaður vegna endurfjármögnunar skulda sem voru teknar yfir í tengslum við samruna við Lykil. Þar að auki, þá lækkuðu vaxtagjöld vegna skuldabréfaútgáfu um 184 m.kr. í kjölfar gangvirðismats á skuldum sem voru yfirteknar frá Lykli.

Heildarvaxtatekjur að því er varða fjáreignir sem eru ekki færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning nema 5.021 m.kr. (2020: 2.634 m.kr.). Heildarvaxtagjöld að því er varða fjárskuldir sem ekki eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning nema 2.432 m.kr. (2020: 1.913 m.kr.).

6. Hreinar þóknatekjur

Þóknatekjur og -gjöld eru sett fram á hreinum tekjugrunni, líkt og þær eru settar fram í innanhússuppgjörum til stjórnenda til notkunar við ákvarðanatökur, og eru sundurliðaðar eftir starfsþáttum. Starfsþættirnir endurspeglar eðli og gerð þeirra viðskipta sem samstæðan þénar þóknatekjur af. Finna má lýsingu á hverjum starfsþætti í skýringu 4. Líkt og greint er frá í þeirri skýringu þá breytti samstæðan uppbyggingu innri upplýsingagjöf og starfsþáttum á árinu 2021. Fjárhæðir vegna ársins 2021 taka mið af þessum breytingum og hefur framsetningu samanburðarfjárhæða verið breytt til samræmis.

Hreinar þóknatekjur eftir starfsþáttum	2021	2020
Tryggingar	(14.483)	0
Eignastýring	3.700.385	3.467.718
Viðskiptabankasvið	857.867	639.258
Fjárfestingabankasvið	2.233.452	1.852.277
Stoðsvið	50.520	(3.594)
Samtals	6.827.741	5.955.659

7. Hrein iðgjöld og tjón

Hrein iðgjöld og tjón sundurliðast sem hér segir:

	2021
Eigin iðgjöld, að frádregnum hlut endurtryggjenda	
Bókfærð iðgjöld	8.048.480
Hluti endurtryggjenda	(315.788)
Breyting á iðgjaldaskuld	4.484.240
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	(408.723)
Samtals	11.808.210

Skýringar við samstæðuársreikning

7. Hrein iðgjöld og tjón (frh.)

Eigin tjón, að frádregnum hlut endurtryggjenda	2021
Bókfærð tjón	(8.126.007)
Hluti endurtryggjenda	853.013
Breyting á tjónaskuld	245.620
Breyting á áhættuálagi	5.075
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	(538.510)
Samtals	(7.560.809)
Hrein iðgjöld og tjón	4.247.400

Samsett hlutfall 84,1%
 Tryggingastarfsemi varð hluti af samstæðunni í kjölfar samruna við TM hf. í lok fyrsta ársfjórðungs 2021. Þar af leiðandi eru rekstrartölurnar einungis fyrir tímabilið 01.04.2021 til 31.12.2021. Auk þess eru samanburðarfjárhæðir ekki birtar þar sem tryggingastarfsemi var ekki hluti af samstæðunni á árinu 2020.

8. Hreinar fjárfestingatekjur

Hreinar fjárfestingatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum tilskildum á gangvirði yfir rekstur		
Verðbréf með föstum tekjum	607.723	399.893
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	4.647.213	474.696
Afleiður	388.524	28.163
Útlán	(36.956)	6.684
Vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	488	0
Gjaldeyrisgengismunur	64.987	(76.841)
Samtals	5.671.978	832.595

9. Gjaldeyrisgengismunur

Gjaldeyrisgengismunur sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
(Tap) hagnaður af fjármálagerningum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(148.309)	228.247
Hagnaður (tap) af öðrum fjármálagerningum	213.295	(305.088)
Samtals	64.987	(76.841)

10. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	6.279.660	3.622.983
Annar rekstrarkostnaður	3.627.764	1.758.834
Framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	31.718	35.366
Afskriftir	1.243.431	133.907
Fyrning afnotaréttar	452.312	172.463
Samtals	11.634.885	5.723.554

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Laun	4.675.858	2.816.240
Árangurstengdar launagreiðslur, aðrar en kaupréttir	275.830	34.175
Kaupréttir	4.389	2.471
Mótframlag í lífeyrissjóð	642.849	380.309
Fjársýsluskattur	306.555	162.627
Önnur launatengd gjöld	374.179	227.161
Samtals	6.279.660	3.622.983
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	316	144
Stöðugildi í árslok	331	160

Samanburðarfjárhæðir innihalda ekki starfsmenn TM hf. og dótturfélaga, Lykils fjármögnunar hf. og TM trygginga hf., né Netgíró eða AUR app ehf. Í ársbyrjun 2021 voru starfsmenn í fullu starfi hjá þessum félögum samtals 179 og starfsmenn Kviku og dótturfélaga voru samtals 160, alls 339 talsins.

Samkvæmt lögum nr. 165/2011, sem sett voru árið 2011, greiða bankar og önnur fjármálafyrirtæki sem veita þjónustu sem undanskilin er virðisaukaskatti sérstakan skatt á launagreiðslur, svokallaðan fjársýsluskatt. Núgildandi skatthlutfall er 5,50% (2020: 5,50%).

Skýringar við samstæðuársreikning

12. Starfskjör forstjóra og stjórnar

Laun og hlunnindi greidd til stjórnarmanna, forstjóra og framkvæmdstjóra bankans, þar með töldum aðstoðarforstjóra, vegna starfa þeirra fyrir félög innan samstæðunnar, og eignarhlutir þeirra í bankanum, sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021			31.12.2020		
	Laun og hlunnindi	Hlutir	Kaup og áskr. réttir	Laun og hlunnindi	Hlutir	Kaup og áskr. réttir
Marínó Örn Tryggvason, forstjóri	63.756	3.427	7.390	51.397	2.093	14.667
Sigurður Hannesson, stjórnformaður og nefndarmaður í áhættunefnd og starfskjaranefnd	17.461	8.550	0	11.673	8.550	0
Guðmundur Þórðarson, varaformaður stjórnar og formaður áhættunefndar	10.002	66.750	0	8.299	133.500	0
Guðjón Karl Reynisson, stjórnarmaður og formaður starfskjaranefndar	9.379	10.411	0	8.472	10.411	0
Helga Kristín Auðunsdóttir, stjórnarmaður og nefndarmaður í endurskoðunarnefnd	8.916	0	0	0	0	0
Ingunn Svala Leifsdóttir, stjórnarmaður og formaður endurskoðunarnefndar	3.159	0	0	0	0	0
Hrönn Sveinsdóttir, nefndarmaður í endurskoðunarnefnd og fyrrum stjórnarmaður	4.759	0	0	8.299	500	0
Inga Björg Hjaltadóttir, nefndarmaður í endurskoðunarnefnd og fyrrum stjórnarmaður	5.579	0	0	10.163	0	0
Kristín Friðgeirsdóttir, fyrrum stjórnarmaður og fyrrum nefndarmaður í endurskoðunarnefnd	1.229	0	0	0	0	0
Albert Þór Jónsson, fyrrum varamaður í stjórn	489	0	0	489	0	0
Kristín Pétursdóttir, fyrrum stjórnarmaður og fyrrum nefndarmaður í áhættunefnd og starfskjaranefnd	0	0	0	3.968	0	0
Kristín Guðmundsdóttir, fyrrum varamaður í stjórn og fyrrum nefndarmaður í áhættunefnd og endurskoðunarnefnd	0	0	0	1.755	0	0
Framkv.stjórar (2021: 7 (að meðaltali: 6,75), 2020: 6 (að meðaltali: 6)) ...	380.996	47.971	29.564	283.518	31.804	73.333
Samtals	505.725	137.108	36.954	388.032	186.858	88.000

Laun og hlunnindi eru að mestu leyti öll skammtímahlunnindi. Laun og hlunnindi sem greidd eru til stjórnarmanna innihalda greiðslur vegna setu þeirra í nefndum stjórnar.

Forstjóri og framkvæmdastjórar fengu kaupaukagreiðslur vegna 2021. Í kjölfar samruna við TM og Lykil á árinu 2021 fjölgaði um einn framkvæmdastjóra hjá bankanum, þar af leiðandi eru fjárhæðir launa og hlunninda framkvæmdastjóra á 2021 og 2020 ekki fyllilega samanburðarhæfar.

Tölur yfir eignarhluti og kaup- og áskriftarrétti eru í þúsundum og innifela hluti í eigu félaga sem eru í eigu eða lúta stjórn viðkomandi aðila þann 31. desember 2021 og 31. desember 2020. Ef eignarhluturinn er óbeinn í gegnum félög þá er einungis hlutfallslegur eignarhlutur framangreindra aðila talinn með.

Bankinn hefur skilgreint aðstoðarforstjóran og tvo framkvæmdastjóra sem lykilstarfsmenn, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki. Bankinn hefur enn fremur samþykkt og birt reglur um hæfi, hæfismat og framgöngu lykilstarfsmanna, í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Bankinn hefur samþykkt starfskjarastefnu sem skilgreinir þrjá þætti starfskjara þ.e. grunnlaun, kaupauka og önnur hlunnindi, þ.m.t. móttframlag í lífeyrissjóð. Nánari upplýsingar um starfskjarastefnuna er að finna í skýringum 70-72.

13. Þóknarir til endurskoðenda

Þóknarir til endurskoðenda samstæðunnar sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Endurskoðun ársreiknings	83.724	67.009
Könnun árshlutareikninga	28.350	11.180
Önnur þjónusta tengd endurskoðun	14.934	3.436
Samtals	127.008	81.625
Þar af til endurskoðenda bankans	71.249	50.320

Skýringar við samstæðuársreikning

14. Hrein virðisbreyting

	2021	2020
Breyting á virðisrýrnun útlána	124.089	(158.956)
Breyting á virðisrýrnun annarra eigna	(10.730)	(147.346)
Breyting á virðisrýrnun lánsloforða, ábyrgða og ónotaðra lánalína	25.483	(11.166)
Samtals	138.842	(317.468)

15. Tekjuskattur

Bankinn og sum dótturfélög hans munu ekki greiða tekjuskatt af hagnaði ársins 2021 þar sem til staðar er yfirfærlegt skattalegt tap sem vegur á móti reiknuðum tekjuskatti. Í kjölfar samruna á fyrri hluta ársins jókst yfirfærlegt tap verulega og þann 31. desember 2021, nam yfirfærlegt skattalegt tap samstæðunnar 23 milljörðum króna. Verulegur hluti af því er nýtanlegur til ársloka 2028. Stjórnendur eru þeirrar skoðunar að rekstur samstæðunnar á komandi árum muni leiða til skattskylds hagnaðar sem að skattalega tapið muni ganga á móti. Samstæðan hefur þar af leiðandi fært hluta af skattalega tapinu sem frestaða skatteign í efnahag. Frestaða skatteignin er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Frestaða skatteignin er endurmetin á hverjum reikningskiladegi. Vísað er til skýringar 30 varðandi nánari upplýsingar um skatteignina.

Tekjuskattur er reiknaður miðað við skatthlutföll og skattalögum í gildi á fyrstandandi ári, samkvæmt þeim er tekjuskattshlutfall lögaðila 20,0% (2020: 20,0%). Félag innan samstæðunnar, sem starfa utan Íslands, færa tekjuskatt í samræmi við viðeigandi löggjöf þess lands þar sem þau eru skráð.

Tekjuskattur reiknast sem hér segir:

Sundurliðun á virkum tekjuskatti:

	2021	2020
Hagnaður fyrir skatta	10.486.563	2.338.969
Tekjuskattur miðað við gildandi tekjuskattshlutfall	20,0% (2.097.313)	20,0% (467.794)
Ófrádráttarþær kostnaður	0,1% (7.395)	0,0% (1.137)
Óskattskyldar tekjur	(17,8%) 1.862.182	(12,6%) 293.712
Tekjufærsla á skattalegu tapi	(11,1%) 1.159.050	(10,8%) 252.325
Áhrif vegna samruna	6,0% (632.952)	0,0% 0
Aðrar breytingar	(0,6%) 64.062	2,1% (48.830)
Virkur tekjuskattur	(3,3%) 347.634	(1,2%) 28.277

Hagnaður fyrir skatta nam 10.487 m.kr. Tekjuskattur nam 348 m.kr., sem leiðir til þess að virkt tekjuskattshlutfall verður -3,3%. Þetta er verulega frábrugðið 20,0% tekjuskattshlutfalli lögaðila, stafar mismunurinn aðallega af óskattskyldum tekjum sem eru vegna tekna af hlutabréfum og breytingu á mati á skatteign.

16. Sérstakur fjársýsluskattur

Sérstakur fjársýsluskattur er viðbótar tekjuskattur á tekjuskattsstofn umfram 1.000 milljónir króna og er lagður á sömu aðila og bera fjársýsluskatt skv. lögum nr. 90/2003. Skatthlutfallið er 6,0% (2020: 6,0%). Við álagningu skal ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirfærlegs taps. Skatturinn er sérgreindur í rekstrarreikningi samstæðunnar.

17. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Með lögum nr. 155/2010 um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki var lagður skattur á vissar tegundir fjármálafyrirtækja, þ.m.t. banka, og leggst hann á skuldir þeirra umfram 50 ma.kr. í árslok. Skatthlutfallið er 0,145% (2020: 0,145%) og er skatturinn ekki frádráttarþær frá tekjuskatti. Skatturinn er sérgreindur í rekstrarreikningi samstæðunnar.

18. Hagnaður á hlut

Útreikningur á hagnaði á hlut er byggður á hagnaði ársins og vegnu meðaltali fjölda útistandandi hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður út með því að leiðrétta veginn meðalfjölda virkra hluta vegna áhrifa af öllum væntum, almennum hlutum sem verða fyrir þynningaráhrifum. Bankinn hefur selt áskriftarréttindi og gefið út kauprétti sem valda þynningaráhrifum.

	2021	2020
Hagnaður ársins sem tilheyrir hluhöfum bankans	10.734.181	2.348.621
Vegjið meðaltal útistandandi hluta	4.104.785	2.141.002
Leiðréttingar vegna áskriftarréttinda og kaupréttá	90.703	161.879
Samtals	4.195.488	2.302.882
Hagnaður á hlut	2,62	1,10
Þynntur hagnaður á hlut	2,56	1,02

Skýringar við samstæðuársreikning

Efnahagsreikningur

19. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

Sjóður og innstæður í Seðlabanka sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Innstæður hjá Seðlabanka Íslands	16.611.434	21.379.857
Reiðufé	14.651	11.649
Innstæður hjá bönkum	16.093.533	3.405.876
Erlendir ríkisvixlar	2.564.841	1.739.281
Handbært fé	35.284.459	26.536.663
Bindiskylda við Seðlabanka Íslands - meðaltalsuppfylling	0	0
Bindiskylda við Seðlabanka Íslands - föst bindiskylda	1.235.491	952.636
Krafa á Seðlabanka Íslands	2.125.945	1.455.730
Samtals	38.645.894	28.945.030

Bankinn er með skyldubundnar innstæður á reikningum hjá Seðlabanka Íslands í samræmi við reglur Seðlabankans um bindiskyldu nr. 585/2018. Samkvæmt þessum reglum er bindiskyldu skipt í tvennt: fasta bindiskyldu sem ber enga vexti og meðaltalsuppfyllingu sem ber sömu vexti og viðskiptareikningar lánastofnanna hjá Seðlabankanum. Bindiskylda við Seðlabankann og krafa á Seðlabankann eru ekki tiltækar samstæðunni í daglegum rekstri hennar.

20. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Tilskilið á gangvirði yfir rekstur		
Skráð ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð	5.343.444	2.890.226
Skráð skuldabréf	8.492.751	1.412.239
Óskráð skuldabréf	4.907.093	1.535.801
Á gangvirði yfir aðra heildarafkomu		
Skráð ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð	18.127.222	18.962.079
Skráðir ríkisvixlar	2.997.628	3.984.688
Skráð skuldabréf	178.512	0
Samtals	40.046.651	28.785.033

21. Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Tilskilið á gangvirði yfir rekstur		
Skráð hlutabréf	5.523.914	892.423
Óskráð hlutabréf	8.907.091	2.338.138
Óskráð hlutdeildarskírteini skuldabréfasjóða	3.824.181	1.448.126
Óskráð hlutdeildarskírteini annarra sjóða	4.428.108	394.143
Samtals	22.683.295	5.072.830

22. Verðbréf til áhættuvarna

Verðbréf til áhættuvarna sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Skráð ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð	126.113	7.115.854
Skráð skuldabréf	1.699.621	2.147.393
Skráð hlutabréf	18.745.871	9.890.103
Óskráð hlutdeildarskírteini	1.514.091	466.891
Samtals	22.085.696	19.620.240

Skýringar við samstæðuársreikning

23. Útlán

Útlán til einstaklinga og lögaðila sundurliðast sem hér segir:

	Einstaklingar		Lögaðilar		Samtals	
	Kröfuvirði	Bókfært virði	Kröfuvirði	Bókfært virði	Kröfuvirði	Bókfært virði
31.12.2021						
Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði	31.285.094	30.771.742	39.114.914	38.291.634	70.400.008	69.063.377
Útlán á gangvirði í gegnum rekstur	650.814	650.814	1.873.455	1.873.455	2.524.269	2.524.269
Samtals	31.935.908	31.422.557	40.988.369	40.165.089	72.924.277	71.587.646
	Einstaklingar		Lögaðilar		Samtals	
	Kröfuvirði	Bókfært virði	Kröfuvirði	Bókfært virði	Kröfuvirði	Bókfært virði
31.12.2020						
Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði	5.015.213	4.992.943	22.100.559	21.586.179	27.115.772	26.579.121
Útlán á gangvirði í gegnum rekstur	608.034	608.034	2.135.817	2.135.817	2.743.851	2.743.851
Samtals	5.623.247	5.600.976	24.236.376	23.721.996	29.859.623	29.322.972

Samstæðan færir kröfur vegna fjármögnunarleigu undir liðnum útlán á afskrifuðu kostnaðarverði. Þann 31. desember 2021 nam bókfært virði krafna vegna fjármögnunarleigu 16.319 m.kr. Kröfur vegna fjármögnunarleigu urðu hluti af efnahagsreikningi samstæðunnar í kjölfar samruna við Lykil á árinu 2021. Vísað er til skýringar nr. 3 varðandi frekari upplýsingar um samrunann.

24. Afleiður

Afleiður sundurliðast sem hér segir:

	Nafnverð		Bókfært virði	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
31.12.2021				
Vaxtaskiptasamningar	14.353.716	13.087.145	1.799.162	0
Framvirk gjaldmiðlaviðskipti	8.260.384	9.306.104	54.740	126.212
Framvirk verðbréfa kaup	23.328.516	25.873.506	336.233	2.882.189
Valréttir hlutabréfa	453.594	0	544.081	0
Samtals	46.396.210	48.266.754	2.734.216	3.008.401
	Nafnverð		Bókfært virði	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
31.12.2020				
Vaxtaskiptasamningar	3.176.798	3.102.368	74.429	0
Framvirk gjaldmiðlaviðskipti	2.698.140	2.740.401	0	42.261
Framvirk verðbréfa kaup	21.918.514	23.386.919	108.771	1.577.177
Valréttir hlutabréfa	130.343	3.860	206.470	130.909
Samtals	27.923.795	29.233.548	389.671	1.750.346

25. Félög í samstæðunni

Upplýsingar um helstu dótturfélög sem eru beint eða óbeint í eigu samstæðunnar má finna í töflunni hér fyrir neðan.

Félag	Starfsemi	Lögheimili	Eignarhlutur	Eignarhlutur
			31.12.2021	31.12.2020
Aur app ehf.	Fjártækni	Ísland	100%	-
Fí Fasteignafélag GP ehf.	Rekstrarfélag fasteignasjóða	Ísland	100%	100%
GAMMA Capital Management hf.	Rekstraraðili sérhæf. sjóða	Ísland	100%	100%
Kvika eignastýring hf.	Rekstrarfélag verðbréfasj.	Ísland	100%	100%
M-Investments ehf.	Eignarhaldsfélag	Ísland	100%	100%
Netgíró hf.	Neytendalán	Ísland	100%	20%
Rafklettur ehf.	Eignarhaldsfélag	Ísland	100%	100%
TM líftryggingar hf.	Tryggingar	Ísland	100%	-
TM tryggingar hf.	Tryggingar	Ísland	100%	-
AC GP 3 ehf.	Eignarhaldsfélag	Ísland	80%	80%
Kvika Securities Ltd.	Ráðgjafastarfsemi	Bretland	100%	100%

Á fyrsta ársfjórðungi 2021 eignaðist samstæðan nokkur ný dótturfélög. Vísað er til skýringar 3 varðandi nánari upplýsingar.

Skýringar við samstæðuársreikning

26. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

a. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð og sundurliðast sem hér segir:

Félag	Starfsemi	Lögheimili	Eignarhlutur 31.12.2021	Eignarhlutur 31.12.2020
Kjölfesta GP ehf.	Eignarhaldsfélag	Ísland	-	50%
Gláma fjárfestingar slhf.	Eignarhaldsfélag	Ísland	24%	24%
Moberg d. o. o.	Stafrænar lausnir	Króatía	40%	-

Samstæðan metur ekki eignarhluti sína í hlutdeildarfélögum sem verulega, hvorki hvern í sínu lagi né samanlagða. Á öðrum ársfjórðungi ársins 2021 seldi samstæðan allan eignarhlut sinn í Kjölfestu GP ehf. Á fjórða ársfjórðungi ársins 2021 eignaðist samstæðan 40% hlut í Moberg d. o. o., sem sérhæfir sig í stafrænum lausnum.

b. Breytingar á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum eru sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Staða í upphafi árs	42.240	776.490
Kaup á hlutum í hlutdeildarfélögum	67.000	0
Arðgreiðslur	(3.750)	(7.500)
Sala á hlutum í hlutdeildarfélögum	(10.924)	(719.323)
Afkoma hlutdeildarfélaga, a.t.t. til tekjuskatts	(27.566)	(7.427)
Samtals	67.000	42.240

27. Fjárfestinga eignir

Fjárfestinga eignir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Staða í upphafi árs	1.016.905	1.016.553
Viðbætur	0	352
Endurmat á fjárfestinga eignum	83.095	0
Samtals	1.100.000	1.016.905

Í október 2017 eignaðist samstæðan fjárfestinga eignir í gegnum Rafklett ehf. sem er eitt af dótturfélögum bankans. Tilgangur fjárfestingarinnar er að hagnast í gegnum leigutekjur eða virðisaukningu eða hvoru tveggja. Bókfært virði fjárfestinga eigna byggir á nýjasta mati löggiltra fasteignasala, núverandi ásettu verði og/eða nýlegum viðskiptum með sambærilegar eignir eða verðmatsaðferðum sem byggja á leigumargföldurum. Á árinu 2021 fékk samstæðan leigutekjur að fjárhæð 81 m.kr. (2020: 77 m.kr.) og nam beinn kostnaður tengdur fjárfestinga eignum 13 m.kr. (2020: 15 m.kr.).

28. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sundurliðast sem hér segir:

31.12.2021	Viðskiptavild	Viðskipta-sambönd	Vörumerki	Hugbúnaður og annað	Samtals
Bókfært virði 1. janúar 2021	2.943.881	0	0	618.740	3.562.621
Viðbætur	0	0	0	458.271	458.271
Viðbætur vegna samruna	21.314.091	2.391.991	2.439.788	2.017.629	28.163.498
Afskrifað	0	(136.181)	(99.523)	(493.278)	(728.982)
Bókfært virði 31. desember 2021	24.257.972	2.255.810	2.340.265	2.601.362	31.455.409
Stofnverð	24.257.972	2.391.991	2.439.788	3.270.240	32.359.991
Afskrifað	0	(136.181)	(99.523)	(668.878)	(904.582)
Bókfært virði 31. desember 2021	24.257.972	2.255.810	2.340.265	2.601.362	31.455.409
31.12.2020	Viðskiptavild	Viðskipta-sambönd	Vörumerki	Hugbúnaður og annað	Samtals
Bókfært virði 1. janúar 2020	2.943.881	0	0	339.375	3.283.256
Viðbætur	0	0	0	354.053	354.053
Afskrifað	0	0	0	(74.688)	(74.688)
Bókfært virði 31. desember 2020	2.943.881	0	0	618.740	3.562.621
Stofnverð	2.943.881	0	0	794.340	3.738.221
Afskrifað	0	0	0	(175.600)	(175.600)
Bókfært virði 31. desember 2020	2.943.881	0	0	618.740	3.562.621

Skýringar við samstæðuársreikning

28. Óefnislegar eignir (frh.)

b. Virðisrýrnunarpróf

Eignir með ótilgreindan líftíma, svo sem viðskiptavild, eru ekki afskrifaðar heldur undirgangast virðisrýrnunarpróf árlega, líkt og greint er frá í skýringu 98. Viðskiptavild er úthlutað á sjóðskapandi einingar („CGU“) svo hægt sé að framkvæma virðisrýrnunarpróf. Viðskiptavild er úthlutað á þær CGU eða hóp af CGU sem gert er ráð fyrir að njóti ávinnings við samrunann sem að viðskiptavildin er tilkomin vegna. Viðskiptavild hefur verið úthlutað á þrjár CGU, Eignastýringu, Viðskiptabankasvið og Tryggingar. Viðskiptavildinni sem var úthlutað á Viðskiptabankasvið og Tryggingar, í kjölfar samruna á árinu 2021, byggir á bráðabirgðamatí. Mun henni verða endanlega lokið á árinu 2022.

Virðisrýrnunarprófin voru framkvæmd í lok árs 2021. Niðurstöður þeirra sýna að endurheimtanlegt virði er hærra en bókfært virði viðskiptavildarinnar. Til viðbótar við prófanir á grunnsviðsmyndum þá voru viðbótar sviðsmyndir útbúnar og í þeim voru framkvæmd álagspróf á nokkrum lykilforsendum. Í öllum sviðsmyndum sem voru prófaðar þá gefa niðurstöður til kynna að það sé nægilegt svigrúm til staðar og það séu engar vísbendingar um virðisrýrnun.

Eftirfarandi tafla greinir frá lykilforsendum við mat á endurheimtanlegu virði. Endurheimtanlega virði er reiknað með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi CGU. Tímavirði peninga og verðlagning áhættu, sem reiknað er sem veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC), byggist á ytri markaðsupplýsingum um markaðsáhættu og vaxtastig, auk tiltekinna annarra þátta tengdum CGU, svo sem landssvæðisáhættu.

	Framtíðar- vöxtur	Afvöxtunar- stuðull	Bókfært virði
31.12.2021			
Eignastýring	3,5%	10,1%	2.943.881
Viðskiptabankasvið	3,5%	11,1%	13.013.764
Tryggingar	3,0%	11,2%	8.300.327
Samtals viðskiptavild			24.257.972

	Framtíðar- vöxtur	Afvöxtunar- stuðull	Bókfært virði
31.12.2020			
Eignastýring	3,5%	9,4%	2.943.881
Samtals viðskiptavild			2.943.881

29. Rekstrarleigugæignir

Rekstrarleigugæignir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021
Bókfært virði 1. janúar 2021	0
Viðbætur vegna samruna	1.784.025
Viðbætur	233.914
Selt	(319.763)
Afskrifað	(239.555)
Bókfært virði 31. desember 2021	1.458.621
Stofnverð	2.226.907
Afskrifað	(768.286)
Bókfært virði 31. desember 2021	1.458.621

Samanburðarfjárhæðir eru ekki birtar þar sem rekstrarleigugæignir komu inn við samruna á árinu. Vísað er til skýringar 3 varðandi frekari upplýsingar um samrunann.

Skýringar við samstæðuársreikning

30. Frestuð skatteign og skattskuldbinding	31.12.2021	31.12.2020
Frestuð skatteign	3.177.763	835.816
Frestuð skattskuldbinding	(899.942)	(236.186)
Nettó	2.277.821	599.630
Skatteign (skattskuldbinding) samstæðunnar heimfærast á eftirfarandi efnahagsliði:		
	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir	270.609	(56.575)
Óefnislegar eignir	(563.719)	0
Aðrir liðir	(225.954)	(172.014)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	2.796.884	828.219
Samtals	2.277.821	599.630
Í lok árs 2021 nam yfirfæranlegt skattalegt tap 22,7 milljörðum kr. og fyrnist það á eftirfarandi hátt:		Skattalegt tap
Skattalegt tap 2012, nýtanlegt til 2022		467.499
Skattalegt tap 2013, nýtanlegt til 2023		1.511.014
Skattalegt tap 2015, nýtanlegt til 2025		1.242.589
Skattalegt tap 2017, nýtanlegt til 2027		453.436
Skattalegt tap 2018, nýtanlegt til 2028		18.137.597
Skattalegt tap 2020, nýtanlegt til 2030		909.209
Samtals		22.721.343
31. Aðrar eignir		
Aðrar eignir sundurliðast sem hér segir:		
	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur	7.599.584	3.646.962
Óuppgerð viðskipti	984.264	630.192
Afnotaréttur fasteigna og leigukröfur	800.087	478.995
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	111.172	0
Kröfur á gangvirði	30.202	327.210
Ýmsar eignir	517.245	356.733
Samtals	10.042.553	5.440.092
Afnotaréttur fasteigna og leigukröfur sundurliðast sem hér segir:		
	31.12.2021	31.12.2020
Staða í upphafi árs	478.995	622.415
Viðbætur	453.937	11.152
Viðbætur vegna samruna	301.665	0
Fært niður	(175.404)	0
Verðbætur	37.716	18.023
Afskriftir og afborgun leigukröfu	(296.822)	(172.596)
Samtals	800.087	478.995
Afnotaréttur fasteigna og leigukröfur samanstanda af fasteignum sem samstæðan notar í rekstri sínum. Samstæðan hefur framleigt hluta af þeim fasteignum sem hún notar ekki undir starfsemi sína.		
32. Innlán		
Innlán sundurliðast sem hér segir:		
	31.12.2021	31.12.2020
Óbundin innlán	63.858.051	46.775.812
Bundin innlán	14.811.756	13.148.871
Samtals	78.669.807	59.924.683

Skýringar við samstæðuársreikning

33. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021
Tjónaskuld	16.492.994
Iðgjaldaskuld	5.311.124
Áhættuálag	630.329
Vátryggingaskuld samtals	22.434.447

Endurtryggingasamningar samstæðunnar eru aðallega umframskaðasamningar (e. Excess of Loss) sem bæta stórtjón, en fáeinar greinar eru með hlutfallssamninga (e. Quota share).

Hlutdeild endurtryggjenda:

Tjónaskuld	635.419
Iðgjaldaskuld	113.964
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	749.383

Vátryggingaskuld í eigin hlut:

Tjónaskuld	15.857.575
Iðgjaldaskuld	5.197.160
Áhættuálag	630.329
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals	21.685.065

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og kostnaðar vegna orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2021 er óveruleg.

Samanburðarfjárhæðir eru ekki birtar þar sem vátryggingaskuldin varð hluti af samstæðunni við samruna á árinu 2021. Vísað er til skýringar 3 varðandi frekari upplýsingar um samrunann.

Þróun tjónaskuldar vegna tjóna frá 1.4.2021 til 31.12.2021:

	Hlutdeild endur-		
	Heild	tryggjenda	í eigin hlut
Tjónaskuld 1.4.2021	16.764.649	(1.173.928)	15.590.720
Greidd tjón á tímabilinu vegna fyrri ára	(3.967.947)	310.640	(3.657.306)
Gengisbreyting tjónaskuldar fyrri ára	4.150	0	4.150
Vöxtun og vaxtabreytingar tjónaskuldar fyrri ára	(30.185)	0	(30.185)
Breyting í kostnaðarálagi fyrri ára	(210.595)	0	(210.595)
Matsbreyting tjónaskuldar fyrri ára	(66.201)	(114.159)	(180.360)
Tjónaskuld í lok árs vegna núverandi árs	3.999.123	342.028	4.341.151
Tjónaskuld í lok árs	16.492.994	(635.419)	15.857.575
Breyting tjónaskuldar vegna vátryggingarekstrar	(245.620)	538.510	292.890
Hlutfallssleg matsbreyting vegna tjóna fyrri ára	(0,4%)	9,7%	(1,2%)

Jákvæð matsþróun í eigin hlut hefur þau áhrif að samsett hlutfall lækkar um 1,4%

Þróun iðgjaldaskuldar frá 1.4.2021 til 31.12.2021:

	Hlutdeild endur-		
	Heild	tryggjenda	í eigin hlut
Iðgjaldaskuld 1.4.2021	9.769.559	(522.428)	9.247.131
Gengisbreyting iðgjaldaskuldar	25.806	(258)	25.547
Breyting iðgjaldaskuldar án gengisbreytinga	(4.484.240)	408.723	(4.075.518)
Iðgjaldaskuld í árslok	5.311.124	(113.964)	5.197.160

Skýringar við samstæðuársreikning

33. Vátryggingaskuld (frh.)

Vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar frá 1.4.2021 til 31.12.2021:

	Hlutdeild endur-		
	Heild	tryggjenda	Í eigin hlut
Vöxtun og vaxtagreytingar tjónaskuldar fyrri ára	(30.185)	0	(30.185)
Gengisbreyting tjónaskuldar fyrri ára	4.150	0	4.150
Gengisbreyting iðgjaldaskuldar	25.806	(258)	25.547
Alls vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	(229)	(258)	(488)

34. Lántökur

Lántökur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Peningamarkaðsinnlán	17.261.048	26.424.340
Samtals	17.261.048	26.424.340

Höfuðstóll peningamarkaðsinnlána er að jafnaði 5-500 m.kr., tímalengd þeirra 1 dagur til 6 mánaða og bera þau fasta vexti.

Bankinn hefur ekki verið í vanskilum með höfuðstól eða vexti eða á annan hátt brotið gegn skilmálum skuldabréfa sem hann hefur gefið út eða vegna annarra lántaka.

35. Vixlaútgáfa

Vixlaútgáfa sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
KVB 21 0322	0	598.488
KVB 21 0621	0	595.587
KVB 21 0921	0	809.534
Samtals	0	2.003.608

36. Skuldabréfaútgáfa

Skuldabréfaútgáfa sundurliðast sem hér segir:

Gjaldmiðill, nafnverð	Fyrst gefið út	Loka-gjalddagi	Greiðslu-skilmálar	Vaxtakjör	31.12.2021	31.12.2020
Ótryggð skuldabréf:						
KVB 20 01, ISK 5.000 m.kr.	2020	2023	Á lokadegi Breytilegir, 1 mán REIBOR + 0,85%		4.609.836	1.763.538
KVB 19 01, ISK 5.000 m.kr.	2019	2024	Jafnar gr. Breytilegir, 1 mán REIBOR + 1,50%		3.003.775	3.474.842
KVB 21 01, GBP 12 milljónir	2021	2023	Á lokadegi Breytilegir, 3 mán. LIBOR + 2,50%		2.117.105	0
KVB 21 02, ISK 5.400 m.kr.	2021	2027	Á lokadegi Verðtryggt, fastir 1,0%		5.589.138	0
Lykill 23 11, ISK 3.010 m.kr.	2020	2023	Á lokadegi Breytilegir, 1 mán. REIBOR + 1,10%		2.575.197	0
KVIKA 24 1119, GBP 11.4 milljónir ..	2021	2024	Á lokadegi Breytilegir, 3 mán. LIBOR + 1,75%		2.007.693	0
KVIKA 24 1216 GB, ISK 4.500 m.kr. ...	2021	2024	Á lokadegi Breytilegir, 3 mán. REIBOR + 0,90%		4.506.565	0
Sértryggð skuldabréf:						
Lykill 16 01, ISK 10.870 m.kr.	2016	2023	Jafnar gr. Breytilegir, 1 mán. REIBOR + 1,10%		2.928.877	0
Lykill 26 05, ISK 5.130 m.kr.	2019	2026	Jafnar gr. Verðtryggt, fastir 3,30%		3.792.658	0
Lykill 24 06, ISK 1.570 m.kr.	2020	2024	Jafnar gr. Fastir, 2,80%		1.002.853	0
Lykill 23 09, ISK 1.000 m.kr.	2019	2023	Jafnar gr. Fastir, 5,20%		464.019	0
Samtals					32.597.716	5.238.381
Óskráð ótryggð skuldabréf, samtals					0	329.704
Samtals					32.597.716	5.568.085

Skýringar við samstæðuársreikning

37. Víkjandi lán

a. Víkjandi lán:

Gjaldmiðill, nafnverð	Fyrst gefið út	Lokagjalddagi	Greiðsluskilmálar	Vaxtakjör	31.12.2021	31.12.2020
KVB 15 01, ISK 1.000 m.kr.	2015	2025	Á lokadegi	Neysluv.vísit., fastir 7,5%	0	1.169.444
KVB 18 02, ISK 800 m.kr.	2018	2028	Á lokadegi	Neysluv.vísit., fastir 7,5%	960.156	907.781
TM 15 1, ISK 2.000 m.kr.	2015	2045	Á lokadegi	Neysluv.vísit., fastir 5,25%	2.411.610	0
Samtals					3.371.766	2.077.225

Í kjölfar heimildar frá FME þá endurgreiddi samstæðan KVB 15 01 skuldabréfið á vaxtagjalddaga í ágúst 2021.

Á vaxtagjalddaga á árinu 2023, fyrir KVB 18 02, öðlast samstæðan rétt til að endurgreiða víkjandi skuldabréfið og helst sá réttur á öllum vaxtagjalddögum til lokagjalddaga.

Á vaxtagjalddaga í maí 2025, fyrir TM 15 01, hækka vaxtakjörin frá 5,25% p.a. upp í 6,25% p.a. Á þeim degi, sem og öllum vaxtagjalddögum til lokagjalddaga, hefur samstæðan rétt til að endurgreiða víkjandi skuldabréfið á.

Víkjandi skuldabréf eru fjárskuldbindingar í formi víkjandi fjármagns sem, ef til slita félagsins kæmi, hvort heldur er að eigin frumkvæði eða ekki, verða ekki endurgreiddar fyrr en eftir að kröfur almennra kröfuhafa hafa verið greiddar. Við útreikning á eiginfjárlutfalli eru víkjandi skuldabréf færð undir eiginfjárbátt B og teljast sem hluti af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Víkjandi skuldir eru afskrifaðar línulega úr eiginfjárbætti B þegar 5 ár eða minna eru til lokagjalddaga eða allt að 20% á ári. Bankinn hefur ekki heimild til að gera upp eða endurgreiða víkjandi skuldabréfið fyrir gjalddaga nema að fenginni heimild frá FME.

b. Víkjandi lán sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Staða í upphafi árs	2.077.225	1.999.530
Innlausn á KVB 15 01	(1.258.799)	0
Viðbætur vegna samruna	2.358.610	0
Greiddir vextir	(113.125)	(115.000)
Greiddar verðbætur	(14.763)	(9.922)
Áfallnir vextir og verðbætur	322.618	202.617
Samtals	3.371.766	2.077.225

38. Skortstöður í verðbréfum

Skortstöður í verðbréfum sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Skráð ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð	608.965	559.382
Skráð skuldabréf	714.665	961.165
Samtals	1.323.631	1.520.547

39. Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna

Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Skráð ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð	1.280.868	731.987
Samtals	1.280.868	731.987

40. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Laun og launatengd gjöld	1.481.030	490.576
Leiguskuldbinding	1.041.121	477.691
Viðskiptaskuldir	974.515	324.385
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	875.985	1.217.659
Vörsluskattar	694.281	361.088
Skilyrt skuldbinding	483.486	386.001
Skattar á fjármálastofnanir og fjármálastarfsemi	170.753	97.664
Endurtryggingaskuldir	142.407	0
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	111.172	0
Vænt útlánatap vegna skuldbindinga utan efnahags	6.720	31.371
Aðrar skuldir	696.038	364.037
Samtals	6.677.507	3.750.472

Skýringar við samstæðuársreikning

40. Aðrar skuldir (frh.)

Leiguskuldbinding sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Staða í upphafi árs	477.691	616.521
Viðbætur	452.001	39.449
Viðbætur vegna samruna	373.413	0
Afborgun	(299.701)	(197.076)
Verðbætur	37.716	18.796
Samtals	1.041.121	477.691

41. Hlutfé

a. Hlutfé

Nafnvirði hvers hlutar sem bankinn hefur gefið út er 1 króna. Allir núverandi útgefnir hlutir eru með nafnvirði 1 króna og eru að fullu greiddir. Handhafar hluta eiga tilkall til arðgreiðslna sem samþykktar eru á aðalfundi og hafa rétt á einu atkvæði fyrir hverja 1 króna nafnvirðeiningu hluta á hluthafafundum. Vísað er til samþykktar bankans varðandi nánari upplýsingar um hlutfé hans.

	31.12.2021	31.12.2020
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum bankans	4.907.395	2.141.002
Eigin hlutir	117.256	0
Ónýttar heimildir til aukningar hlutfjár	413.325	546.480

b. Breyting á nafnvirði hlutfjár

Hlutfé bankans var hækkað samtals að nafnvirði 256.458.363 á árinu 2021 til að mæta nýtingu á útstandandi áskriftarréttindum. Til viðbótar við það þá var hlutféð aukið að nafnvirði 2.509.934.076 í tengslum við samruna við TM hf. og Lykil fjármögnun hf.

c. Heimildir til aukningar hlutfjár

Samkvæmt samþykktum bankans frá 20. desember 2021 er stjórn heimilt að auka hlutfé bankans um allt að 100 milljónir króna með áskrift að nýjum hlutum. Heimild þessi er byggð á ákvæði I til bráðabirgða við samþykktirnar og gildir til 15. mars 2022.

- fjáreignum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði
- fjáreignum metnum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu
- fjárskuldum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði
- afleiðum

78. Þóknatekjur og þóknagjöld

Samstæðan veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu gegn gjaldi. Þetta nær til þóknana fyrir að stýra eignum fyrir hönd viðskiptavina, þóknana vegna viðskipta með hlutabréf og skuldabréf og þóknana vegna ýmissar annarrar fjármálaþjónustu. Þóknatekjur og þóknagjöld sem eru órjúfanlegur hluti virkra vaxta fjáreigna eða fjárskulda eru innifaldar í útreikningi á virkum vöxtum.

Þóknatekjur og -gjöld eru skráð í rekstrarreikningi þegar samningur við viðskiptavin uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- samningsaðilar hafa samþykkt samninginn og þar með skuldbundið sig til að uppfylla skyldur sínar
- samningsskyldan vegna þeirrar þjónustu sem á að yfirfæra hefur verið skilgreind
- greiðsluskilmálar vegna þeirrar þjónustu sem á að yfirfæra eru skilgreindir
- viðskiptaverðið er greinanlegt niður á einstaka þjónustuliði í samningnum
- það er líklegt að endurgjald verði innheimt fyrir þjónustu sem er yfirfærð til viðskiptavinarins

Eftirfarandi á við skráningu á tekjum fyrir ýmsar tegundir þóknana og þjónustugjalda:

- Þóknanir sem ávinnast eftir því sem þjónustan er innt af hendi, svo sem umsýsluþóknanir vegna eignastýringar, eru bókfærðar sem tekjur jafnóðum og þjónustan er innt af hendi. Í raun eru slíkar þóknanir færðar samkvæmt línulegri aðferð
- Þóknanir sem tilheyra ákveðinni þjónustu eða athöfn eru bókfærðar sem tekjur þegar búið er að veita þjónustuna. Dæmi um slíkar þóknanir eru miðlunar- og sölubóknanir

Skýringar við samstæðuársreikning

79. Hrein iðgjöld og tjón

Iðgjöld eru færð til tekna hlutfallslega yfir það tímabil sem váttryggingarnar ná yfir. Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu fyrir reikningsskiladag sem tilheyrir síðari reikningsárum. Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru því þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrri árum en að frádrögnum iðgjöldum til síðari ára sem færast sem iðgjaldaskuld. Bókfærð iðgjöld tímabilsins eru sýnd að frádrögnum afskrifuðum iðgjöldum en án umboðslauna- eða sölukostnaðar og breyting á iðgjaldaskuldar er sýnd án breytinga vegna gengismunar. Skilgreining á eigin iðgjöldum er í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2020.

Tjón ársins samanstanda af bókfærðum tjónum, breytingu á tjónaskuld vegna váttryggingarekstrar og breytingu á áhættuálagi. Með breytingu tjónaskuldar vegna váttryggingarekstrar er átt við matsbreytingu tjónaskuldar fyrri ára, tjónaskuldar vegna nýrra tjóna að frádrögnum bókfærðum tjónum vegna fyrri ára. Eigin tjón eru svo fengin með því að draga frá hluta endurtryggjenda í bókfærðum tjónum og í tjónaskuld. Sú breyting á tjónaskuld fyrri ára sem er vegna gengismunar, vöxtunar og breyttra vaxta er ekki færð undir tjón ársins, heldur undir fjárfestingar. Skilgreining á tjónum ársins er í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2020.

80. Váttryggingasamningar

Félög innan samstæðunnar, sem eru í tryggingastarfsemi, gefa út samninga sem flytja váttryggingaáhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

Með váttryggingasamningi tekur váttryggjandinn að sér váttryggingaáhættu frá váttryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Váttryggingasamningar samstæðunnar flokkast í skaðatryggingar og líf- og sjúkdómatryggingar.

Skaðatryggingar

Váttryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga varða ábyrgðartjón, slysatjón og eignatjón.

Ábyrgðartryggingar bæta tjón þriðja aðila sem hinn váttryggði veldur. Slysatryggingar bæta tjón sem hinn váttryggði verður fyrir vegna slyss. Eignatryggingar greiða aðallega bætur til váttryggðra vegna tjóns eða taps á eignum og tengdum hagsmunum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna tekjutaps ef tjón á eignum veldur því að þær nýtast ekki í rekstri.

Líf- og sjúkdómatryggingar

Þessir váttryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna alvarlegra sjúkdóma.

Með váttryggingasamningi tekur váttryggjandinn að sér váttryggingaáhættu frá váttryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Váttryggingasamningar samstæðunnar flokkast í skaðatryggingar og líf- og sjúkdómatryggingar.

Líf- og sjúkdómatryggingar

Þessir váttryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna alvarlegra sjúkdóma.

81. Hreinar fjárfestingatekjur

Hreinar fjárfestingatekjur samanstanda af:

- Innleystum og óinnleystum hagnaði eða tapi af verðbréfum með föstum tekjum sem færð eru á gangvirði
- Innleystum og óinnleystum hagnaði eða tapi af hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum sem færð eru á gangvirði
- Vaxtatekjum af verðbréfum með föstum tekjum sem færð eru á gangvirði
- Arði
- Gangvirðisbreytingum lána til viðskiptavina sem færð eru á gangvirði
- Virðisbreytingum af afleiðum
- Vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar váttryggingaskuldar
- Gjaldeyrisgengismun

82. Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til móttöku arðsins hefur stofnast. Venjulega er það arðleysisdagur. Arðstekjur eru færðar meðal hreinna fjárfestingatekna.

83. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samanstendur af kostnaði öðrum en vaxtagjöldum, þóknagjöldum og kostnaði tengdum gangvirðisbreytingum. Sundurliðun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði má finna í skýringu 10.

Skýringar við samstæðuársreikning

84. Starfskjör starfsmanna

- Hlunnindi starfsmanna til skamms tíma
Hlunnindi starfsmanna til skamms tíma eru færð til gjalda þegar þau eru veitt. Til skuldar er færð sú fjárhæð sem gert er ráð fyrir að greidd verði vegna bónusa eða vegna hlutdeildar í hagnaði í þeim tilvikum ef samstæðunni ber lagaleg skylda til þess að greiða þá fjárhæð vegna þjónustu sem starfsmaður hefur innt af hendi og mögulegt er að meta hana með áreiðanlegum hætti.
- Iðgjaldatengt lífeyriskerfi
Iðgjöld í lífeyrissjóði eru gjaldfærð í rekstrarreikning meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til. Samstæðan er ekki skuldbundin til frekari greiðslna þegar þessi iðgjöld hafa verið greidd.
- Kaupréttargreiðslur
Kaupréttarsamningar sem gera á upp með afhendingu hlutabréfa eru metnir sem gangvirði eiginfjárgerninganna á samningsdegi. Gangvirði kaupréttarsamninga, sem gera á upp með afhendingu hlutabréfa, á samningsdegi er fært sem starfsmannakostnaður, með samsvarandi breytingu á eigin fé, og er honum dreift yfir tímann sem að starfsmaðurinn öðlast óskilyrtan rétt til kaupréttarins. Sú fjárhæð sem er færð til gjalda er eftir upphaflega skráningu aðlöguð að fjölda eiginfjárgerninga í viðskiptum þar sem vænta megi að þjónustutengd ávinnsluskilyrði og frammistöðutengd skilyrði verði uppfyllt, þannig að fjárhæðin sem er færð til gjalda endurspeglar þann fjölda eiginfjárgerninga sem ávinnast og hafa uppfyllt þjónustutengd og frammistöðutengd skilyrði.

85. Tekjuskattur

Tekjuskattur felur í sér tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning, utan þess tekjuskatts sem tengist með beinum hætti liðum sem færast í annarri heildarafkomu eða beint á eigið fé, en í slíkum tilvikum færast tekjuskatturinn á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skattthlutfall á uppgjörstæði, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattseign og/eða tekjuskattskuldbinding hefur verið reiknuð út og færð á efnahagsreikninginn. Útreikningurinn byggir á tímabundnum mismun á virði eigna og skulda í í skattframtali annars vegar og ársreikningi hins vegar, að teknu tilliti til uppsafnaðs skattalegs taps. Mismunurinn stafar af því að mat á skatti byggir á forsendum sem eru aðrar en þær sem að reikningskilin byggja á, að mestu leyti er um að ræða tímabundinn mismun sem kemur til vegna aðferðarfræði við skráningu tekna og kostnaðar í skattframtölum og ársreikningum.

Tekjuskattseignum og tekjuskattskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem það er talið líklegt að framtíðarhagnaður verði til staðar til að eignin nýtist. Skatteign er endurskoðuð á hverjum reikningskiladegi og færð niður að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

86. Fjáreignir og fjárskuldir

- Skráning
Upphafleg skráning hjá samstæðunni á útlánnum og kröfum, innlánnum, útgefnum skuldagerningum og víkjandi skuldum er á þeim degi þegar til skuldbindinganna er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á viðskiptadegi, sem er sá dagur sem samstæðan verður aðili að samningsákvæðum gerningsins.
- Flokkun

Fjáreignir

Fjáreignir samstæðunnar eru flokkaðar í einn af þrem flokkum; i) á afskrifuðu kostnaðarverði, ii) gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða iii) á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Aðferðin við að meta einstaka fjáreign er ákvörðuð út frá mati á einkennum stjórðstreyms þeirra og því viðskiptalíkani sem þeim er stýrt með.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu stjórðstreyms sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum og eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið stjórðstreymi. Eftir upphaflega skráningu þá eru fjáreignir í þessum flokki metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Meirihluti af lánnum samstæðunnar til viðskiptavina eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Vextir af útlánnum eru færðar sem vaxtatekjur.

Niðurfærslur á fjáreignum, sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, eru reiknaðar út með aðferð vænts útlánataps. Fjárhæð lána og skuldagerninga, sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði, í efnahag tekur tillit til frádráttar vegna niðurfærslureiknings.

Skýringar við samstæðuársreikning

86. Fjáreignir og fjárskuldir (frh.)

Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (FVOCI)

Fjáreignir má flokka sem fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (FVOCI) þegar þær uppfylla þau skilyrði sem eru gerð til slíkrar flokkunar. Vaxtatekjur eru reiknaðar með aðferð virkra vaxta. Vaxtatekjur og gjaldeyrisgengismunur eru færð í rekstrarreikning. Verðbréf með föstum tekjum sem flokkast sem FVOCI fara í gegnum mat á niðurfærsluþörf og er það mat reiknað með aðferð vænts útlánataps. Breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum aðra heildarafkomu en við afskráningu þá endurflokkast uppsafnaður hagnaður (tap) af annarri heildarafkomu yfir í rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL)

Fjáreignir sem metnar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru allar aðrar fjáreignir en þær sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Þar á meðal eru fjáreignir sem eru tilskildar á gangvirði yfir rekstur og fjáreignir sem eru óafturkræft tilgreindar af samstæðunni við upphaflega skráningu á gangvirði í gegnum rekstur en myndi að öðrum kosti uppfylla skilyrði þess að vera flokkuð á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Samstæðunni er heimilt við upphaflega skráningu að tilgreina fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef það leiðir til þess að eytt sé eða verulega dregið úr reikningshaldslegu misræmi sem annars myndi koma fram.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru metnar á efnahag á gangvirði. Útlán sem metin eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru eignir þar sem sjóðstreymið endurspeglar ekki greiðslur sem eru einungis greiðslur höfuðstóls og vaxta en eru ekki veltufjáreignir. Vextir af útlánum sem metin eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir sem vaxtatekjur. Breytingar á gangvirði, sem og hagnaður eða tap sem innleystur er við sölu, eru færðar sem hreinar fjárfestingartekjur (-gjöld) í rekstrarreikningi.

Mat á viðskiptalíkani

Samstæðan metur markmið viðskiptalíkansins, sem fjáreignin tilheyrir, á eignasafnsstigi þar sem það sýnir best hvernig rekstrinum er stýrt og hvernig upplýsingagjöf til stjórnenda er háttáð. Upplýsingar sem horft er til eru meðal annars:

- stefnur og markmið stjórnenda fyrir eignasafnið og raunveruleg framkvæmd á stefnunum. Einkum hvort stefna stjórnenda miðist við að afla samningsbundinna vaxtatekna, viðhalda tilteknu vaxtastigi, para saman tímallengd fjáreignanna og tímallengd skuldanna sem fjármagna eignirnar eða innleysa sjóðstreymi með sölu eignanna;
- aðferðir við mat á afkomu eignasafna og upplýsingagjöf þar um til stjórnenda;
- helstu áhættur sem hafa áhrif á viðskiptalíkanið (og þær fjáreignir sem tilheyra því viðskiptalíkani) og áhættustýringaraðgerðir til að sporna gegn þeim;
- hvernig stjórnendum er umbunað - til dæmis hvort umbunun byggir á gangvirði eigna sem þeir stýra eða innheimtu samningsbundins sjóðstreymis; og
- tíðni, magn og tímasetning sölu fjáreigna á fyrri tímabilum, ástæður fyrir slíkum söllum og væntingar um framtíðarsölu. Upplýsingar um sölu eru ekki metnar einar og sér heldur með hliðsjón af öðrum þáttum við mat á því hvernig yfirlýstu markmiði bankans varðandi stýringu fjáreignanna er framfylgt og hvernig sjóðstreymi eru innleyst.

Fjáreignir sem eru veltufjáreignir eða stýrt og eru mældar með tilliti til afkomu á gangvirðisgrunni eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem þeim er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi né heldur til að innheimta bæði samningsbundið sjóðstreymi og til sölu.

Mat á samningsbundnu sjóðstreymi

Fjáreignir sem eru hluti af viðskiptalíkönunum haldið til innheimtu og haldið til innheimtu og sölu eru yfirfarnar til að meta hvort samningsbundið sjóðstreymi þeirra samanstendur einungis af greiðslu höfuðstóls og vaxta (SPPI). SPPI greiðslur eru þær sem eru í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag. Höfuðstóll er skilgreindur sem gangvirði fjáreigninnar við upphaflega skráningu og getur tekið breytingum yfir líftíma gerninganna, til dæmis vegna afborgana. Vextir eru skilgreindir sem endurgjald vegna tímavirðis peninga og útlánaáhættu er tengist útstandandi höfuðstól yfir tiltekið tímabil og vegna annarrar grundvallar útlánaáhættu (væntu tapi, lausafjárahættu og umsýslukostnaði), auk hagnaðarhlutfalls.

Í þeim tilfellum þar sem samningsbundnir skilmála fela í sér möguleika á annarri áhættu eða kynnu að breyta sjóðstreyminu á þann hátt að það væri ekki í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag, þá er fjáreignin flokkuð og metin á gangvirði yfir rekstrarreikning.

Endurflokkun

Fjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega skráningu, nema á því tímabili þar sem samstæðan breytir viðskiptalíkani sínu og ef sú breyting er marktæk hvað starfsemi hennar varðar.

Fjárskuldir

Fjárskuldir samstæðunnar eru flokkaðar í annan af tveim flokkum, það er annað hvort á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Veltufjárskuldir eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, allar aðrar fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega skráðar á gangvirði, sem er yfirleitt jafnt og kostnaðarverð, það er það reiðufé sem látið er af hendi að frádregnum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu eru þær metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir, þegar um er að ræða vaxtaberandi skuldir, eru meðtaldir í bókfærðu virði. Vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning meðal hreinna vaxtatekna.

Skýringar við samstæðuársreikning

86. Fjáreignir og fjárskuldir (frh.)

Afskráning

Fjáreignir

Fjáreign er afskráð þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar bankinn flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja á reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða bankinn heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Samstæðan á í viðskiptum þar sem hún yfirfærir eignir, sem skráðar eru í efnahagsreikning hennar, en heldur eftir annaðhvort öllum eða verulegum hluta af áhættu og ávinningi eignanna sem fluttar eru, eða hluta þeirra. Í þeim tilvikum er yfirfærð eign ekki afskráð. Til slíkra tilvika teljast til dæmis verðbréfalán og endurkaupaviðskipti.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skyldur samstæðunnar eru uppfylltar, felldar niður eða fallnar úr gildi.

87. Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð sett fram í efnahagsreikning þegar til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera upp eign og skuld miðað við hreina fjárhæð eða að gera upp eign og skuld á sama tíma.

Tekjum og gjöldum vegna fjölda viðskipta af sama toga, til að mynda vegna veltubókarviðskipta samstæðunnar, eða undir öðrum kringumstæðum er jafnað saman þegar slíkt er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS).

88. Ákvörðun á gangvirði

Gangvirði er sú fjárhæð sem fengist við sölu eignar eða framsal skuldar í skipulegum viðskiptum milli markaðsaðila á þeim degi sem virðið er metið og á aðalmarkaði eða, ef aðalmarkaður er ekki til staðar, hagstæðasta markaði sem samstæðan hefur aðgang að þann dag. Gangvirði fjárskulda endurspeglar áhættu á vanefndum skuldarinnar. Samstæðan ákvarðar gangvirði gernings með tilboðsvirði á virkum markaði fyrir þann gerning, ef það er til staðar. Markaður er talinn virkur ef tilboðsverð eru aðgengileg og tiltæk reglulega og teljast endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óskyldra aðila.

Ef ekki er til staðar virkur markaður fyrir fjármálagerninga ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferðum sem styðjast eins mikið og hægt er við gögn af markaði og styðst eins lítið og hægt er við sérstakt mat samstæðunnar. Verðmatsaðferðin sem er valin tekur inn í myndina alla þætti sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs. Nánari upplýsingar um verðmatsaðferðir má finna í skýringum 65 - 67.

Besta staðfesting á gangvirði fjármálagernings við upphaflega skráningu er að öllu jöfnu viðskiptaverðið, þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem innt var af hendi eða móttakið. Ef samstæðan ákvarðar að gangvirði við upphaflega skráningu sé frábrugðið viðskiptaverðinu og að gangvirðið er hvorki stutt með samanburði við önnur verð í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning né byggt á verðmatsaðferð sem einungis styðst við breytur með gögnum af greinanlegum mörkuðum, þá er fjármálagerningurinn skráður í upphafi á gangvirði, að teknu tilliti til frestun mismunarins á milli gangvirðis við upphaflega skráningu og viðskiptaverðsins. Í framhaldinu, þá er mismunurinn færður í gegnum rekstur eftir því sem við á yfir líftíma gerningsins en eigi síðar en þegar gögnin sem stuðst er við verða greinanlega eða þegar gerningurinn er afskráður.

89. Virðisrýrnun

Vænt útlánatap

Samstæðan færir niðurfærslu vegna ECL fyrir eftirtalda fjármálagerninga sem eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- skuldagerningar metnir á afskrifuðu kostnaðarverði;
- skuldagerningar metnir á gangvirði yfir aðra heildarafkomu;
- kröfur vegna fjármögnunarleigu metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- viðskiptakröfur;
- útgefnar lánsheimildir; og
- útgefnar fjárhagslegar ábyrgðir.

Samstæðan metur ECL fyrir allar gerðir af þessum eignum eða áhættum. IFRS 9 gerir hinsvegar ráð fyrir þrem mismunandi aðferðum eftir því um hvers konar eign eða áhættuskuldbindingu er að ræða:

1. Vegna viðskiptakrafna eða sambærilegra eigna þar sem ekki er um að ræða umtalsverða fjármögnun má beita einfaldri (vænt tap yfir líftíma) aðferð.
2. Vegna eigna sem eru virðisrýrðar við kaup eða skráningu þá skal beita aðferð sem tekur tillit til vænts taps yfir líftíma.
3. Vegna annarra eigna/áhættuskuldbindinga skal beita almennri (þriggja þrepa) aðferð.

Almenna aðferðin

Samstæðan reiknar ECL á hverjum reikningsskiladegi í samræmi við virðisrýrnunarlíkan á grundvelli vænts útlánataps sem byggir á þremur þrepum.

Þrep 1 nær yfir fjáreignir þar sem útlánaáhætta hefur ekki vaxið verulega frá upphaflegri skráningu eða (þar sem valkvæðri einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt) eru með lága útlánaáhættu.

Þrep 2 nær yfir fjáreignir þar sem marktæk lækkun hefur orðið á útlánagæðum frá upphaflegri skráningu (nema þar sem einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt og er viðeigandi) en ekki eru til staðar hlutlægar vísbendingar um útlánatap.

Þrep 3 nær yfir fjáreignir þar sem hlutlægar vísbendingar um útlánataps atburð eru til staðar á reikningsskiladegi.

Skýringar við samstæðuársreikning

89. Virðisrýrnun (frh.)

12 mánaða vænt útlánatöp eru færð undir þrepi 1 en vænt útlánatöp út líftíma eru færð undir þrepi 2 og 3. IFRS 9 gerir greinarmun á milli fjármálagerninga þar sem útlánagæði hafa ekki lækkað marktækt frá upphaflegri skráningu og þeim þar sem þau hafa gert það. 12 mánaða vænt útlánatöp eru færð í fyrri flokkinn af framangreindu flokkunum. Vænt útlánatöp út líftíma eru færð í seinni flokkinn af framangreindu flokkunum. Útreikningar á væntu útlánatapi byggja á líkindavegnu mati á útlánatöpum yfir væntan líftíma fjármálagerningsins.

Eign færist úr 12 mánaða væntu útlánatapi yfir í vænt útlánatöp út líftíma þegar um er að ræða marktæka lækkun í útlánagæðum frá upphaflegri skráningu. Þar af leiðandi byggja mörkin milli 12 mánaða og líftíma tapa á breytingu í útlánahættu en ekki áhættunni á reikningsskiladegi.

Einnig er til staðar mikilvæg rekstrarleg einföldun sem heimilar félögum að vera flokkuð í 12 mánaða væntu útlánatapi ef heildar útlánaáhættan er lág. Þetta á einnig við þó að útlánaáhættu hafi aukist marktækt.

Prep 3 er einnig til staðar. Það á við um eignir þar sem til staðar eru hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun (að stofni til jafnt og hlutlæg vísbending um orðið tap samkvæmt IAS 39). Vænt útlánatöp á þrepi 3 byggir enn á væntu útlánatapi út líftíma en útreikningur vaxtatekna er framkvæmdur á annan hátt.

Á þeim tímabilum sem koma í kjölfar upphaflegrar skráningar, þá eru vextir reiknaðir út frá afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til afskrifta, en til samanburðar þá eru útreikningar byggðir á bókfærðu heildarvirði á þrepi 1 og 2.

Loks, þá er sá möguleiki til staðar að gerningur þar sem búið er að færa vænt útlánatöp út líftíma færast yfir í að tilheyra 12 mánaða væntu útlánatapi ef útlánaáhættan batnar það mikið að krafan um að færa eigi vænt útlánatöp út líftíma er ekki lengur uppfyllt.

Vænt útlánatöp

Vænt útlánatöp eru skilgreind sem mismunurinn á milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem samstæðan á að fá og þess sjóðstreymis sem hún gerir raunverulega ráð fyrir að móttaka (sú fjárhæð sem vantar upp á). Þessi munur er núvirtur með upphaflegu virku vöxtunum (eða virkum vöxtum sem hafa verið aðlagðir að útlánaáhættu þegar um er að ræða keypt eða skráðar fjáreignir sem eru virðisrýrðar).

12 mánaða vænt útlánatöp

12 mánaða vænt útlánatöp eru hluti af væntum útlánatöpum út líftíma. Þau eru reiknuð með því að margfalda líkurnar á því að vanskil eigi sér stað á komandi 12 mánuðum með samtals (líftíma) væntu útlánatapi sem myndu leiða af vanskilunum. Þau eru ekki það sama og það reiðufé sem mun vanta upp á yfir komandi 12 mánuði. Þau eru ennfremur ekki þau útlánatöp á fjármálagerningum sem er raunverulega spáð að lendi í vanskilum á komandi 12 mánuðum.

Vænt útlánatöp út líftíma

Vænt útlánatöp út líftíma eru jöfn og það sem vantar upp á í samningsbundnu sjóðstreymi, að teknu tilliti til möguleikans á vanskilum á hverjum tíma á líftíma fjármálagerningsins.

Skilgreiningin á vanskilum

Fjáreign er skilgreind í vanskilum af samstæðunni ef að eitt af eftirfarandi á við:

- lántakinn er kominn 90 daga fram yfir gjalddaga með eina af áhættuskuldbindingum sínum gagnvart bankanum;
- lántakinn er skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo;
- lántakinn er á skrá opinberra aðila yfir þá sem hafa lagt fram gjaldprotabeiðni, hafa hætt starfsemi eða eru ekki lengur rekstrarhæfir;
- lántakinn er álitinn ólíklegur til að greiða samkvæmt mati áhættustýringar bankans. Samkvæmt mati áhættustýringar þá eru neðangreindir atburðir á lista þeirra yfir atburði sem eru líklegir til að leiða til vanskila:
 - brot á skilmálum lánaskuldbindinga;
 - eftirgjöf lána eða endurskipulagning; eða
 - innra mat áhættustýringar á áhættu er 4 eða 5.
- lántakinn hefur verið í vanskilum samkvæmt ofangreindu á einhverjum tíma á undanförunum þrem mánuðum.

Áhættustýring bankans getur handvirkt yfirskrifað sjálfvirka vanskilaatburði ef eftirfarandi á við:

- ástæða vanskilaatburðarins er þekkt af bankanum og er ekki metinn sem skortur á vilja eða getu til að greiða.
- endurfjármögnun áhættuskuldbindingar lántakans er ráðgerð og hefur verið staðfest.

Skýringar við samstæðuársreikning

89. Virðisrýrnun (frh.)

Líkur á vanskilum og einkunnagjöf með tilliti til útlánaáhættu

Samstæðan styðst við utanaðkomandi líkan, sem heldur utan um líkur á vanskilum (PD líkan), sem er þróað og viðhaldið af Creditinfo á Íslandi, sem er íslenskt lánshæfiseinkunnarfyrirtæki, fyrir bankann. PD líkanið byggir á upplýsingum, sem er safnað saman af Creditinfo, er varða lánshæfi fyrirtækja og einsaklinga á Íslandi byggt á einstaklingsbundnum og lýðfræðilegum breytum. Það spáir fyrir um líkur á vanskilum til komandi 12 mánaða. Líkanið hefur verið stillt af með sögulegum upplýsingum um vanskilahlutföll sem endurspeglar samsetningu eignasafns bankans. Líkanið er hannað til að gefa niðurstöðu miðað við tiltekinn tímapunkt og er búið að greina fylgni milli vanskila sem var búið að spá og raunverulegra vanskila og þjóðhagslegra spáa. Þetta gerir samstæðunni kleift að reikna mismunandi framtíðarlíkur á vanskilum að teknu tilliti til mismunandi spáa um breytingar á verðbólgu og atvinnuleysi. Líftíma PD vegna lána á þrepi 3 er jafnt og 100% þar sem þau eru, samkvæmt skilgreiningu, þegar í vanskilum.

Samstæðan styðst við 12 mánaða PD til að meta líftíma PD. PD er aðlagð með upplýsingum um lántaka sem eru í skilum á hverju ári fram að gjalddaga með eftirfarandi formúlu: $PD_t = PD_{12} * SR_t$ þar sem PD_{12} er 12 mánaða PD úr lánshæfiseinkunnarlíkaninu og SR_t eru upplýsingar um lántaka sem eru í skilum á tíma t, sem er reiknað endurkvæmt sem $SR_t = SR_{t-1} * (1-PD_t)$. Í árlegu staðfestingar og eftirlitsferli samstæðunnar þá fylgist hún með hversu viðeigandi forsendan er.

Marktæk aukning í útlánaáhættu

Þegar samstæðan er að meta hvort marktæk aukning í útlánaáhættu (SICR) hefur átt sér stað þá lítur hún bæði til huglægra og hlutlægra þátta. Samstæðan styðst almennt við hlutlægar greiningar sem byggja á PD líkaninu en tekur tillit til huglægra þátta sem byggja á upplýsingum sem eru samstæðunni aðgengilegar.

Hlutlægt mat á SICR

Samstæðan hefur skilgreint eftirfarandi viðmið fyrir SICR:

1. Einhver áhættuskuldbinding viðskiptavinarins er komin í 30 daga vanskil
2. Tilfærsla á einkunn - SICR hefur átt sér stað ef að núverandi einkunn hefur hækkað samanborið við upphaflega einkunn um meira eða jafnt og eftirfarandi þröskuldur:

Upphafseinkunn	Einkunnarþröskuldur
1	7
2	7
3	7
4	7
5	7
6	8
7	8
8	9
9	10

Tilfærsla á milli einnar eða tveggja áhættueinkunnna í PD líkaninu telst vera marktæk aukning í áhættu og á því tilfærsla í þrep 2 rétt á sér, að teknu tilliti til upphafseinkunnar. Bankinn metur hinsvegar áhættueinkunnir sem eru lægri en 5 fyrir fyrirtæki sem lága áhættu og útilokar því sérhverja tilfærslu milli flokka sem leiða ekki til einkunnar sem er hærri en það. Einkunnir sem eru hærri en 10 teljast vera einkennandi fyrir vanskil og leiða því til flutnings á þrep 3 nema það sé yfirskrifað byggt á öðrum aðgengilegum upplýsingum eða sérfræðimati.

Huglægt SICR mat

Áhættustýring er ábyrg fyrir að stýra útlánaáhættu bankans og í því felst meðal annars að útbúa huglægt SICR mat. Áhættustýring fer mánaðarlega yfir sérhverjar stórar áhættur, óveðtryggð lán og lán sem eru komin fram yfir gjalddaga.

Skýringar við samstæðuársreikning

89. Virðisrýrnun (frh.)

Áhættuskuldbinding við vanskil

Skilreining á líftíma

Samstæðan skilgreinir líftíma hvern áhættuskuldbindingar sem samningsbundinn líftíma hvers láns. Samstæðan metur þetta svo því að sérhvert lán sem veitt er að þeim tíma loknum yrði byggt á sjálfstæðri ákvörðun um lánsveitingu á þeim tíma og myndi byggja á ráðandi markaðsskilmálum. Samstæðan lítur einungis til samningsbundis sjóðstreymis þegar mat er lagt á áhættuskuldbindingu við vanskil. Meðallíftími áhættuskuldbindinga samstæðunnar er stuttur. Samstæðan tekur þar af leiðandi ekki tillit til líka á fyrirframgreiðslum þegar mat er lagt á líftíma eignanna.

Óáðregnar skuldbindingar

Samstæðan tekur tillit til 50% (umbreytingarstuðull) af þeim áhættuskuldbindingum sem eru utan efnahags við vanskil þegar reiknað er út hversu há heildar áhættuskuldbindingin er við vanskil. Slíkar skuldbindingar eru m.a. yfirdráttur, greiðslukort og ábyrgðir. Umbreytingarstuðullinn er háður endurmati sérfræðinga í hverju máli fyrir sig. Samstæðan lítur ekki á ádráttarlínur sem óáðregnar skuldbindingar þar sem útgreiðslur eru skilyrtar við fyrirfram ákveðin skilyrði og teljast vera sjálfstætt mat á útlánaáhættu. Hin fyrirfram ákvörðuðu skilyrði leiða í flestum tilfellum beint til hækkunar á framlögðu veði og útgreiðslur eru því áfram innan ásættanlegrar veðþekju.

Útreikningur á væntu útlánatapi

IFRS 9 gerir kröfur um að samstæðan reikni út vænt útlánatapi (ECL) á líkindavegnum grunni sem muninn á því sjóðstreymi sem samstæðan á rétt á samkvæmt samningsbundnum ákvæðum fjármálagernings og þess sjóðstreymis sem samstæðan gerir ráð fyrir að móttaka. Samstæðan hefur innleitt ECL líkan sem er í samræmi við kröfur eftirlitsaðila og bestu framkvæmd. Líkanið byggir á fjórum þáttum.

Líkur á vanskilum (PD). Þetta er mat á því hversu líklegt er að vanskil muni eiga sér stað yfir tiltekið tímabil. Samstæðan styðst við utanaðkomandi PD líkan sem þróað er af Creditinfo fyrir samstæðuna.

Áhættuskuldbinding við vanskil (EAD). Þetta er mat á áhættuskuldbindingu á framtíðardegi, að teknu tilliti til breytinga í áhættuskuldbindingu eftir reikningskiladaginn, þar á meðal endurgreiðslur á höfuðstól og vöxtum og væntum ádrætti á lánaskuldbindingum.

Tap að gefinni vanefnd (LGD). Þetta er mat á því hvert tapið verður við vanefnd. Það byggir á mismuninum á samningsbundnu sjóðstreymi og þeim sem lánveitandinn myndi gera ráð fyrir að móttaka, þar á meðal frá sérhverjum veðum. LGD er reiknað sem hlutfall af EAD og leitt af virði undirliggjandi veða.

Núvirðingarstuðull. Hann er notaður til að núvirða vænt tap til núvirðis á reikningskiladegi með aðferð virkra vaxta við upphaflega skráningu.

Sviðsmyndir með líkindavegnum framtíðarhorfum

Stjórnendur samstæðunnar hafa tilgreint og líkindavegið tvær sviðsmyndir, sem byggja á hagstærðum, í þeim tilgangi að reikna vænt útlánatapi. Þróun hagstærðanna og samsvarandi vigtn byggja á mati stjórnenda. Samstæðan notar eftirfarandi hagstærðir í líkindaveginum útreikning sinn á væntu útlánatapi: (i) atvinnuleysi og (ii) verðbólgu.

90. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka samanstanda af seðlum og mynt, innstæðum í Seðlabanka og öðrum bönkum og auðseljanlegum fjáreignum með gjalddaga innan þriggja mánaða frá móttöku og lítil áhætta er að gangvirði þeirra breytist mikið og samstæðan nýtir þessar eignir við að stýra skammtímaskuldbindingum sínum.

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka eru metnar á afskrifuðu kostnaðarvirði á efnahagsreikningnum.

91. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum eru upphaflega metin á gangvirði og í framhaldinu flokkuð í samræmi við flokkun fjármálagerninga líkt og fjallað er um í skýringu 86.

92. Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum og hludeildarskírteinum í verðbréfasjóðum. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru upphaflega metin á gangvirði og í framhaldinu flokkuð í samræmi við flokkun fjármálagerninga líkt og fjallað er um í skýringu 86.

93. Verðbréf til áhættuvarna

Verðbréf til áhættuvarna samanstanda af fjáreignum, sem ekki eru afleiður, sem notaðar eru til að verja samstæðuna gegn áhættu af skiptasamningum um verðbréf sem hann hefur gert við viðskiptavinina sína. Verðbréf til áhættuvarna eru metin á gangvirði líkt og fjallað er um í skýringu 86.

Skýringar við samstæðuársreikning

94. Útlán

Útlán eru fjáreignir sem ekki eru afleiður og hafa fastar eða ákvarðanlegar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði og innihalda lán til viðskiptavina samstæðunnar, hlutdeild í sambankalánum og keypt útlán sem ekki eru skráð á virkum markaði og samstæðan hefur ekki í hyggju að selja strax eða í náinni framtíð.

Útlán eru upphaflega skráð á gangvirði, sem er handbært fé sem látið er af hendi að viðbættum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu eru útlán metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði útlána í efnahagsreikningi. Bókfært virði þeirra útlána þar sem tekin hefur verið ákvörðun um að færa virðisrýrnun er lækkað með mótbókun á niðurfærslureikning.

Þegar samstæðan gerir samning um að kaupa fjáreign og á sama tíma samning um að selja eignina aftur (eða í meginatriðum samskonar eign) á föstu verði í framtíðinni („öfug endurhverf verðbréfaviðskipti“ eða „hlutabréfalán“), eru viðskiptin skráð sem útlán og undirliggjandi eign ekki skráð á efnahagsreikning samstæðunnar.

95. Afleiður

Afleiða er fjármálagerningur eða annar samningur sem fellur undir gildissvið alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 9 og hefur öll eftirfarandi þrjú einkenni:

- virði hans breytist vegna breytinga á undirliggjandi breytu svo sem hlutabréfaverði, verði hrávöru eða skuldabréfs, vísitölu, gjaldmiðlagengi eða vaxtastígs
- samningurinn krefst engrar upphaflegrar fjárfestingar eða upphaflegrar fjárfestingar sem er minni en krafist væri fyrir aðra samninga sem væru jafn næmir fyrir markaðsbreytingum
- samningurinn verður gerður upp í framtíðinni

Samstæðan notar afleiður í eigin viðskiptum og til að verja sig gagnvart markaðsáhættu, gjaldeyrisáhættu og verðbólgu og vaxtaáhættu í rekstri, fjárfestingum og fjármögnun. Samstæðan beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

Afleiðueignir og -skuldir eru við upphaflega skráningu sem og síðar metnar á gangvirði í efnahagsreikningi. Afleiður með jákvætt virði eru flokkaðar meðal fjáreigna og afleiður með neikvætt virði meðal fjárskulda. Tekjum af afleiðum er skipt milli vaxtatekna og hreinna fjárfestingatekna og settar fram með viðkomandi tekjuliðum í rekstrarreikningi.

96. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhag og rekstur, en þó ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru almennt til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% af atkvæðum, að teknu tilliti til mögulegs atkvæðaréttar sem þegar er nýtanlegur. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi skráðar á kostnaðarverði.

Hlutdeild samstæðunnar í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga er í samræmi við hlutdeildaraðferð, frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur.

Þegar hlutdeild samstæðunnar í tapi félags nemur hærri fjárhæð en fjárfestingu í félaginu, er bókfært virði fært í núll og færslu á hlutdeild í tapi hætt, nema að samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir viðkomandi félag eða innt af hendi frekari greiðslur fyrir hönd þess. Ef afkoma hlutdeildarfélags færist síðar til betri vegar, og hagnaður verður af rekstrinum, færir samstæðan ekki hlutdeild sína í þeim hagnaði fyrr en eftir að hagnaðurinn samsvarar ófærðri hlutdeild í tapi.

97. Fjárfestingaeignir

Fjárfestingaeignir eru eignir sem eru ætlaðar til öflunar leigutekna frá ótengdum aðilum, til ávöxtunar eða hvort tveggja. Fjárfestingaeignir eru upphaflega skráðar á kostnaðarvirði en eftir það á gangvirði. Hagnaður eða tap sem stafar á breytingum á gangvirði fjárfestingaeigna er fært í rekstrarreikning.

Skýringar við samstæðuársreikning

98. Óefnislegar eignir

a. Eignaflokkar

Samstæðan flokkar óefnislegar eignir í eftirfarandi þrjá flokka:

- Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til sem afleiðing af sameiningu félaga. Hún er skráð á kaupdegi og metin sem samtala (a) gangvirðis afhents endurgjalds, (b) skráð upphæð allra eignahluta án yfirráða í yfirtekna félaginu, og (c) gangvirði alls eigin fjár sem kaupandi átti fyrir í yfirtekna félaginu, að frádregnu hreinu skráðu virði (yfirleitt gangvirði) aðgreinanlegra keyptrar eigna og yfirtekinnar skulda, allt metið miðað við kaupdag. Til afhents endurgjalds telst gangvirði afhentra eigna, áfallnar skuldir og eignarhlutir útgefnir af samstæðunni. Þessu til viðbótar telst gangvirði alls skilyrts endurgjalds með sem hluti af afhentu endurgjaldi.

- Viðskiptasambönd

Viðskiptasambönd eru færð samkvæmt kaupverðsútteilingu og afskrifuð línulega yfir áætlaðan nýtingartíma.

- Vörumerki

Vörumerki eru færð samkvæmt kaupverðsútteilingu og afskrifuð línulega yfir áætlaðan nýtingartíma.

- Hugbúnaður og annað

Hugbúnaður er tilkominn vegna kaupa á hugbúnaðarleyfum og þróun hugbúnaðar sem til fellur við að koma honum í notkun.

Samstæðan hefur ekki skilgreint neinar óefnislegar eignir sem hafa orðið til innan hennar.

b. Upphafleg skráning

Óefnislegar eignir eru upphaflega skráðar á kostnaðarverði.

c. Síðara mat

Samstæðan notar kostnaðarverð við mat eftir upphaflega skráningu og eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnnun. Á hverjum uppgjörsdegi eru kannaðar vísbendingar um virðisýrnnun eða breytingar á áætluðum framtíðarávinningi af óefnislegu eigninni. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er unnin greining á virði eignarinnar til að meta hvort bókfært virði er endurheimtanlegt. Árlega er framkvæmt virðisýrnnunarpróf á viðskiptavild.

Þegar virðisýrnnunarpróf er framkvæmt þá eru eignirnar flokkaðar saman í smæsta hóp eigna sem búa til sjóðstreymi frá áframhaldandi starfsemi sem er að stærstu leyti óháð sjóðstreymi annarra eigna eða sjóðstreymisskapandi eigna (CGU). Viðskiptavild sem kemur til vegna sameininga er úthlutað á CGU eða á hóp CGU sem gert er ráð fyrir að njóti ávinnings við samrunann.

Endurheimtanlegt virði eignar eða CGU er nýtingarvirði hennar eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði byggir á væntu framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu, að teknu tilliti til skatta, sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættum sem tengjast eigninni eða CGU.

Virðisýrnnunartap er fært ef að bókfært virði eignar eða CGU er hærra en endurheimtanlegt virði.

Virðisýrnnunartöp eru færð yfir rekstur. Þeim er úthlutað á þann hátt að fyrst fara þau til að lækka bókfært virði þeirrar viðskiptavildar sem var úthlutað á CGU og síðan til að lækka hlutfallslega bókfært virði annarra eigna sem tilheyra hinni sjóðstreymisskapandi einingu.

Virðisýrnnunartap sem tengist viðskiptavild er ekki snúið við. Fyrir aðrar eignir þá er virðisýrnnunartapi einungis snúið við upp að því marki að bókfært virði eignarinnar fari ekki yfir það bókfærða virði sem hefði verið ákvarðað, að teknu tilliti til afskrifta og niðurfærslna, ef það hefði ekki verið fært virðisýrnnunartap.

d. Afskrift

Óefnislegar eignir með endanlegan líftíma eru afskrifaðar línulega yfir áætlaðan nýtingartíma þeirra og er afskrift færð í gegnum rekstrarreikning. Áætlaður nýtingartími óefnislegra eigna er eftirfarandi:

Viðskiptasambönd	13-16 ár
Vörumerki	10-20 ár
Hugbúnaður og annað	3-10 ár

Afskriftir á varanlegum rekstrarfjármunum og afskriftir á óefnislegum eignum eru settar fram saman í sér lið í rekstrarkostnaði líkt og kemur fram í skýringu 10. Nánara niðurbrot má finna í skýringu 28.

99. Rekstrarleigugæignir

Rekstrarleigugæignir er skráðar á upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni afskrift og fyrningum. Afskrift er reiknuð og færð í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma, að teknu tilliti til hrakvirðis.

Skýringar við samstæðuársreikning

100. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Eignaflokkar

Samstæðan flokkar varanlega rekstrarfjármuni í eftirfarandi tvo flokka:

- Fasteignir, sem innihalda skrifstofu- og íbúðarhúsnæði, jarðir og byggingaréttindi
- Aðrar eignir og tæki, sem innihalda bifreiðar til eigin nota, húsgögn og innréttingar, tölvubúnað og annan skrifstofubúnað

b. Upphafleg skráning

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði sem innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

c. Síðara mat

Samstæðan notar kostnaðarverð við mat eftir upphaflega skráningu og eru varanlegir rekstrarfjármunir skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum. Á hverjum uppgjörstigi eru kannaðar vísbendingar um virðisýrnum eða breytingar á áætluðum framtíðarávinningi af eigninni. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er unnin greining á virði eignarinnar til að meta hvort bókfært virði er endurheimtanlegt.

d. Kostnaður sem fellur til síðar

Samstæðan eignfærir kostnað við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Ákvörðunin, hvort kostnaður sem fellur til síðar er eignfærður, byggir á hvort að búið sé að skipta um greinanlegan íhlut, eða hlut af slíkum íhlut, eða ef eðli kostnaðarins sem fellur til síðar felur í sér nýjan íhlut. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

e. Afskrift

Afskrift er færð í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	15-50 ár
Aðrar eignir og tæki	3-5 ár

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

101. Endurtryggingareignir

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggingendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættuna umfram umsamda fjárhæð.

102. Aðrar eignir

Aðrar eignir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, fyrir utan tiltekna viðskiptakröfur sem eru metnar á gangvirði.

Undir öðrum eignum eru söfnunarlíftryggingar hjá TM líftryggingum hf. sem innihalda að hluta líftryggingu og hins vegar sparnað í verðbrefasjóði. Vátryggingataka ber sjálfur fjárfestingaáhættuna.

103. Innlán

Innlán samanstanda af bundnum og óbundnum innlánum. Peningamarkaðsinnlán eru flokkuð meðal lántöku. Innlán eru skráð á afskrifuðu kostnaðarverði, að áföllnum vöxtum meðtöldum.

104. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld í efnahagsreikningi er skuldbinding samstæðunnar vegna gerðra vátryggingasamninga og er hún samtala besta mats tjónaskuldar, iðgjaldaskuldar og áhættuálags.

Kjarni hennar er tölfræðilegt mat á endanlegum tjónakostnaði orðinna og óuppgjerðra tjóna þegar uppgjóri þeirra er lokið, en að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt. Við kjarna tjónaskuldar leggjast álagsliðir samkvæmt ákvæðum laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og tengdri löggjöf. Álagsliðirnir eru:

- Væntanlegur kostnaður vegna uppgjörstjóna sem hefur ekki verið úthluað á tiltekna kröfur. Kostnaðurinn er færður á meðal rekstrarkostnaðar þegar hann fellur til.
- Mat á verðlagsbreytingum frá reikningsskiladegi fram að greiðslu.
- Áhrif núvirðingar á reiknuðu væntu fjárstreymi við uppgjörstjóna með vaxtaferlum útgefnum af eftirlitsstjórnvöldum.

Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem tilheyrir næstu reikningsárum að teknu tilliti til væntanlegrar niðurfellingar iðgjalda. Iðgjaldaskuld er verðmæti þeirrar vátryggingaverndar sem samstæðan hefur þegar lofað að veita eftir lok reikningstímabilsins.

Áhættuálag er mat á fjármagnskostnaði við að leggja til eigið fé til jafns við gjaldþolskröfu sem er nauðsynleg til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Áhættuálagið kemur ekki til greiðslu nema samstæðan eða hluti hennar verði seld.

Tryggingafélög samstæðunnar hafa notað þessa aðferð við mat á tjónaskuld síðan í ársuppgjöri ársins 2014. Aðferðin er í samræmi við reglur IFRS 4 og laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Mat á tjónaskuld er það sama og er notað í gjaldþolsútreikningum en það á ekki við um mat á iðgjaldaskuld og áhættuálagi.

Skýringar við samstæðuársreikning

105. Lántökur

Lántökur samanstanda að mestu leyti af peningamarkaðsinnlánum. Þær eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði. Eftir það eru lántökur metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

Þegar samstæðan selur fjáreign og gerir á sama tíma samning um endurhverf viðskipti eða hlutabréfalán sem felur í sér að samstæðan kaupir eignina aftur (eða samsvarandi eign) á fyrirfram ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni („endurhverf verðbréfavíðskipti“ eða „hlutabréfalán“), eru viðskiptin færð sem lántaka og undirliggjandi eign er áfram skráð sem eign í reikningum samstæðunnar.

106. Víxlaútgáfa

Víxlar eru upphaflega skráðir á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu eru þeir metnir á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

107. Skuldabréfaútgáfa

Skuldabréf eru upphaflega skráð á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu eru þau metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

108. Víkjandi lán

Víkjandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði og eru síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

109. Skortstöður í verðbréfum

Skortstöður í verðbréfum eru skuldbindingar samstæðunnar til að afhenda fjáreignir sem að samstæðan hefur fengið lánaðar og selt til þriðja aðila. Skortstöður í verðbréfum eru metnar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem hreinar fjárfestingatekjur.

110. Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna

Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna eru skuldbindingar samstæðunnar til að afhenda fjáreignir sem að hún hefur fengið lánaðar og selt til þriðja aðila. Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna samanstanda af fjárskuldum, sem eru ekki afleiður, sem notaðar eru til að verja samstæðuna gegn áhættu af skiptasamningum um verðbréf sem hún hefur gert við viðskiptavini sína. Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna eru metnar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem hreinar fjárfestingatekjur.

111. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, fyrir utan skilyrta skuld sem er metin á gangvirði.

112. Afnotaréttur fasteigna og leiguskuld

Samstæðan metur hvort samningur feli í sér leigu við upphaf samningsins. Samstæðan færir afnotarétt fasteigna og sambærilega skuld vegna allra leigusamninga þar sem hún er leigutaki. Tvær undantekningar eru heimilar skv. staðlinum en annars vegar er um að ræða leigusamninga til skamms tíma og hins vegar samninga vegna eigna sem eru óverulegar hvað fjárhæðir varðar. Fyrir slíka leigusamninga eru leigugreiðslurnar færðar línulega til gjalda á leigutímanum. Við skráningu leiguskuldar er virði hennar fundið sem samtala allra leigugreiðslna sem ógreiddar eru á samningsdegi, núvirtar með þeim vöxtum sem bankanum býðst á markaði. Afnotaréttur fasteigna endurspeglar upphaflegt mat á leiguskuldinni. Eftir upphaflega skráningu er eignin færð á afskrifuðu kostnaðarverði.

113. Ábyrgðir

Ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda samstæðuna til að inna af hendi tilteknar greiðslur til að bæta handhafa ábyrgðarinnar það tap sem sem hún varð fyrir vegna þess að tiltekinn skuldari vanefndi greiðslu sem greiða átti samkvæmt skilmálum skuldagerðingis.

Ábyrgðir eru upphaflega færðar á gangvirði. Eftir upphaflega færslu er skuldbinding samstæðunnar fyrir sérhverja ábyrgð metin á hvoru sem hærra reynist, fjárhæðinni sem upphaflega var færð að frádreginni innlausn þóknunnar ef við á, eða bestu áætlun á þeim útgjöldum sem falla á bankann við að gera upp skuldbindingu vegna ábyrgðarinnar. Skuldir vegna fjárhagslegra ábyrgða eru taldar með reiknuðum skuldbindingum.

114. Hlutfé

a. Eigin hlutir

Keyptir eigin hlutir eða aðrir eiginfjárgerningar eru dregnir frá eigin fé. Enginn hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning við kaup, sölu, útgáfu eða ógildingu eigin hluta. Fjárhæðir sem greiddar eru eða móttæknar vegna eigin hluta eru færðar beint á eigið fé. Viðbótar viðskiptakostnaður vegna útgáfu á eigin bréfum er dreginn frá eigin fé, að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskatt.

b. Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár samanstendur af fjármunum sem greiddir hafa verið af hluthöfum til viðbótar við nafnverð hlutafjár (1 kr. á hlut) fyrir hluti sem samstæðan hefur selt.

c. Arður

Arður er dreginn frá eigin fé á því tímabili sem arðgreiðsla er samþykkt á hluthafafundum samstæðunnar.

Skýringar við samstæðuársreikning

115. Eðli og tilgangur varasjóða

- a. Kaupréttarvarasjóður
Kaupréttarvarasjóðurinn samanstendur af uppsöfnuðum gjaldfærslum í rekstrarreikningi vegna valréttar, er varða kaup á hlutabréfum í bankanum, sem veittir hafa verið í samræmi við starfskjarastefnu bankans, sem greint er frá í skýringum 70-72.
- b. Áskriftarréttindavarasjóður
Áskriftarréttindavarasjóðurinn samanstendur af endurgjaldinu sem var greitt vegna útstandandi áskriftarréttinda, sem nánar er greint frá í skýringu 42.
- c. Sérstakur varasjóður
Sérstaki varasjóðurinn kemur til sem hluti af hlutfjárleggjuninni sem var samþykkt á aðalfundi bankans í apríl 2014. Varasjóðurinn hefur engan sérgreindan tilgang og er einungis hægt að nota hann með samþykki hluthafafundar.
- d. Þýðingarmunur
Þýðingarmunur samanstendur af öllum gengismun sem myndast vegna þýðingar á reikningsskilum erlendra starfsemi, þar til starfsemi er seld, undið ofan af henni eða hætt starfsemi.
- e. Bundið eigið fé
Í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 kemur fram að nemi hlutdeild í rekstrarangri dóttur- eða hlutdeildarfélags hærrí fjárhæð en sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta skal mismunurinn færður á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár, að teknu tilliti til skattaáhrifa, sem óheimilt er að úthluta arði af. Sé hlutdeild í dóttur- eða hlutdeildarfélagi seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.
- f. Óráðstafað eigið fé - ójafnað tap
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap ef varasjóðurinn er neikvæður) samanstendur af uppsöfnuðum hagnaði og tapi sem ekki hefur verið dreift, að frádregnum tilfærslum til annarra varasjóða.

116. Hagnaður á hlut

Bankinn sýnir grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti sína. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans með vagnu meðaltali fjölda útstandandi almennra hluta á tímabilinu. Þynntur hagnaður er ákvarðaður með því að leiðrétta hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans og vegið meðaltal fjölda útstandandi almennra hluta með tilliti til áhrifanna af öllum þynntum mögulegum almennum hlutum, sem samanstanda af kaupréttum sem hafa verið veittir starfsmönnum og útgefnum áskriftarréttindum.

117. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir

Gefnir hafa verið út nýir staðlar, endurbætur á þeim og túlkanir sem hafa ekki tekið gildi fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2021 og hefur ekki verið beitt við gerð reikningsskilanna. Stjórnendur ætla ekki að innleiða staðlanna fyrir gildistöku þeirra.

Staðallinn IFRS 17, Vátryggingasamningar, hefur verið gefinn út en tekur ekki gildi fyrir en 1. janúar 2023. Samstæðan hefur ekki metið áhrif þessa nýja vátryggingastaðals.

Skýringar við samstæðuársreikning

118. Mat og gefnar forsendur

Við beitingu reikningsskilaaðferða samstæðunnar, þá er þess krafist af stjórnendum að þeir taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem eru byggðar á ýmsum forsendum. Þetta mat og gefnar forsendur geta haft áhrif á birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda.

Matskenndir liðir eru í stöðugri endurskoðun og eru byggðir á sögulegri reynslu og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni, sem eru taldir vera ásættanlegir undir kringumstæðunum. Matið myndar grunn fyrir ákvarðanir um bókfært viði eigna og skulda sem eru ekki á reiðum höndum frá öðrum aðilum og kunna endanlegar niðurstöður að vera frábrugðnar þessu mati. Aðstæður geta líka komið upp þar sem ekki er byggt á mati t.d. þegar ákveða á efni tiltekinna viðskipa, samnings eða viðskiptasambands.

Í þessari skýringu er fjallað um mat og gefnar forsendur sem hafa mest áhrif á bókfært virði liða á efnahagsreikningnum eða rekstrarreikningnum.

a. Endanleg skuldbinding vegna tjónabóta

Mat á skuldbindingu vegna væntra endanlegra tjónabóta samstæðunnar vegna gerðra váttryggingasamninga er eitt mikilvægasta reikningshaldslega mat samstæðunnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu. Mesta óvissan liggur í tjónamati tilkyntra tjóna auk mats á ótilkynntum tjónum. Samstæðan notar tölfræðiaðferðir við að áætla endanlegan tjónakostnað vegna orðinna tjóna. Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum þáttum. Vísað er til skýringar 33 og skýringar 104 fyrir nánari upplýsingar.

b. Gangvirði fjármálagerna

Gangvirði fjármálagerna sem ekki eru skráðir á virkum markaði er ákvarðað með verðmatsaðferðum sem eru endurskoðaðar reglulega líkt og er greint frá í skýringu 65.

c. Virðisýrnnun fjáreigna

Líkt og greint er frá í skýringu 89, þá er notkun forsendna og beiting mats mikilvægur þáttur við útreikning á virðisýrnnun. Aðferðarfræðin og forsendur sem notaðar eru til að meta bæði fjárhæð og tímasetningu framtíðarsjóðstreymis eru endurskoðuð reglulega til að minnka frávikin milli vænts taps og raunverulegs taps. Ófyrirséðir atburðir geta hinsvegar leitt til frekari virðisýrnnunar sem getur haft markverð áhrif á rekstrarreikninginn og efnahagsreikninginn.

d. Virðisýrnnun óefnislegra eigna

Bókfært virði óefnislegra eigna er yfirfarið árlega til að leggja mat á hvort það séu vísbendingar um virðisýrnnun líkt og greint er frá í skýringu 98. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er lagt mat á endurheimtanlegt virði eignarinnar. Virðisýrnnun er færð ef bókfært virði eignarinnar er hærra en endurheimtanlegt virði hennar.

e. Skatteign

Virði skatteignar er metið af stjórnendum og er matið byggt á áætlunum um framtíðarhagnað og að hve miklu leyti skatteignin nýtist.



KVÍKA

Viðaukar:

1. Stjórnarháttayfirlýsing
Kviku banka hf. 2021
2. Ófjárhagslegar upplýsingar
Kviku banka hf. 2021

Óendurskoðað

Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf. 2021

Viðskiptastefna og gildi

Kvika banki hf. (hér eftir „Kvika“ eða „félagið“) er fjármálasamsteypa með fjórar megin stoðir á sviði trygginga, eignastýringar, viðskiptabanka og fjárfestingabanka. Tilgangur Kviku er að auka samkeppni og einfalda fjármál viðskiptavina með því að nýta innviði og fjárhagslegan styrk. Framtíðarsýn Kviku er að umbreyta fjármálaþjónustu á Íslandi með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Á þeirri vegferð hefur Kvika að leiðarljósi þrjú gildi sem stuðla að uppbyggingu á traustum viðskiptasamböndum, árangri til lengri tíma og virkri nýsköpun. Gildi Kviku eru langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki. Í samræmi við gildin leggur félagið áherslu á að hugsa til framtíðar og stuðla að sjálfbæru samfélagi með virkri þátttöku. Áhersla er lögð á að setja sig í spor viðskiptavinarins, hugsa hlutina upp á nýtt og velja verkefni sem skila sem mestum ávinningi fyrir viðskiptavini og félagið til framtíðar.

Félagið er tilgreint sem fjármálasamsteypa á fjármálasviði af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“), en félagið býður upp á fjölbreytta fjármála- og váttryggingaþjónustu í gegnum dótturfélög sín eins og Kviku eignastýringu hf. og TM tryggingar hf. Með sérstöðu sinni og öflugum innviðum, aflar Kvika verka fyrir tilstilli fjögurra megin tekjusviða.

Viðskiptabankastarfsemi félagsins má í grunninn skipta í þrjú megin svið. *Bankasvið* fjármagnar fyrirtæki og fjárfestingar viðskiptavina félagsins. Einnig nýtir bankasvið innviði félagsins til þess að miðla lánum til annarra stofnanafjárfa. Innlána- og fjártækni starfsemi Kviku fara að megin stefnu fram í gegnum netinnlánavettvanginn *Auði*, sem býður upp á samkeppnishæfa innlánsvexti með því að sjálfvirknivæða ferla og bjóða upp á takmarkaða þjónustu og þannig halda kostnaði í lágmarki. Þá býður *Lykill* upp á leigusamninga og lán til einstaklinga og fyrirtækja til fjármögnunar á bílum, þungavinnuvélum og öðrum búnaði.

Eigna- og sjóðastýring leggur áherslu á að veita viðskiptavinum breitt þjónustuframboð til þess að fjárfesta innanlands sem og á erlendum mörkuðum. Áhersla er lögð á að vera leiðandi í eigna- og sjóðastýringu með langtímahagsmunum viðskiptavina að leiðarljósi. Eigna- og sjóðastýring fer fram í gegnum dótturfélög Kviku, aðallega Kviku eignastýringu hf.

Fjárfestingarþjónusta Kviku samanstendur af markaðsviðskiptum, fyrirtækjaráðgjöf og dótturfélaginu Kvika Securities Ltd. (hér eftir „KSL“). *Markaðsviðskipti* veita viðskiptavinum alhliða þjónustu á sviði verðbréfa- og gjaldeyrismiðlunar. *Fyrirtækjaráðgjöf* veitir ýmiss konar ráðgjöf tengda fjárfestingum og fjármögnun. Áhersla er lögð á kaup og sölur fyrirtækja og skráningu verðbréfa. *KSL*, dótturfélag Kviku í Bretlandi, var stofnað árið 2017. KSL er með starfsleyfi fyrir ákveðnar tegundir fjármálaþjónustu og starfar undir eftirliti breska fjármálaeftirlitsins. Helstu starfssvið KSL eru fyrirtækjaráðgjöf og sjóða- og eignastýringarþjónusta. Þá heldur KSL jafnframt á hlut Kviku í fasteignalánafélaginu Ortus Secured Finance, en Kvika gerði nýlega viljayfirlýsingu um kaup á meirihluta hlutfjár Ortus Secured Finance.

Váttryggingastarfsemi félagsins er rekin í gegnum dótturfélag þess, *TM tryggingar hf.*, sem á sér ríka sögu og yfir 60 ára reynslu. TM tryggingar hf. bjóða upp á alhliða vöruúrval fyrir einstaklinga og fyrirtæki, en þær helstu eru bifreiða-, eigna-, sjó-, ábyrgðar-, slysa- og líftryggingar. TM tryggingar hf. starfa samkvæmt lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og hefur starfsleyfi á EES svæðinu og í Færeyjum.

Ávöxtun eiginfjár ræðst af ákvörðunum sem teknar eru í samræmi við áhættuvilja sem endurspeglar arðsemismarkmið, en lögð er áhersla á að nýta eigið fé á sem skilvirkastan hátt með tilliti til áhættu. Ákvörðun um samsetningu efnahagsreiknings tekur mið af sem bestri nýtingu eiginfjár til tekjusköpunar en takmarkast af áhættuvilja og fjármögnun á hverjum tíma. Lögð er áhersla á að starfsemi Kviku sé arðsöm og markmið félagsins er að arðsemi efnislegs eiginfjár sé að minnsta kosti 20%.

Markmið Kviku er að hluthöfum sé árlega skilað arði sem nemur að lágmarki 25% af hagnaði, hvort heldur sem það er gert í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum, samkvæmt formlegri endurkaupaáætlun, allt í samræmi við heimildir laga og ákvörðun hluthafafundar. Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna eða eftir atvikum fjárhæð sem varið er til kaupa á eigin bréfum skal litið til þess að félagið viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu og jafnframt að tekið sé mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu. Arðgreiðslur eru þó háðar mati á þeim tækifærum sem felast í endurfjárfestingu hagnaðar í rekstri og vexti félagsins.

Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð

Gildi Kviku eru langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki. Þær breytingar sem áttu sér stað á árinu 2021, með samruna TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. við bankann, og með kaupum á Netgíró hf. og Aur app ehf., hafa fært félaginu aukinn styrk og bindur starfsemin litið eigið fé. Stefna Kviku var endurskoðuð og uppfærð undir lok ársins 2021. Með henni er undirstrikað að bankinn ætlar sér að vera umbreytingarafi í fjármálaþjónustu með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Leiðarljós stefnunnar fela meðal annars í sér áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Þá er eitt af sjö aðalmarkmiðum Kviku á grundvelli stefnunnar að hafa raunveruleg og mælanleg áhrif á kolefnisspor Íslands og loftslagsmál almenn.

Kvika leggur áherslu á sjálfbærni í stjórnskipan sinni og hefur meðal annars sett á laggirnar nefnd um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni sem fylgir eftir innleiðingu málaflöksins á samstæðugrunni. Þá hefur Kvika sett sér ýmsar stefnur, reglur og verklag sem hafa það að markmiði að innleiða sjálfbærni í starfsemi Kviku. Þar á meðal má nefna umhverfis- og samgöngustefnu, sem leggur áherslu á að Kvika þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemin kann að hafa. Græna fjármálaumgjörð, sem og stefnur sem miða að því að styðja við og þróa ábyrgt vöru- og þjónustuframboð hjá Kviku, í samræmi við gildi bankans og heildarstefnu.

Kvika er aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) síðan haustið 2020, og tekur þátt í ýmsu samstarfi á sviði sjálfbærni, svo sem verandi stofnaðili IcelandSIF, samtaka um ábyrgar fjárfestingar, aðili að Festu miðstöðvar um samfélagsábyrgð, allt frá árinu 2017, og stuðningsaðili Grænvangi, samstarfsvettvangi atvinnulífs og stjórnvalda um loftlagsmál og grænar lausnir, síðan 2021.

Þá veitir Kvika margvíslega styrki sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Undanfarin ár hefur Kvika lagt áherslu á að styðja við UNICEF á Íslandi, konur og nýsköpun með FrumkvöðlaAuði og iðn- og kennaranám með Hvatningarsjóði Kviku. Menntun er ein besta langtímafjárfesting fyrir samfélög og einstaklinga og í samræmi við það leggur bankinn menntamálaútlit. Hugað er vel að umhverfismálum í innri starfsemi og mæld heildarlosun Kviku hefur verið kolefnisjöfnuð.

Stjórn hefur sett bankanum siðareglur og reglur um hagsmunaárekstra sem eiga að stuðla að góðum starfs- og viðskiptaháttum. Þá býður Kvika starfsfólki sínu upp á heilsusamlegt, traust og jákvætt vinnuumhverfi sem mótast af jöfnum tækifærum. Áhersla er lögð á að tryggja fagmennsku starfsfólks og að ákvarðanir þeirra taki mið af gildum bankans um langtímahugsun.

Fjallað er með ítarlegri hætti um sjálfbærnimál Kviku í yfirliti með skýrslu stjórnar og í sjálfbærniskýrslu bankans fyrir árið 2021 sem gefin er út samhliða ársreikningi þessum. Skýrslan byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq (ESG Reporting Guide 2.0) en auk þess eru GRI staðlarnir (e. GRI Standards) hafðir til hliðsjónar og viðeigandi vísun svarað. Þetta er fyrsta sjálfbærniskýrsla Kviku sem gefin er út á þessu formi.

Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf. 2021

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Kviku ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Kvika hagar stjórnarháttum sínum í öllum meginatriðum í samræmi við 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í febrúar 2021. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Frávik Kviku frá leiðbeiningunum felst í því að Kvika hefur ekki skipað tilnefningarnefnd eða ákveðið hvernig hún skuli skipuð.

Á aðalfundi Kviku 2019 samþykktu hluthafar að fela þáverandi stjórn að greina kosti og galla þess að skipa félaginu tilnefningarnefnd, fá fram sjónarmið hluthafa í þeim efnum og útfæra tillögu ef rétt þætti. Stjórn Kviku greindi málið í framhaldinu og tilkynnti hluthöfum niðurstöður matsins á aðalfundi Kviku 2020. Liður í þeirri greiningarvinnu sem fór fram var m.a. að skoða framkvæmd annarra félaga og eiga samtöl við hluthafa og fulltrúa félaga þar sem starfræktar eru tilnefningarnefndir. Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess að sérreglur gilda um fjármálafyrirtæki um mat á samsetningu stjórna í fjármálafyrirtækjum. Stjórn framkvæmir árlega sjálfsmat á stjórn og samsetningu hennar með utanaðkomandi ráðgjafa. Með hliðsjón af framangreindu taldi stjórn að ekki væri jafn rík þörf fyrir tilnefningarnefnd og kynni að vera hjá öðrum félögum.

Kvika fylgir jafnframt í starfsemi sinni viðurkenndum viðmiðum og reglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (hér eftir „viðmiðunarreglur EBA“).

Lög og reglur

Kvika er fjármálafyrirtæki sem starfar meðal annars samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagæringu, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, samkeppnislögum nr. 44/2005, lögum um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Þá tryggir Kvika öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með í starfseminni, í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Kvika hefur hlotið starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands („FME“), sem hefur eftirlit með starfsemi félagsins. Um starfsemi Kviku gilda þannig reglur og tilmæli FME og Seðlabankans og ýmis önnur lagaákvæði um fjármálamarkaði. Nánari upplýsingar um FME ásamt yfirliti yfir helstu lög og reglur sem um starfsemi Kviku gilda á hverjum tíma má finna á heimasíðu FME www.fme.is.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits, áhættustýringu og reikningsskilum Kviku

Stjórn ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá félaginu og byggir það á þremur varnarlínum (e. three lines of defense). Fyrsta varnarlínan samanstendur af stjórnendum og starfsmönnum viðskipta- og stoðeininga, sem hafa umsjón með daglegum rekstri og skipulagi Kviku. Meginábyrgð þeirra er að tryggja virkni og framkvæmd innra eftirlitsaðgerða í daglegum störfum. Önnur varnarlínan samanstendur af innri eftirlitseiningum félagsins, og eru megin einingarnar þar regluvarsla, sem hefur eftirlit með fylgni við lög og reglur, og áhættustýring, sem meðal annars mælir og metur áhættu og ber saman við viðmið félagsins. Öðrum einingum kann einnig að vera gefið eftirlitshlutverk. Þriðja varnarlínan samanstendur af innri endurskoðun og undirnefndum stjórnar, sem tryggja að skipulag innra eftirlits sé til staðar og að það sé virkt. Það er meðal annars gert með sjálfstæðum könnunum og skýrslugjöf til stjórnar og endurskoðunarnefndar.

Innleiðing og framkvæmd innra eftirlits er á byrgð stjórnenda Kviku og eftirlitseininga. Innra eftirlit Kviku byggir á áhættumati og eftirlitsaðgerðum sem draga eiga úr áhættuþáttum í rekstri félagsins. Hluti af innra eftirliti er skjalað og formfast verklag sem starfsmenn félagsins fylgja í sínum daglegu störfum og er yfirfarið af eftirlitseiningum.

Stjórn mótir áhættustefnu og áhættuvilja samstæðunnar með reglum um áhættustýringu fjármálasamsteypu Kviku banka hf. sem skilgreina áhættuþætti í rekstri samstæðunnar, þ.á.m. eðli þeirra og ásætlanlegt umfang. Stjórn ræður innri endurskoðanda, ritar undir erindisbréf hans og samþykkir árlega endurskoðunaráætlun. Forstjóri ræður regluvörð með samþykki stjórnar og ritar undir erindisbréf hans. Skýrslur og niðurstöður innri endurskoðanda og regluvarðar eru birtar stjórn milliliðalaust.

Stjórn hefur sett reglur um áhættustýringu fjármálasamsteypu Kviku banka hf. sem eru áhættureglur sem gilda fyrir alla samstæðuna. Tilgangur reglnanna er að samræma áhættustýringu innan samstæðunnar svo hún sé markviss og skilvirk sem og að koma á gagnsæi að því er varðar áhættutökur samstæðunnar á öllum stjórnunarstigum, allt frá stjórn Kviku til stjórna dótturfélaga Kviku, rekstrareininga innan samstæðunnar og einstaklinga sem taka beinan þátt í daglegum rekstri og ákvarðanatöku varðandi áhættu. Í áhættureglum fjármálasamsteypu Kviku banka hf. er kveðið á um að Kvika og dótturfélög Kviku skulu setja sér áhættustefnu. Áhættustefna Kviku og hvers dótturfélags skal innleiða það sem fram kemur í áhættureglunum og skilgreina nánar áhættutöku innan Kviku og hvers félags. Stjórn Kviku hefur sett áhættustefnu fyrir félagið.

Fjármálasvið Kviku annast gerð ársreiknings sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið innleiddir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er jafnframt, eftir því sem við á, gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 162/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003. Ársreikningur er endurskoðaður af Deloitte, sem eru ytri endurskoðendur félagsins.

Forstjóri Kviku er ábyrgur gagnvart stjórn fyrir því að koma á virku innra eftirliti og áhættustýringu í tengslum við gerð ársreikningsins. Innra eftirlit og áhættustýring í tengslum við ársreikning eru skipulögð með það að markmiði að koma í veg fyrir verulega annmarka á reikningsskilunum.

Stjórn Kviku og eftirlitseiningar félagsins staðreyna reglulega virkni innra eftirlits og áhættustjórnunar.

Samsetning og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar

Aðalfundur kys árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo til vara.

Stjórnarmenn Kviku eru með fjölbreyttan bakgrunn og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu. Samkvæmt jafnréttisstefnu félagsins og lögum um hlutafélög skal tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40% og er núverandi stjórn skipuð þremur körlum og tveimur konum. Aðalfundur kys stjórn og varastjórn til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn, en hann ber starfsheitið forstjóri. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Á árinu 2021 voru haldnir 24 stjórnarfundir og mættu allir stjórnarmenn á alla stjórnarfundir.

Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf. 2021

Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Megin skyldustörf hennar felast í því að hafa eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun félagsins. Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn skal setja Kviku áætlanir í samræmi við tilgang félagsins samkvæmt samþykktum og marka þá stefnu sem farin skal til að ná fram settum markmiðum. Stjórn ræður forstjóra og hefur eftirlit með störfum hans, m.a. með því að fá reglulega skýrslugjöf frá honum á stjórnarfundum. Stjórn leggur árlega mat á störf forstjóra með skjalfestum hætti. Þá kemur stjórn fram fyrir hönd félagsins fyrir dómstólum og stjórnvöldum og ákveður hverjir hafi umboð til að skuldbinda Kviku.

Undirnefndir stjórnar eru þrjár, endurskoðunarnefnd, áhættunefnd og starfskjaranefnd.

Í endurskoðunarnefnd sitja Ingunn Svala Leifsdóttir, sem er formaður, Helga Kristín Auðunsdóttir, Hrönn Sveinsdóttir og Inga Björg Hjaltadóttir. Nefndin starfar á samstæðugrunni og er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn Kviku, m.a. við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga Kviku og óhæði endurskoðenda félagsins. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits auk innri og ytri endurskoðunar. Nefndin fundaði 14 sinnum á árinu 2021.

Í áhættunefnd sitja Guðmundur Þórðarson, sem er formaður, Sigurður Hannesson og Sigríður Mogensen. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn Kviku, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja félagsins. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, stýringu útlánaáhættu, markaðsáhættu, greiðsluhæfisáhættu, rekstraráhættu, orðsporsáhættu og annarri áhættu eftir því sem tilefni er til. Nefndin fundaði 11 sinnum á árinu 2021.

Í starfskjaranefnd sitja Guðjón Reynisson, sem formaður, Sigurður Hannesson og Helga Kristín Auðunsdóttir. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn Kviku í tengslum við starfskjör hjá félaginu og að þau styðji við markmið og hagsmuni þess. Nefndin fundaði sex sinnum á árinu 2021.

Allar undirnefndir stjórnar hafa sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þeirra og eru þær staðfestar af stjórn Kviku. Stjórn skipar nefndarmenn að meirihluta úr sínum röðum í undirnefndirnar og skipar formenn þeirra. Vegna eðlis nefndanna mega hvorki forstjóri né aðrir starfsmenn eiga þar sæti. Starfsreglur nefndanna og stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu Kviku www.kvika.is.

Í framkvæmdastjórn Kviku sitja, auk forstjóra, eftirfarandi starfsmenn: Ármann Þorvaldsson, aðstoðarforstjóri, Ragnar Páll Dyer, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, Magnús Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri bankasviðs, Bjarni Eyvind, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, Lilja Jensen, yfirlögfræðingur og Baldur Stefánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar. Nánari upplýsingar um framkvæmdastjórnina eru aðgengilegar á vefsíðu Kviku www.kvika.is.

Kvika hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika stjórnar, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda með tilliti til aldurs, kyns eða menntunarlegs og faglegs bakgrunn, en tengt þessu viðgangsefni hefur Kvika sett sér stefnu um mat á hæfi stjórnar og forstjóra félagsins samkvæmt viðmiðunarreglum EBA og með hliðsjón af 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvæðum reglna nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og leiðbeiningunum. Þá er fjallað um samsetningu stjórnar í samþykktum Kviku en þar kemur m.a. fram að samsetning stjórnar skuli vera með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem félagið stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Þá kemur fram að hlutfall hvors kyns í stjórn og meðal varamanna skuli ekki vera lægra en 40%. Kvika hefur einnig sett sér mannauðs- og jafnréttisstefnu. Samkvæmt jafnréttisstefnu Kviku er stefna félagsins að hafa jafnræði og fjölbreytileika að leiðarljósi. Allt starfsfólk á að hafa möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi og vera metið að eigin verðleikum, hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa óháð kyni, aldri og uppruna.

Forstjóri veitir nánari upplýsingar um starfsreglur og starfsemi stjórnar og undirnefnda.

Upplýsingar um stjórnarmenn

Sigurður Hannesson er stjórnarformaður Kviku. Hann var kjörinn í stjórn Kviku í mars 2020. Sigurður er fæddur árið 1980 og starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Á árunum 2013-2017 starfaði Sigurður sem framkvæmdastjóri á eignastýringarsviði hjá Kviku banka (áður MP banka). Sigurður var árið 2015 varaformaður framkvæmdahóps stjórnvalda um losun fjármagnshafna og árið 2013 formaður sérfræðingahóps um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila (Leiðréttingin). Á árunum 2010-2013 starfaði Sigurður sem framkvæmdastjóri Júpiters rekstrarfélags, nú Kvika eignastýring, og á sviði markaðsviðskipta hjá Straumi fjárfestingabanka á árunum 2007-2010. Sigurður er með DPhil gráðu í stærðfræði frá Oxford háskóla, BS gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í löggiltri verðbréfamiðlun. Sigurður situr í stjórnnum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Grænvangs, Háskólans í Reykjavík, Auðnu-Tæknitorgs ehf., Akks SI, SI 1 ehf., Sundabogans slhf., Íslenska byggingarvettvangsins, Seapool ehf., BBL 39 ehf. og Krabbameinsfélags Íslands. Sigurður er eigandi 8.550.107 hluta í Kviku í gegnum einkahlutafélagið BBL 39 ehf. Sigurður hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Guðmundur Þórðarson er varaformaður stjórnar. Hann var kjörinn í stjórn Kviku í mars 2017. Guðmundur er fæddur árið 1972. Hann útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997. Einnig hefur hann lokið prófi í verðbréfamiðlun og eignastýringu í Bretlandi. Guðmundur starfar að aðalstarfi við eigin fjárfestingar. Frá árinu 1997 til 2000 starfaði Guðmundur við eignastýringu hjá Landsbréfum hf. Frá árinu 2000 til 2003 starfaði Guðmundur sem sérfræðingur hjá þróunarsviði og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. Frá árinu 2003 til 2007 starfaði Guðmundur sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá Straumi fjárfestingarbanka hf. Guðmundur situr í stjórnnum Heddu eignarhaldsfélags ehf., Skeljar Investments ehf. og Attis ehf. og er jafnframt varamaður í stjórn Bilaleigu BDT ehf. Guðmundur er eigandi 66.750.000 hluta í Kviku í gegnum einkahlutafélagið Attis ehf. Guðmundur hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf. 2021

Helga Kristín Auðunsdóttir er fædd árið 1980. Helga Kristín er með doktorsgráðu í lögfræði frá Fordham háskóla í New York. Hún lauk BS gráðu í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst árið 2004 og ML gráðu í lögfræði árið 2006 frá sama skóla. Lauk hún LL.M. gráðu í lögfræði frá háskólanum í Miami í alþjóðlegum viðskiptarétti og samningagerð. Þá nam Helga Kristín lögfræði við Aristotle háskólann í Thessaloníki í Grikklandi. Í doktorsnámi sínu við Fordham háskólann rannsakaði Helga m.a. fjárfestingar vogunarsjóða og hvaða þættir hafa áhrif á það hvornig þeir beita sér sem hluthafar í skráðum félögum. Helga Kristín hefur starfað í um níu ára skeið sem stjórnandi og lektor við Háskólann á Bifröst. Þar áður starfaði hún sem lögfræðingur FGM/Auðkennis, nú hluti af Seðlabanka Íslands, sem lögfræðingur hjá Stoðum hf., áður FL Group, og sem kennari við lagadeild University of Miami árið 2010-2011. Helga Kristín sat í aðalstjórn TM hf. frá árinu 2020 og í varastjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á árunum 2012-2015. Helga Kristín á ekki hluti í Kviku og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Guðjón Reynisson var kjörinn í stjórn Kviku í mars 2018. Guðjón er fæddur árið 1963 og er í dag sjálfstætt starfandi fjárfestir og stjórnarmaður. Á árunum 2008-2017 starfaði hann sem forstjóri Hamleys of London. Á árunum 2003-2008 gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra 10-11 verslananna. 1998-2003 var hann framkvæmdastjóri sölusviðs Tals. Guðjón hlaut MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2002, lauk rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999 og útskrifaðist með Íþróttakennararéttindi á grunn- og framhaldsskólastigi frá Íþróttakennarskóla Íslands 1986. Guðjón hefur setið í stjórn Festis hf. frá 2014, í stjórn Securitas hf. frá 2018 og í stjórn Dropp ehf. frá 2020. Guðjón ræður yfir 10.410.789 hlutum í gegnum einkahlutafélag sitt Hakk ehf., en hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Ingunn Svala Leifsdóttir var kjörin í stjórn Kviku í september 2021. Ingunn er fædd árið 1976. Ingunn Svala lauk BS gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1999, með áherslu á reikningshald og fjármál, og Cand. Oecon prófi í viðskiptafræði frá sama skóla árið 2001, með áherslu á reikningshald og stjórnun. Ingunn Svala lauk Advanced Management program (AMP) frá IESE Business School í New York árið 2018. Í dag starfar Ingunn Svala sem framkvæmdastjóri rekstrar Háskólans í Reykjavík og situr í framkvæmdastjórn skólans. Ingunn Svala hefur viðamikla reynslu af stjórnarstörfum. Hún hefur setið í stjórn Slíppsins Akureyri ehf. frá árinu 2015, í stjórn vörustýringarfélagins Parlogis ehf. frá árinu 2014 og í stjórn Ósar - lífæð heilbrigðis hf. frá árinu 2021. Ingunn Svala sat í endurskoðunarnefnd VÍS á árunum 2019 til 2021 og í stjórn Líftryggingafélags Íslands á árunum 2017 til 2021. Ingunn Svala hefur einnig starfað við eigin rekstur, m.a. á sviði bókhalds og fasteignaviðskipta. Ingunn Svala hefur einnig víðtæka reynslu úr fjármálaheiminum, en hún starfaði t.a.m. fyrir skilanevnd Kaupþings sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans á árunum 2009 til 2011 og á árunum 2007 til 2009 starfaði hún sem rekstrarstjóri á fjárfestingabankasviði (e. global business controller) hjá Kaupþingi banka. Þá starfaði Ingunn Svala innan Actavis Group PTC samsteyppunnar á árunum 2006 til 2007 sem fjármálastjóri Actavis hf., Medis ehf., Actavis Group hf. og Actavis Group PTC ehf. Ingunn Svala á ekki hluti í Kviku og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Það er mat stjórnar að allir stjórnarmenn séu óháðir stjórnarmenn í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Sigurgeir Guðlaugsson og Helga Jóhanna Oddsdóttir eru varamenn í stjórn Kviku. Að mati stjórnar eru þau einnig óháðir stjórnarmenn í skilningi framangreindra leiðbeininga.

Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Árangursmat stjórnar Kviku fer fram árlega. Mat er lagt á hvernig til tókst með verkefni og störf stjórnar á liðnu ári. Litið er til stefnumótunar, upplýsingagjafar og framtíðarsýnar, samsetningar og stærðar stjórnar, frammistöðu stjórnarmanna, starfa undirnefnda og frammistöðu forstjóra. Þá er þróun félagsins yfirfarin og mat lagt á hvort hún sé í samræmi við markmið. Í kjölfar árlegs árangursmats skilgreinir stjórn verkefni á þeim sviðum sem úrbóta er þörf. Árangursmat stjórnar var síðast framkvæmt í janúar 2022. Einnig framkvæmir stjórn reglulega sérstakt sjálfsmat á samsetningu sinni í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópska bankaeftirlitsins, nú síðast í janúar 2022.

Upplýsingar um forstjóra Kviku og lýsing á helstu skyldum hans

Forstjóri Kviku frá maímánuði 2019 er Marínó Örn Tryggvason. Marínó er fæddur árið 1978 og sinnti áður, eða frá því í ágúst 2017, starfi aðstoðarforstjóra Kviku. Marínó starfaði í eignastýringu Arion banka og forvera bankans frá árinu 2002. Á árunum 2014 til 2017 var Marínó aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka og á árunum 2007 til 2014 var hann forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta. Marínó sat í stjórn Varðar Trygginga frá 2016 til 2017. Marínó er með BSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Marínó ræður yfir 3.426.559 hlutum í Kviku og á jafnframt áskriftarréttindi að hlutafé í félaginu. Marínó hefur einnig gert kaupréttarsamning við Kviku um hlutafé í félaginu í samræmi við almenna kaupréttaráætlun starfsmanna. Hann hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptavini, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Forstjóri skal annast daglegan rekstur Kviku og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna Kviku sé með tryggilegum hætti. Forstjóri ræður og segir upp starfsmönnum félagsins. Honum er enn fremur skylt að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Forstjóra ber að veita endurskoðendum félagsins allar þær upplýsingar sem þeir kunna að óska eftir.

Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf. 2021

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Kvika hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar eða leyfis til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf. Engin dóms- eða gerðardómsmál sem kunna að hafa veruleg áhrif á félagið eða samstæðuna voru í gangi eða yfirvofandi í árslok.

Kvika gerði á árinu samkomulag um sátt við Fjármálaeftirlitið vegna brota gegn 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 21. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 við markaðssetningu og sölu tiltekins fjármálagernings á árunum 2018 og 2019. Samkomulagið fól í sér að Kvika féllst á að greiða sektargreiðslu að fjárhæð kr. 18.000.000.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Upplýsingagjöf til hluthafa fer fram á jafnræðisgrundvelli og takmarkast að jafnaði við hluthafafundi eða miðlun samræmdra skilaboða til allra hluthafa á sama tíma. Fréttir af starfsemi Kviku eru birtar á heimasíðu félagsins auk þess sem fréttatilkynningar eru sendar út við markverða atburði í rekstri Kviku. Á aðalfundi Kviku er jafnframt haldin ýtarleg kynning á starfsemi félagsins undanfarið ár auk þess sem upplýsingar um rekstur Kviku eru birtar í ársreikningum lögum samkvæmt.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt á fundi stjórnar Kviku þann 24. febrúar 2022.

Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

Um Kviku

Kvika banki hf. (hér eftir „Kvika“ eða „bankinn“) er hlutafélag skráð á Aðalmarkað Nasdaq OMX Iceland. Dótturfélög Kviku eru: TM tryggingar hf. („TM“), Kvika eignastýring hf. („Kvika eignastýring“), GAMMA Capital Management hf. („GAMMA“), Aur app ehf. („Aur“), Netgíró hf. („Netgíró“) og Kvika Securities Ltd. („KSL“) í Bretlandi (saman er vísað til Kviku og dótturfélaga sem „samstæðu Kviku“ eða „samstæðunnar“). Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samstæðu Kviku miðar þó eingöngu við starfsemina á Íslandi, ekki í Bretlandi. Stefnur hafa að einhverju leyti verið samræmdar á milli landa en ekki mælikvarðar, enn sem komið er.

Samstæða Kviku starfar innan fjögurra sviða, sem eru eignastýring, tryggingastarfsemi, viðskiptabankaþjónusta og fjárfestingarbankastarfsemi. Starfsemin miðar að því að auka samkeppni í fjármálaþjónustu og einfalda fjármál viðskiptavina með því að nýta innviði, fjárhagslegan styrk og bjóða upp á fjölbreytta þjónustu. Samstæðan veitir fyrirtækjum, fjárfestum og einstaklingum alhliða fjárfestingarbankaþjónustu, tryggingaþjónustu og eignastýringu, auk valinnar viðskiptabankaþjónustu.

Gildi samstæðunnar eru langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki. Þær breytingar sem áttu sér stað á árinu 2021, með samruna TM hf. („TM“) og Lykils fjármögnunar hf. („Lykill“) við bankann, og með kaupum bankans á Netgíró og Aur, hafa fært samstæðunni aukinn styrk og bindur starfsemin lítið eigið fé. Stefna samstæðunnar var endurskoðuð og uppfærð undir lok árs 2021. Með henni er undirstrikað að Kvika ætlar sér að vera umbreytingarafi í fjármálaþjónustu með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Leiðarljós stefnunnar fela meðal annars í sér áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Þá er eitt af sjö aðalmarkmiðum Kviku á grundvelli stefnunnar að hafa raunveruleg og mælanleg áhrif á kolefnisspor Íslands og loftslagsmál almennt.

Áhersla hefur verið lögð á að fylgja tilmælum sóttvarnaryfirvalda og stjórnvalda á tímum kórónuveirufaraldursins til að tryggja sóttvarnir og öryggi starfsfólks. Sérstök nefnd hefur haldið utan um og stýrt viðbrögðum samstæðunnar. Meirihluti starfsfólks hefur stundað fjarvinnu hluta ársins og nýtt fjarfundabúnað til samskipta og funda. Þessi breyting hefur fært starfsfólki aukinn sveigjanleika, en einnig leitt til minni umhverfisáhrifa en ella, þar sem dregið hefur úr flugi og akstri starfsfólks.

Fylgst hefur verið með öryggi og heilsu starfsfólks og upplýsingagjöf verið aukin m.a. með reglulegum starfsmannafundum í gegnum fjarfundabúnað. Vel hefur gengið að halda starfseminni gangandi þrátt fyrir inngríp af völdum kórónuveirufaraldursins. Í faraldrinum var ein af lausnunum að bjóða viðskiptavinum í auknum mæli upp á rafrænar undirritanir og rafræna samninga í öllum þeim tilvikum sem mögulegt var.

Frá upphafi faraldursins hefur Kvika sérstaklega stutt við samfélagið í formi aðgerða sem miða að tímabundnum greiðslufrestum vegna lána fyrirtækja og einstaklinga, veitt samþykki sem síðari veðhafi vegna skilmálabreytinga í tengslum við kórónuveirufaraldurinn, og verið þátttakandi í þeim aðgerðum sem ríkisstjórn Íslands hefur kynnt sem miða að því að milda högg lántakenda vegna kórónuveirufaraldursins.

Stefnur

Kvika hefur sett sér samfélagsstefnu sem samþykkt var af framkvæmdastjórn bankans í október 2020 og skal endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti. Er henni ætlað að tryggja sameiginlega sýn á áherslur bankans í málefnum um ervarða fjárfestingar og viðskiptahætti, samfélagið, mannaúð og umhverfið.

Aðrar stefnur sem settar hafa verið og tengjast sjálfbærni eru: mannauðs- jafnréttis- og heilsustefna, umhverfis- og samgöngustefna, stefna um ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar, stefna um ábyrgt vöru- og þjónustuframboð, siðareglur fyrir birgja og siðareglur starfsmanna.

Þar sem samstæðan starfar að stærstum hluta á Íslandi, þar sem skýr lög og rammi er til staðar í mannréttindamálum, hefur ekki verið talin þörf á því að setja Kviku formlega stefnu í málaflökknum. Nefnd Kviku um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni ber ábyrgð á að stefnum sem tengjast vegferð samstæðunnar í átt að aukinni sjálfbærni og samfélagsábyrgð sé fylgt, en verkefnastjóri í sjálfbærni fylgir eftir starfi nefndarinnar. Samsetning nefndarinnar er þvert á einingar samstæðu Kviku og í henni situr einnig aðstoðarforstjóri Kviku.

Eins og kemur fram í eigendastefnum Kviku leggur bankinn, sem móðurfélag, dótturfélögum sínum línur varðandi stjórnarhætti, sem og málefni sem snerta samfélagsábyrgð og sjálfbærni og falla þar undir, meðal annars, mannauðs- og umhverfismál. Kvika hvetur dótturfélög sín til þess að vera opin fyrir nýjungum sem stuðla að sjálfbærni, sérstaklega á sviði fjárfestinga og viðskiptahátta.

Í október 2021 gaf Kvika út sína fyrstu grænu fjármálaumgjörð sem rammar inn stefnu bankans í umhverfisvænni fjármögnun og lánveitingum. Umgjörðin hefur hlotið jákvætt álit frá alþjóðlega mats- og greiningarfyrirtækinu Sustainalytics. Kvika hefur boðið upp á græn bílalan í gegnum Lykil, vörumerki sitt, sem falla undir grænu fjármálaumgjörðina. Árið 2021 var einnig farið að bjóða upp á græna innlánsreikninga í gegnum vörumerkið Auði, og í desember 2021 gaf Kvika út græn skuldabréf í fyrsta sinn, sem falla jafnframt undir grænu fjármálaumgjörðina.

Samstæðan styður við innlenda og alþjóðlega stefnumörkun í loftslagsmálum og markmið íslenskra stjórnvalda um kolefnishlutleysi árið 2040. Í september 2020 skrifaði Kvika undir viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar ásamt ríkisstjórninni og öðrum helstu aðilum á íslenskum fjármálamarkaði.

Kvika er aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI), fyrir hönd samstæðunnar, og stofnaðili að IcelandSIF, samtaka um ábyrgar fjárfestingar.

Nánari umfjöllun um umfang, stöðu og áhrif samstæðunnar varðandi umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál er að finna í sjálfbærnisráskýrslu Kviku sem gefin er út samhliða ársreikningi þessum. Skýrslan byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq (ESG Reporting Guide 2.0) en auk þess eru GRI staðlarnir (e. GRI Standards) hafðir til hliðsjónar og viðeigandi vísuð svarað.

Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

Áreiðanleiki

Kvika starfar í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemina. Kvika hefur sett reglur um varnir gegn hagsmunaárekstrum sem hafa að markmiði að auka trúverðugleika og vernda orðspor bankans og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem geta átt sér stað meðal annars í tengslum við veitingu fjárfestinga- eða viðbótarpjónustu. Varnir gegn hagsmunaárekstrum hafa einnig verið styrktar meðal annars með útgáfu reglna um gjafir, umbunir og hvatgreiðslur, sem og með stefnu um orðsporsáhættu og háttsemisáhættu, reglna um aðskilnað starfssviða og reglna um eigin viðskipti starfsmanna. Þessar reglur og stefnur eru settar á samstæðugrundvelli og leggja, auk siðareglanna, grunn að vörnum Kviku gegn spillingu og mútum.

Bankinn hefur auk þess sett sér reglur og viðeigandi ferla og eftirlit vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við löggjöf um þau málefni. Kvika framkvæmir áhættumat á allri starfsemi sinni og þurfa allir viðskiptavinir bankans að fylla út viðeigandi áreiðanleikakönnun fyrir stofnun samningssambands. Við reglubundið færslueftirlit notast Kvika við kerfið Lucinity sem nýtir nútímatækni og gervigreind til þess að koma auga á grunsamlega háttsemi.

Á árinu fór Kvika í gegnum úttekt og hlaut vottun af hálfu BSI, að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggis staðlinum ISO 27001. Þá er í gildi vottun samkvæmt IST 085:2012 jafnlaunastaðlinum, sem bankinn hlaut á árinu 2020.

Ein af þremur undirnefndum stjórnar Kviku er endurskoðunarnefnd, en henni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn, meðal annars við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga bankans og óháði endurskoðenda. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, auk innri og ytri endurskoðunar. Í júní mánuði 2021 samþykkti stjórn upp færðar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd Kviku.

Ytri endurskoðendur eru kjörnir á aðalfundi og eru það Deloitte ehf., en þeir hafa sinnt því starfi frá árinu 2016. Þeir munu einnig framkvæma staðfestingarvinnu, til að veita álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) á ófjárhagslegri upplýsingagjöf í sjálfbæriskýrslu Kviku fyrir árið 2021. Í því felst að gefa álit á völdum upplýsingum og mælikvörðum (UFS/GRI) sem koma fyrir í skýrslunni og lýsa þróun á þeim mállefnum sem hafa verið valin í mikilvægismati Kviku, af nefnd Kviku um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni.

Megináhættur tengdar ófjárhagslegum þáttum og stjórnun þeirra

Rekstraráhætta og sjálfbærniáhætta

Rekstraráhætta er sú áhætta sem má rekja til hættu á fjárhagslegu tjóni vegna óviðunandi innri ferla, kerfa og mannlegra mistaka eða vegna utanaðkomandi atvika. Slík áhætta getur varðað félagslega þætti eða stjórnarhætti, s.s. skort á vörnum fyrir netárásir og gagnavernd eða óviðeigandi greiðslur til stjórnenda.

Kvika hefur sett sér áhættustefnu, og reglur um áhættustýringu, sem og verklagsreglur um stýringu rekstraráhættu til að halda utan um og stýra henni. Rekstrarnefnd leggur reglulega fyrir framkvæmdastjórn tillögur að umbóta- og/eða úrbótaverkefnum til að minnka rekstraráhættu Kviku og fylgja eftir úrbótaverkefnum. Áhættustýring í samvinnu við rekstrarnefnd sér um söfnun, flokkun og skjölun rekstrarfrávika ásamt mati á alvarleika og mögulegu fjárhagslegu tapi. Kvika leggur áherslu á að lýkilferlar vegna rekstraráhættu séu skráðir og endurskoðaðir reglulega.

Undir rekstraráhættu fellur nú svokölluð sjálfbærniáhætta en með henni er átt við þá áhættu að verða á beinan eða óbeinan hátt fyrir neikvæðum áhrifum frá þáttum tengdum umhverfis- og loftslagsmálum, félagslegum mállefnum eða stjórnarháttum. Út frá leiðbeiningum TCFD (e. Task Force on Climate-related Financial Disclosures) er sjálfbærniáhættan skoðuð í samhengi við stjórnarhætti, stefnumótun, áhættustýringu, mælingar og viðmið.

Loftslagsáhætta, ásamt félagslegum þáttum og stjórnarháttum, mynda saman umgjörð eftirlits áhættustýringar með málaflokknum. Loftslagsáhætta má skipta í tvo meginflokk, annars vegar raunlæga áhættu (e. physical risk) sem stafar beint af loftslagsbreytingum og hins vegar umbreytingaráhættu (e. transition risk), sem snerta aðgerðir til að mæta þessari áhættu.

Unnið er að því að efla enn frekar viðbrögð Kviku við sjálfbærniáhættu og koma þeim þáttum betur inn í áhættustýringu og ferla tengda áhættustýringu í samræmi við leiðbeiningar TCFD. Áhættustýring upplýsir stjórn Kviku um áhættu tengda loftslagsbreytingum í árlegri ICAAP skýrslu bankans og þá eru loftslagstengd málefni hluti af reglulegri dagskrá stjórnar.

Áhættunefnd er ein af þremur undirnefndum stjórnar. Hlutverk áhættunefndar er að sinna ráðgjöf og eftirliti fyrir hönd stjórnar bankans og voru upp færðar starfsreglur samþykktar í maí 2021. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, stýringu útlánaáhættu, markaðsáhættu, greiðsluhæfisáhættu, rekstraráhættu, orðsporsáhættu og annarri áhættu eftir því sem tilefni er til.

Ófjárhagslegir lykilmælikvarðar og árangur af stefnu

Umhverfismál

Kvika er viðskiptabanki sem leggur áherslu á og er leiðandi í fjártæknilausnum og hefur þar sjálfbærni meðal annars að leiðarljósi. Sem dæmi um árangur af sjálfvirknivæðingu ferla og þjónustu var Kvika, í gegnum vörumerki sitt Lykil, fyrsta félagið á Íslandi til að þinglýsa veðskuldabréfum rafrænt. Þjónustan hefur í för með sér ýmsan samfélagslegan og umhverfislegan ávinning t.d. sparnað í pappír, samgöngum og tíma.

Aðrar tæknilausnir Kviku, svo sem hjá vörumerkinu Auði og dótturfélögunum Netgíró og Aur, hafa verið byggðar upp frá upphafi með stafrænni tækni og án þess að stafrækja útibú og því kolefnisspori sem því fylgir. Þá hefur TM einnig verið leiðandi í stafrænum lausnum og býður meðal annars upp á tjónaafgreiðslu sem er að fullu rafræn.

Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

Taflan hér að neðan sýnir losun gróðurhúsalofttegunda á árinu 2021 og losunarkræfni starfsmanna.

Losun gróðurhúsalofttegunda	
Umfang 1 og 2 (tonn CO2 ígilda)	52,2 tCO2í
Umfang 3 (tonn CO2 ígilda)	160,1 tCO2í
Losunarkræfni starfsmanna	671,5 kgCO2/stöðugildi

Nánari upplýsingar um viðeigandi UFS og GRI vísa sem tengjast umhverfismálum má finna á blaðsíðu 19 og blaðsíðum 22-23 í sjálfbærnisráskýrslu Kviku fyrir árið 2021.

Félagsmál

Eftir samruna Kviku við TM og Lykil, ásamt kaupum á Netgíró og Aur, hefur Kvika aukið enn frekar samfélagslegan stuðning sinn og fjölgað styrkveitingum. Heildarupphæð styrkja á árinu 2021 hjá samstæðunni var kr. 87.168.268. Einnig endurnýjaði Kvika samstarf sitt við UNICEF á Íslandi á árinu, en samtökin meta samstarfið við bankann sem eitt farsælasta fyrirtækjasamstarf samtakanna.

Á hverju ári er gerð viðhorfskönnun á meðal starfsfólks samstæðunnar þar sem kannað er m.a. helgun, starfsánægja, streita, jafnrétti, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, einelti og áreitni. Í kjölfar slíkra kannana er rýnt í niðurstöður og sett upp aðgerðaáætlun eins og við á hverju sinni. Var slík könnun lögð fyrir starfsfólk í lok árs 2021. Á meðal niðurstaða úr könnuninni var að ánægja í starfi mældist 4,38 að meðaltali, af 5 mögulegum, og helgun starfsmanna 4,05.

Starfsmannavelta starfsfólks í fullu starfi hjá samstæðunni á árinu 2021 nam 11,5% og tengist hún að einhverju leyti skipulagsbreytingum innan samstæðunnar vegna samruna Kviku, TM og Lykils á árinu 2021. Hlutfall kvenna í fyrirtækinu er 47% og hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda er 36%.

Í desember 2021 var öllu starfsfólki boðið upp á þátttöku í nýju kaupréttarkerfi sem samþykkt var af stjórn Kviku þann 10. nóvember 2021 og af skattayfirvöldum þann 9. desember 2021.

Nánari upplýsingar um viðeigandi UFS og GRI vísa um félagsmál Kviku má finna á blaðsíðum 11-13 og blaðsíðu 23 í sjálfbærnisráskýrslu Kviku fyrir árið 2021.

Stjórnarhættir

Kviku ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið hagar stjórnarháttum sínum í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út árið 2004 af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, sem voru síðast uppfærðar í júlí 2021 (6. útgáfa).

Nánari upplýsingar um viðeigandi UFS og GRI vísa um stjórnarhætti má finna á blaðsíðum 20-21 og blaðsíðu 24 í sjálfbærnisráskýrslu Kviku fyrir árið 2021. Einnig í árlegri stjórnarháttayfirlýsingu sem birt er í ársreikningi og á heimasíðu Kviku.